






**Frábær jólatilboð**

Með Fréttablaðinu í dag fylgir spennandi tilboðsbæklingur með frábærum hugmyndum fyrir jólapakkann.

vodafone



# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

9. desember 2009 — 291. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**MIÐVIKUDAGUR**



**Jólasveinn í Bretlandi**

Felix Bergsson hræðir bresk börn með Grýlu.

FÓLK 34

**Fíladelfía fer með rangt mál**

Friðrik Ómar stendur við stóru orðin.

FÓLK 46



**Saga íslenska sönglagsins**

Sigurður Bragason gefur út disk sem spannar 100 ára sögu.

TÍMAMÓT 26



**Bayern áfram**

Bayern vann glæsilegan útisigur á Juventus í Meistaradeildinni í gær og komst áfram í sextán liða úrslit.

ÍÞRÓTTIR 42

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Blautt syðra** Í dag verða austan 8-13 m/s, hvassast syðst. Víða rigning eða skúrir, en úrkomulítið og bjart norðanlands. Bætir í úrkomuna syðra síðdegis. Hiti víðast 2-8 stig.

VEÐUR 4


# Gjaldeyrissvikin svipuð og verðmæti þorskútflutnings

**Fjárhæðir gjaldeyrissvika sem Seðlabankinn er nú þegar með til athugunar jafngilda 93,3 prósentum af útfluttum þorski frá landinu fyrstu níu mánuði þessa árs. Veikir krónuna verulega, segir prófessor.**

**VIÐSKIPTI** Heildarfjárhæð viðskipta sem Seðlabankinn hefur til athugunar vegna brota á gjaldeyrisreglum er litlu lægri en verðmæti alls þorskútflutnings frá landinu fyrstu níu mánuði þessa árs.

Heildarupphæð viðskipta sem Seðlabankinn hefur til athugunar vegna brota nemur rúmum 57,5 milljörðum króna. Meint brot voru framin á rúmlega tíu mánaða tímabili frá 28. nóvember 2008 til 1. október 2009. Að auki bíða um 100 mál skoðunar og munu fjárhæðir því hækka umtalsvert þegar fram líða stundir, að því er fram kemur í svari Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

Til samanburðar má nefna að samkvæmt vef Hagstofu Íslands nam verðmæti á útfluttum þorski frá Íslandi á níu mánaða tímabilinu frá 1. janúar til 1. október á þessu ári 61,6 milljörðum króna.

Fjárhæðir þeirra mála sem þegar eru til skoðunar vegna brota á gjaldeyrisreglum á tíu mánaða tímabili jafngilda því að verðmæti 93,3 prósentum af níu mánaða þorskútflutningi.

Verðmæti allra útfluttra sjávarafurða nam 172,8 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins en heildarútflutningur vöru og þjónustu var 555,4 milljarðar króna. Meint gjaldeyrissvik nema því 10,3 prósentum af heildarútflutningi vöru og þjónustu fyrstu níu mánuði ársins.

Svo umfangsmikil brot á gjaldeyrisreglum veikja gengi krónunnar verulega, að sögn Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði. Hann treystir sér ekki til að nefna hlutfallstölur í því sambandi.

Þórólfur segir að líklega sé ávinningur þeirra sem stundað hafa svikin í hæsta lagi helmingur heildarfjárhæðarinnar „og sennilega þó töluvert undir því,“ segir hann. „Það er verið að selja í leiðinni vöru og þjónustu.“

Í svari efnahagsráðherra við fyrirspurninni segir að ekki sé hægt að veita upplýsingar um hvaða starfsemi þeir lögaðilar stunda sem grunaðir eru um brot á gjaldeyrisreglunum. 134 lögaðilar áttu hlut að viðskiptum með 91,93 prósent heildarfjárhæðarinnar en 110 einstaklingar hlut að viðskiptum með 8,07 prósent af heildarfjárhæðinni. - pg / sjá síðu 10




**ERFIÐ UMRÆÐA** Fulltrúi Haítí á loftslagsráðstefnunni hvílir sig áður en annar dagur hennar hefst. Samkomulagsdrögin sem lekið var til The Guardian hafa hleypt illu blóði í suma gesti og útlit er fyrir að viðræðurnar verði enn strembnari fyrir vikið. NORDICPHOTOS/AFP

Ný gögn sýna að klíka ríkra þjóða vill þrengja að þróunarlöndum:

# Leki skekur loftslagsráðstefnuna

**KAUPMANNAHÖFN** Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn er í uppnámi eftir að drögum að samkomulagi um samdrátt í losun koltvísýrings var lekið til breska blaðsins The Guardian í gær. Fulltrúar þróunarríkja brugðust ævareiðir við því sem fram kom í drögunum, sem kölluð hafa verið „Danski textinn“.

Í drögunum er gert ráð fyrir að heimsins ríkustu þjóðir fái aukin völd þegar kemur að stefnumótun í loftslagsmálum og að dregið verði úr völdum Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur verði ríkari þjóðum heimsins heimilað að losa mun meira af koltvísýringi út í andrúmsloftið miðað við höfðatölu en fátækum ríkjum árið 2050, eða 2,67 tonnum á móti 1,44.

Drögin leynilegu voru smíðuð af félagsskap sem kallaður er „Skuldbindingarklíkan“ (e. The circle of commitment), og er sagður innihalda fulltrúa Bretlands, Bandaríkjanna og Danmerkur, auk annarra. Þau höfðu einungis verið kynnt fulltrúm örfárra þjóða síðan lokið var við þau í vikunni.

Talið er að þeir sem stóðu að drögunum hafi ætlað að reyna að afla þeim fylgis næstu daga, og reyna síðan að ná sínu fram þegar leiðtogar stærstu ríkjanna mæta til leiks eftir helgi. - sh

Geymsluhús gereyðilögðust:

# Engar skepnur sakaði í bruna

**BRUNI** Tvær geymslur á bænum Neðritungu í Örlygshöfn við Patrekshöfn gereyðilögðust í eldi í gærkvöldi. Eldurinn kom upp klukkan hálf sjö og hafði verið slökktur á tíunda tímanum. Hátt á fimmta tug lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmanna hjálpaði til við slökkvistarfið.

Rúnar Árnason, bóndi á bænum, segist hafa verið á næsta bæ þegar hann fékk símtal um að eldur væri kominn upp. „Manni brá náttúrlega,“ segir hann. Hann hljóp þegar til, en nágranni hafði þá gert lögreglu viðvart.

Í húsunum voru um þrjátíu kindur og tuttugu til þrjátíu kálfar á öllum aldri, að sögn Rúnars. Vel tókst að koma þeim út. „Það er búið að koma þeim öllum í hús á næsta bæ,“ segir Rúnar. Ekki er vitað hvernig eldurinn kom upp og Rúnar var í gærkvöldi ekki farinn að leggja mat á tjónið eða hversu vel hann væri tryggður. - sh


**EINFALT** að skila og skipta!

Yfir 50.000 vöruliðir í úrvali allt árið

Skilamiði

Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.

Skilafrestur bóka 11. jan. 2010

HAGKAUP Ein ferð betra verð

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

Kafbátur mánaðarins • desember

6 tommu bátur 379 krónur

Túnfiskbátur

SUBWAY

Bellissimo



Cow & Gate

BÓNUS

GÓÐ NÆRING, FYRIR HRESSA KRAKKA!

## SPURNING DAGSINS




*Gunnar, er holdið þá ekkert veikt?*

„Holdið er alltaf í upplyftingu.“

Séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur í Digraneskirkju, stundar lyftingar af miklum móð.

Karlmaður á fimmtugsaldri lést við sportköfun í Hvalfirði:

# Lést við köfun í Hvammsvík

**SLYS** Karlmaður á fimmtugsaldri lést við sportköfun á milli Hvammsvíkur og Hvítaness í Hvalfirði síðdegis í gær.

Kafarinn varð viðskila við félaga sinn, sem hafði síðan snarlega samband við lögreglu þegar hann sá manninn hreyfingarlausan í flæðarmálinu. Tilkynningin barst um klukkan þrjú.

Lögregla hafði mikinn viðbúnað og voru kallaðir til kafarar og björgunarsveitir, auk þess sem þyrla Landhelgisgæslunnar fór á staðinn.

Maðurinn var þegar úrskurðaður látinn og flutti þyrlan hann til Reykjavíkur.

Tildrög slyssins eru ókunn og fer Mosfellsdeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með rannsókn málsins.

Ekki er unnt að greina frá nafni mannsins að svo stöddu. Svæðið þar sem mennirnir voru við köfun er vinsælt hjá sportköfurum. **- sh**




Stofna fjárfestingarfélag:

## Vilja taka þátt í endurreisninni

**VIÐSKIPTI Sextán lífeyrissjóðir innan vébanda Landssamtaka lífeyrissjóða stofnuðu í gær Framtakssjóð Íslands, „fjárfestingarfélag sem ætlað er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins,“ að því er segir í tilkynningu.**

**Í tilkynningunni segir að stofnendur sjóðsins ráði yfir um 64 prósentum af heildareignum lífeyrissjóða á Íslandi og hafi skuldbundið sig til að leggja fjárfestingarsjóðnum til þrjátíu milljarða króna í hlutafé. Enn er opið fyrir skráningu hlutafjár í sjóðnum.** **- sh**

Hælisleitendur í ESB:

## Langflestum er synjað um hæli

**BRUSSEL, AP Evrópusambandið hafnaði umsóknum 204 þúsund hælisleitenda á árinu 2008. Sama ár fengu 76 þúsund manns hæli í aðildarríkjum sambandsins.**

**Flestir þeirra fengu hæli í Frakklandi, eða 11.470 manns, en næst koma Þýskaland, Bretland, Ítalía og Svíþjóð. Fæstir fengu hins vegar hæli á Grikklandi, rétt um eitt prósent þeirra 30.915 sem sóttu um þar.**

**Flestir hælisleitandanna komu frá Írak, og fengu 16 þúsund þeirra hæli í aðildarríkjum sambandsins á árinu 2008.** **- gb**

Launaþróun í landinu:

## Laun verkafólks hækka mest

**VINNUMARKAÐUR** Laun voru að meðaltali 0,7 prósentum hærri á þriðja fjórðungi ársins, en hjá verkafólki hækkuðu þau um 1,6 prósent og hækkar sú starfsstétt mest. Á sama tímabili hækkuðu laun stjórnenda um 0,1 prósent.

Sé litið lengra aftur til ársins 2008 hafa laun verkafólks hækkað um 4,3 prósent en laun stjórnenda lækkað um 4,1 prósent. Í atvinnugreinum í heild sinni hækkuðu laun um 1,9 prósent fyrir störf við samgöngur og flutninga á þriðja fjórðungi ársins, en lækkuðu um 0,4 prósent í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Hagstofan greinir frá þessu. **- kóþ**

### BANDARÍKIN

**Nýjar efnahagsaðgerðir**

Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær nýjar aðgerðir sem ætlað er að örva efnahagslífið í Bandaríkjunum. Í þeim er lögð áhersla á að hjálpa litlum fyrirtækjum til að reyna að ná niður atvinnuleysi, sem nú er um tíu prósent.

# Fríhöfnin í Keflavík í klóm spillingarafla

**Í nýju afmælisriti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvell segir að pólitískur geðþótti hafi lengi ráðið hverjir fengju þar starf. Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur hafi ráðið þar mestu eftir því hvor flokkur átti utanríkisráðherrastólinn.**

**STJÓRNSÝSLA** „Lengi vel var það alþekkt að allir sem fengu vinnu í Fríhöfninni voru tengdir ákveðnum pólitískum flokkum, annaðhvort beint eða í gegnum fjölskyldumeðlimi,“ segir í fimmtíu ára afmælisriti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Fríhöfnin varð fimmtíu ára í fyrra en afmælisritið er fyrst að koma út núna. Í blaðinu er gripið niður í sögu fyrirtækisins. Ein greinin ber yfirskriftina Pólitískar ráðningar og hefst á tilvitnuðu orðunum hér að framan.

„Lengi framan af voru það tengingar í gegnum Alþýðuflokkinn og síðan réði Framsóknarflokkurinn ráðningum en það fór eftir því í hvaða flokki utanríkisráðherra var hverju sinni,“ segir í afmælisritinu um það hvað þurfti til að fá starf í Fríhöfninni.

Mikið af starfsfólkinu er sagt hafi verið ráðið í sumarafleysingar, gjarnan nemar í Háskólanum. Vitnað er til samtals við starfsmann sem hafði starfað í nokkra mánuði þegar hann fékk heimsókn eitt kvöldið. Þar hafi verið mættur „virðingarverður maður“ að rukka félagsgjald í Félag ungra jafnaðarmanna í Keflavík. Starfsmaðurinn hafi neitað að borga. „Var hann þá spurður hvort hann væri ekki með vinnu í fríhöfninni og sagði síðan „þar eiga bara alþýðuflokksmenn að vinna,“ segir í Fríhafnarblaðinu.

Annars staðar í afmælisblaðinu er fjallað um þjóðþekkta starfsmenn sem verið hafa hjá Fríhöfninni. Sértaklega er rætt við Sighvat Björgvinsson, fyrrverandi ráðherra og starfsmann í Fríhöfninni í tvö sumur. Segir að Sighvati hafi líkað starfið vel.

„Unnið var á vöktum, en mikið var af aukavinnu og því höfðu menn góðar tekjur. Var starfið því algjört draumastarf hvað laun varðar fyrir ungan skólastrák,“ segir í blaðinu og bætt er við að stundum hafi verið svo mikið að gera hjá Sighvati að hann hafi fengi að gista í fjölbýlishúsi Fríhafnarinnar í stað þess að fara til Reykjavíkur þar sem hann bjó.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar og ritstjóri afmælisblaðsins, segir í leiðara þess að ýmislegt hafi gengið á í pólískum afskiptum og sum mál verið bæði leiðinleg og erfið fyrir starfsfólkið. Með gleraugum nútímans væri auðvelt að dæma fortíðina. „En við gleymum að nú lifum við á tímum hins upplýsta samfélags þar sem slæmar venjur og vondir siðir þrífast ekki en voru hér áður samþykktir með þögninni.“ **gar@frettabladid.is**




**PÓLITÍSK AFSKIPTI** Eftirsótt var að komast til starfa í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli og úthlutuðu spilltir stjórnmálamenn stöðum þar á hverjum tíma. MYNDIR/AFMÆLISRIT FRÍHAFNARINNAR 1959-2009.



**GRÍSIR ÞRÍR** Líkur eru sagðar á að svínarækt eflist með heimild til innflutnings á frystu sæði beint á bú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lög um innflutning dýra:

## Heimila á innflutning sæðis

**LANDBÚNAÐUR** Heimild til innflutnings á djúpfrystu svínasæði verður til þess að efla, styrkja og auka svínarækt í landinu. Þetta kemur fram í áliti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis vegna frumvarps um breytingu á lögum um innflutning dýra.

Frumvarpið er sagt byggt á vinnu nefndar sem ráðherra skipaði, en í henni áttu sæti Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Vilhjálmur Svansson dýralæknir og Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. **- óká**

Ólögmæt uppsögn:

## Fær greiddar milljóna bætur

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt Stykkishólmsbæ til að greiða fyrrverandi forstöðumanni Dvalarheimilis aldraðra 5,8 milljónir króna í bætur vegna ólögmætrar uppsagnar, að því er fram kemur á vef Skessuhorns.**

**Bæjarstjóri Stykkishólms tilkynnti Landlæknisembættinu árið 2008 að grunur léki á að maðurinn misnotaði lyf og hefði tekið lyf frá dvalarheimilinu. Í dóminum segir að ávirðingarnar hafi ekki verið kannaðar nægilega, auk þess sem maðurinn hafi ekki fengið að tjá sig um þær fyrir uppsögnina.** **- bj**




Hæstiréttur staðfestir varðhald yfir Catalinu og samstarfskonu hennar:

# Vændiskona lýsti bágum aðstæðum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir Catalinu Mikue Ncogo og samstarfskonu hennar. Þær sitja í gæsluvarðhaldi og einangrun til föstudagsins næstkomandi.

Í greinargerð lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að lögregla hafi að undanförnu rannsakað ætlað mansal og milligöngu um vændi, upphaflega á grundvelli ítrekaðra upplýsinga um að Catalina og samstarfskona hennar flytji stúlkur til landsins, geri þær út til vændis og taki hluta hagnaðarins af þeim. Í október hafi lögreglu ítrekað borist nafnlausar ábendingar um að nokkrar konur stunduðu vændi á heimili Catalinu. Þá hafi lögreglu borist upplýsingar um komu nokkurra kvenna til landsins, sem bendi til að þær séu hingað komnar til að stunda vændi á vegum samstarfskonunnar. Sérstakt húsnæði hafi verið tekið á leigu undir starfsemina. Lögregla hafi fyrir nokkru tekið skýrslu af konu, sem komið hafi hingað til lands til að stunda vændi á vegum samstarfskonu Catalinu og hafi hún lýst bágum aðstæðum.

Þá kemur fram að Catalina hafi frá því í október tekið virkan þátt í þeim brotum, sem til rannsóknar eru, meðal annars með því að koma að skipulagningu vændisstarfseminnar, hafa milligöngu um hana og hafa viðurværi sitt af vændi annarra.

**- jss**



**CATALINA** Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald og einangrun.

# Allt fyrir jólin!

**VÖNDUÐ TRÉPÚSL Á FRÁBÆRU VERÐI!**

TRÉPÚSL VERÐ FRÁ: **499,-**

**Trépúsl**
Mikið úrval af vönduðum trépúslum fyrir yngstu kynslóðina. Frábært verð!

LITABÓK **299,-**

**Litabók**
Litabók með 112 bls.

**GÓÐAR HUGMYNDIR FYRIR JÓLASVEINANA!**

KISUSTYTTA 1 STK. **299,-**

**Kviksjá**
Snúðu kviksjánni og sjáðu öll skemmtilegu mynstrin!

KVIKSJÁ **299,-**

1 STK. **299,-**

**Jólastyttur**
Skemmtilegar jólastyttur sem hægt er að hengja upp. Hæð: 8 sm.

**DISNEY könnur**
Fást í nokkrum mismunandi gerðum.

KANNA 1 STK. **499,-**

**GÓÐ KAUP**

**THERMO LUX sæng og koddi**
Sæng fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeðhöndluðum holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddi er 50 x 70 sm. Má þvo á 90°C.

**SÆNG OG KODDI SAMAN Í PAKKA!**

SÆNG + KODDI **4.990,-**

6 STK. Í PAKKA **99,-**

**Jólapappír, pakkabönd og merkimiðar**
Mikið úrval af fallegum jólapappír. Einnig pakkabönd og merkimiðar. Frábært verð!

**GÓÐ KAUP**

1 RÚLLA 70 X 200 SM. **179,-**

5 RÚLLUR Í PAKKA **289,-**

10 STK. **399,-**

**Jólakort**
Falleg jólakort með íslenskum texta. 7 mismunandi pakkar fáanlegir. 2 mynstur í pakka. Stærð: 10 x 15 sm.

**GÓÐAR JÓLASERÍUR Á FRÁBÆRU VERÐI!**

**GÓÐ KAUP**

96L LIGHT CHAIN WITH TRANSFORMER
96L LYSKADE MED TRANSFORMER

ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ: **1.390,-**

**Inni- og útijólaseríur**
Mikið úrval af flottum jólaseríum! Mismunandi stærðir og margir litir. Frábært verð!
**Inniseríur**: 20 ljósa **299,-** 50 ljósa **690,-** 100 ljósa **1.490,-** **Útiseríur**: 40 ljósa **1.390,-** 96 ljósa **2.990,-** 200 ljósa **3.990,-** 320 ljósa **6.990,-**

INNISERÍUR VERÐ FRÁ: **299,-**

**Baðsalt**
Ilmandi gott baðsalt! Hægt að velja milli snjókarls, jólasveins eða elgs.

1 STK. **990,-**

**LIVERPOOL og MANCHESTER UNITED sængurverasett**
Flott sængurverasett fyrir knattspyrnuaðdáendur. Efni: 100% bómull. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

SÆNGURVERASETT **4.990,-**

KAPPI 45 SM. PR. MTR. **595,-**

**SANTA CLAUS kappar**
Einstaklega skemmtilegir, rauðir blúndukappar með jólatré og engli. Kappi breidd 45 sm. verð pr. mtr. **595,-**
Kappi breidd 60 sm. verð pr. mtr. **695,-**

1 STK. **990,-**

**Jólahandklæði**
Falleg jólahandklæði með útsaumi. Stærð: 50 x 70 sm. 3 gerðir fáanlegar.

**KRONBORG LUX handklæði**
Þykk og vönduð handklæði. Þvottastykki 30 x 30 sm. **129,-** Lítið handklæði 40 x 60 sm. **349,-** Gestahandklæði 50 x 100 sm. **690,-** Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.290,-** Stórt handklæði 100 x 150 sm. **1.690,-**

STÆRÐ: 40 X 60 SM. **349,-**

**GÓÐ KAUP**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 08.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,31 | 123,89 |
| Sterlingspund | 201,49 | 202,47 |
| Evra | 182,99 | 184,01 |
| Dönsk króna | 24,587 | 24,731 |
| Norsk króna | 21,570 | 21,698 |
| Sænsk króna | 17,492 | 17,594 |
| Japanskt jen | 1,3901 | 1,3983 |
| SDR | 196,65 | 197,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,4324

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brennuvargarnir voru nemendur í Fellaskóla en ekki Waldorfskóla:

# Brutust inn með klaufjárni

**LÖGREGLUMÁL** Piltarnir þrír sem kveiktu í skólastofu í Waldorfskóla brutust inn í hann með klaufjárni.

Missagt var í Fréttablaðinu í gær að þeir hefðu verið nemendur í Waldorfskóla. Hið rétta er að þeir hafa verið nemendur í Fellaskóla. Í þeim skóla gerðu þeir ráðstafanir til þess að komast inn eftir að allir voru farnir heim, með því að troða bréfi í dyralæsingu. Þeim tókst ekki að kveikja í skólahúsnæðinu, þrátt fyrir nokkrar tilraunir, þar sem öryggisvörður varð eldsins var áður en hann náði að breiðast út.

Síðan héldu þeir í Waldorfskólann, eftir að hafa útvegað sér bensín hjá kunningja í millitíðinni. Þar brutust þeir inn og tókst að kveikja í. Það gerðu þeir með því að hlaða köst úr auðbrennanlegu efni, svo sem pappír, á gólf kennslustofu. Síðan báru þeir eld að.

Kennsla var með hefðbundnum hætti í Waldorfskóla í gær.

Þá er rétt að fram komi að upplýsingar um piltana í Fréttablaðinu í gær voru ekki komnar frá Snorra Traustasyni, kennara í Waldorfskóla, heldur einungis það sem sneri að íkveikjunni sjálfri og skemmdum af völdum hennar.

Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu. - jss



**WALDORFSKÓLI** Kennsla í skólanum var með hefðbundnum hætti í gær, þrátt fyrir skemmdir eins og sjá má á myndinni.

Kona á þrítugsaldri:

# Níu mánuðir fyrir dópakstur

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í níu mánaða fangelsi og til ævilangrar sviptingar ökuréttar fyrir fíkniefnaakstur, auk skilorðsrofs.

Konan var í tvígang á stuttu tímabili staðin að því að aka bifreið, þótt hún væri ófær um að stjórna henni vegna fíkniefnaneyslu.

Konan játaði brot sín skýlaust fyrir dómi. Hún á að baki langan sakaferil vegna umferðarlagabrota, fíkniefna- og ölvunaraksturs, auk þjófnaða og nytjastulda.

Með þeim brotum sem konan var nú sakfelld fyrir rauf hún skilorð reynslulausnar. - jss

Úrskurður um Jólaþorp:

# Hafnfirðingar skoða framhald

**SVEITARSTJÓRNIR Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir nú skoðað hvort leitað verði eftir því að fá hnekkt ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að bærinn fá ekki umbeðinn einkarétt á vörumerkinu Jólaþorpi.**

**Lúðvík segir málið snúast um réttarstöðu bæjarins gagnvart því að hafa búið til Jólaþorpsverkefnið. „Auðvitað vilja menn verja sína hagsmuni og við munum skoða það hvaða heimildir eru til staðar. Það er náttúrlega túlkunaratriði hvað er almennt og hvað ekki. Annars hefur þessi umræða og umfjöllun fjölmiðla orðið til þess að vekja enn betur en áður athygli á þessu frábæra framtaki hérna í bænum. Þannig að við erum auðvitað hæstánægð með það.“** - gar



LÚÐVÍK GEIRSSON

Meint peningaþvætti:

# RLS vill rannsókn á eigin frammistöðu

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur farið fram á að embætti Ríkissaksóknara rannsaki hvort lög hafi verið brotin þegar meint peningaþvætti í Landsbankanum árið 2006 var ekki rannsakað.

Í fréttum DV af málinu sagði að Jón Gerald Sullenberger hefði boðið Landsbankanum skuldabréf upp á þrjátíu milljarða frá Venesúela í fjárstýringu eða til kaups. Segir í tilkynningu frá Ríkislögreglustjóra að ákveðið hafi verið að kalla eftir rannsókn Ríkissaksóknara vegna ásakana DV um að málið hafi ekki verið rannsakað á eðlilegan hátt. - sh

# Icesave naumlega afgreitt til fjárlaganefndar að nýju

**Alþingi vísaði Icesave til þriðju umræðu með 32 atkvæðum gegn 29. Ögmundur Jónasson og Lilja Mósesdóttir greiddu atkvæði gegn ríkisábyrgð. Aðrir stjórnarþingmenn studdu málið, auk Þráins Bertelssonar.**

**ALÞINGI** Icesave-frumvarpi ríkisstjórnarinnar var vísað til þriðju og síðustu umræðu á Alþingi í gær gegn atkvæðum þriggja þingmanna VG en með stuðningi Þráins Bertelssonar, óháðs þingmanns.

Samkomulag var um að ljúka annarri umræðu á stuttum fundi, sem hófst á hádegi. Þar töluðu einungis formenn stjórnmálaflokkanna.

Við atkvæðagreiðslu í framhaldi af þeirri umræðu greiddu Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson, þingmenn VG, atkvæði gegn 1. grein frumvarpsins, þar sem kveðið er á um ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

Aðrir þingmenn VG og Samfylkingarinnar studdu málið, þar á meðal Ásmundur Einar Daðason, VG. 1. greinin var samþykkt með 32 atkvæðum gegn 29. Tveir þingmenn voru fjarverandi, Helgi Hjörvar, Samfylkingu, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki.

Gildistökuákvæði 5. greinar frumvarpsins var hins vegar aðeins samþykkt með einu atkvæði; 31 þingmaður greiddi því atkvæði, þar á meðal Þráinn Bertelsson, en 30 voru á móti, þeirra á meðal Ögmundur, Lilja og Ásmundur Einar.

Við atkvæðaskýringu um 1. grein hafði Ásmundur Einar sagt að þótt hann greiddi atkvæði með því að málið fengi að ganga til þriðju umræðu mundi hann ekki taka efnislega afstöðu fyrr en við lokaatkvæðagreiðslu um málið.

Lilja, Ögmundur og Ásmundur Einar sátu svo hjá þegar greidd voru atkvæði um önnur ákvæði frumvarpsins og voru þau samþykkt með 31 atkvæði gegn 27. Þráinn Bertelsson fylgdi stjórnarmeirihlutanum að málum við allar atkvæðagreiðslurnar.

Arndís Sigurðsdóttir, sem tók sæti á mánudag sem varamaður Atla Gíslasonar, VG, greiddi öllu frumvarpinu atkvæði. Það gerði einnig Ólafur Gunnarsson, varaþingmaður Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, þingflokksformanns VG.

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar greiddu atkvæði gegn öllum greinum frumvarpsins.

Icesave-frumvarpið er þar með komið á ný til meðferðar fjárlaganefndar. Fyrir liggur samkomulag stjórnar og stjórnarandstöðu um meðferð málsins í fjárlaganefnd. Að lokinni umfjöllun nefndarinnar kemur málið til þriðju og síðustu umræðu í þinginu.

peturg@frettabladid.is



**NEI** Ögmundur Jónasson sagðist bæði ósáttur við niðurstöðuna í Icesave-málinu og það hvernig niðurstaðan hefði verið fengin. Því greiddi hann atkvæði gegn ríkisábyrgð. Það gerði einnig Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG. Ásmundur Einar Daðason, flokksbróðir þeirra, sagði já en var hins vegar á móti ákvæði um að frumvarpið öðlaðist strax gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ORÐRÉTT

**Já:**

- *Þráinn Bertelsson, Óh.:* Það er kominn tími til að hefja slökkvistarfið. Það er kominn tími til að slá skjaldborg um fjölskylduna okkar, fólkið í landinu.
- *Valgerður Bjarnadóttir, S:* Þetta verða þungar byrðar en við munum geta borið þær.
- *Björn Valur Gíslason, V:* Góð lausn á vondu og ósanngjörnu máli sem þjóð og þing stjórnvöld fengu í hausinn frá fyrri stjórnvöldum og þar ber Sjálfstæðisflokkurinn höfuðábyrgð.

**Nei:**

- *Höskuldur Þórhallsson, B:* Við munum halda áfram að berjast í þessu máli alveg þar til yfir lýkur.
- *Einar K. Guðfinnsson, D:* Þessi samningur er afleitur og ríkisábyrgðin er óverjandi.
- *Ögmundur Jónasson, V:* Ég hef alla tíð verið ósáttur við að ríkisstjórnin tengdi líf sitt við tiltekna niðurstöðu í Icesave-samningnum. … Með atkvæði mínu gegn Icesave-samningnum mótmæli ég niðurstöðunni eins og hún liggur fyrir, svo og því hvernig hún er fengin.
- *Lilja Mósesdóttir, V:* Áhyggjur af skuldaþoli þjóðarbúsins gera að verkum að ég segi nei við ríkisábyrgð á Icesave.
- *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, B:* Það er ekki verið að ryðja úr vegi hindrun fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs heldur að festa þá hindrun í sessi.
- *Guðlaugur Þór Þórðarson, D:* Ég hvet kjósendur til að hafa samband við sína þingmenn og tryggja að þeir muni fylgja sinni sannfæringu.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**FÍNT VEÐUR NORÐANLANDS**
Næstu dagar einkennast af blautviðri einkum sunnanlands og fremur stífum vindi. Norðurlandið sleppur þó við mestu úrkomuna og þar verður yfirleitt hægur vindur. Nokkuð milt verður í veðri.




**Á MORGUN**
Sunnan 5-13 m/s.
Vaxandi SA-átt síðdegis.

**FÖSTUDAGUR**
Fremur hægur vindur en stíf suðaustanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 13° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 7° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 2° |
| París | 14° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# TENERIFE

# JÓLASÓL

# SÓLARLOTTÓ

## 20. - 27. desember 2009

**Tenerife - vika**

Verð frá:

**89.900 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 20. des 2009 Heimkoma: 27. des 2009.

Fáðu þér sól um jólin og vertu komin aftur fyrir áramótin!

**Bókaðu betur í vetur á**

**www.plusferdir.is**

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin! Alltaf ódýrasta verðið á netinu.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

## KJÖRKASSINN



*Ert þú bjartsýn(n) á útkomu loftslagsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í Kaupmannahöfn?*

| | |
|---|---|
| Já | 31,7% |
| Nei | 68,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Styrkir þú góðgerðarsamtök fyrir jólin?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Eftirlitsstofnun EFTA telur neyðarlögin standast EES-samninginn og önnur skilyrði:

# Neyðarlögin eina úrræðið

**STJÓRNMÁL** Setning neyðarlaganna 6. október á síðasta ári var eina úrræði íslenskra stjórnvalda til að sporna við algjöru hruni efnahagslífsins.

Þetta er bráðabirgðamat ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, á réttmæti neyðarlaganna gagnvart EES-samningnum og öðrum lagalegum skilyrðum.

ESA upplýsti stjórnvöld um þessa niðurstöðu á föstudag og var hún opinberuð í gær.

Hópur kröfuhafa á hendur gömlu bönkunum, Spron og Sparisjóðabankanum óskaði álits ESA á lögmæti þeirrar ráðstöfunar Alþingis að setja neyðarlögin en með þeim voru innstæður varðar og settar í forgang fram yfir aðrar hugsanlegar kröfur á fallna banka.



**NEYÐARLÖGIN KYNNT** Geir H. Haarde sagði frá áforum stjórnvalda um setningu neyðarlaga sama dag og frumvarp þar um var samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í erindi kröfuhafanna var því haldið fram að stjórnvöldum hefðu verið aðrar leiðir færar en ESA fellst ekki á þá skoðun.

Kröfuhafarnir geta gert athugasemdir við þessa bráðabirgðaniðurstöðu ESA til 15. janúar en verði niðurstaðan endanleg hafa þeir ekki möguleika á að skjóta málinu til EFTA-dómstólsins. Lyki því meðferð þess innan EES. Hins vegar er bent á í tilkynningu forsætisráðherra að íslenskur dómstóll sem fjallaði um sambærilegt mál tengt bankahruninu óskaði eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins.

**- bþs**

Fjölskylduhjálp Íslands:

# Búast við 1.200 fram að jólum

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands gerir ráð fyrir að á bilinu 1.000 til 1.200 fjölskyldur muni sækja jólaaðstoð félagsins í desember.

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálparinnar mun fara fram miðvikudagana 9. og 16. desember, og mánudaginn 21. desember frá klukkan 15 til 18 í Eskihlíð 2 til 4 í Reykjavík. Ekki þarf að sækja um jólaaðstoðina fyrirfram.

Í tilkynningu frá Fjölskylduhjálpinni kemur fram að úthlutað verði jólaaðstoð til allt að 400 fjölskyldna hvern úthlutunardag til jóla, eða til samtals 1.200 fjölskyldna.

**- bj**






# Sársaukafull hagræðing í velferðarmálum

**Starfsfólk á velferðarsviði stendur í ströngu við að skera niður útgjöld þrátt fyrir að borgaryfirvöld segi ekki dregið úr framlögum, segir borgarfulltrúi VG. Ekki hefur verið tekið tillit til verðlagsbreytinga á fjárhagsáætlun næsta árs.**

**REYKJAVÍK** Algerlega óásættanlegt er að borgarstjórnarmeirihlutinn fari í sársaukafulla hagræðingu í velferðarmálum, þvert á það sem talað hafi verið um, segir borgarfulltrúi Vinstri grænna.

„Við viljum að við þessar erfiðu aðstæður sé forgangsraðað í þágu velferðar, með áherslu á börnin," segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna í Reykjavík.

Þorleifur segir að þó að samkvæmt fjárhagsáætlun renni fleiri krónur til velferðarmála í Reykjavík á næsta ári en í ár séu bætur til einstaklinga síður en svo að hækka. Í raun þurfi að draga úr útgjöldum og hagræða í velferðarmálum.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Samkvæmt fjárhagsáætlun velferðarsviðs aukast fjárframlögin um 815 milljónir milli ára. Þorleifur segir að sú aukning fari að megninu til í að greiða fleiri einstaklingum húsaleigubætur.

Þá hafi ekki verið tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára, annað árið í röð. Eðlilegt væri að reikna verðbætur á útgjöldin þar sem verðhækkanir hafi augljóslega áhrif á útgjöld til velferðarmála. Þar sem það hafi ekki verið gert sé framlagið í raun að lækka milli ára.

„Vegna þessa verður að hagræða á velferðarsviði, og starfsfólk hefur staðið í ströngu við að skera niður útgjöldin," segir Þorleifur. „Það er búið að skera alla fitu fyrir löngu, nú er komið að sársaukafullri hagræðingu."



**FORGANGSRÖÐUN** Í erfiðum efnahagsaðstæðum verður að forgangsraða í þágu velferðar með áherslu á börnin, segir borgarfulltrúi VG. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þorleifur segir að útgjöld borgarinnar myndu aukast um 230 til 240 milljónir króna á ári ef hækka ætti hámarks fjárhagsaðstoð til einstaklinga um átján þúsund krónur á mánuði, eins og borgarfulltrúar Vinstri grænna hafa lagt til. Aðstoðin er nú að hámarki 115.567 krónur á mánuði.

Fjár fyrir þessari útgjaldaaukningu megi afla með því að hækka útsvarið í leyfilegt hámark, 13,28 prósent. Það myndi auka tekjur borgarinnar um 720 til 740 milljónir króna á ári, en hækka skattgreiðslur einstaklings með 500 þúsund krónur í mánaðartekjur um 1.250 krónur á mánuði.

Ekki náðist í Jórunni Frímannsdóttur, formann velferðarráðs Reykjavíkurborgar, við vinnslu fréttarinnar í gærkvöldi.

**brjann@frettabladid.is**






Fimm samhæfðar sprengjuárásir á stjórnarbyggingar í Bagdad:

# Al Kaída og Baath kennt um

**ÍRAK, AP** Á annað hundrað manns fórust í fimm sprengjuárásum í Bagdad í gærmorgun. Hundruð manna særðust.

Talsmaður íraska hersins segir árásirnar runnar undan rifjum Al Kaída og meðlima í Baath-flokknum, sem var stjórnarflokkur Saddams Hussein en hefur verið bannaður árum saman.

Tvær árásanna voru sjálfsvígsárásir. Allar beindust þær að byggingum stjórnvalda, þar á meðal eftirlitsstöð lögreglu. Þetta er í þriðja sinn frá því í ágúst sem uppreisnarmenn gera samhæfðar árásir á opinberar byggingar með miklu blóðbaði.

Árásirnar þykja sýna fram á veikleika í öryggismálum Íraks. Þing landsins var kallað saman til neyðarfundar og kröfðust þingmenn skýringa á því sem ábótavant þykir í öryggismálum.

Þrátt fyrir að uppreisnarmenn hafi hert árásir sínar á stjórnarbyggingar síðustu mánuði hefur dregið úr mannfalli í Írak undanfarið ár.

Þann 25 október voru gerðar svipaðar árásir í Bagdad, sem kostuðu að minnsta kosti 155 manns lífið, og í ágúst gerðu sjálfsvígsmenn árásir á tvö ráðuneyti með þeim afleiðingum að hundrað manns fórust.



**EYÐILEGGING** Bandarískir hermenn á vettvangi einnar sprengjuárásarinnar í Bagdad. NORDICPHOTOS/AFP

**- gb**

# Allt í hátíðarmatinn

EINFALDLEGA MEIRA
ÚRVAL UM JÓLIN

*í einni ferð!*


Villigæsabringur


Kengúra


Strútskjöt


Hreindýrafille


Skógardúfa


Dádýr


Reyktur hátíðarkjúklingur


Frönsk berberieönd


Lambalæri úrbeinað að hætti Jóa Fel


Einiberja hátíðarlambalæri


Franskar andabringur


Rjúpa skosk


Krónhjörtur


Kalkúnaskip smjörsprautað


Hreindýrasteik að hætti Jóa Fel


Grágæs

50 ára HAGKAUP
*fyrir Íslendinga í 50 ár*

**Gróðurljós**

Díóðu gróðurljós sem henta í plönturækt innanhúss. 90W ljós sem lýsir t.d. 16 m2 í 2 metra hæð. Mjög ódýrt í rekstri og er hentugt fyrir öll vaxtastig plöntunnar. Stærð 27 x 6 cm. Líftími ljóss allt að 50.000 klst.



Matjurtir
Krydd
Blóm
Salat
o.fl.

Verð 39.900

ENSO Faxafen 10 s: 517 3800


Þjófagengi ákært fyrir Héraðsdómi Suðurlands:

# Stálu skammbyssu og flatskjáum

**DÓMSMÁL** Sex ungmenni hafa verið ákærð fyrir fjölmörg innbrot og þjófnaði í umdæmi lögreglustjórans á Selfossi. Um er að ræða fimm unga menn og eina stúlku á aldrinum 18 til 22 ára.

Tveir mannanna eru ákærðir fyrir innbrot í Árborg í Árnesi. Þar stálu þeir varningi fyrir 660 þúsund krónur auk símakorta en verðmæti þeirra er óþekkt.

Einn mannanna og stúlkan eru ákærð fyrir að hafa í fórum sínum hluta þýfisins úr Árborg.

Einn mannanna er svo ákærður fyrir innbrot í bílskúr á Selfossi. Þar stal hann fjórum kössum af Bratz-leikfangadúkkum, fjórum kössum af hraunlömpum og ferðatösku.

Fjórir úr hópnum eru ákærðir fyrir innbrot í tvö sumarhús í Hrunamannahreppi þar sem þeir létu greipar sópa. Þeir stálu meðal annars þremur sjónvarpsflatskjáum, leikjatölvu, iPod hátalara, tveimur sængum og skammbyssu.

Loks er einn mannanna ákærður fyrir vopnalagabrot. Heima hjá sér var hann með heimatilbúna sveðju með rúmlega 60 sentimetra löngu blaði, heimatilbúinn hníf með 26 sentimetra löngu blaði og heimatilbúna gaddakylfu. - jss



**FLATSKJÁR** Mennirnir stálu þremur flatskjáum og skammbyssu úr sumarbústöðum.




FÆST Í VERSLUNUM OG STÓRMÖRKUÐUM VÍÐA UM LAND


Héraðsdómur úrskurðar í máli á hendur skilanefnd Glitnis og þrotabúi Fons:

# Vilhjálmur fær gögn um lán

**DÓMSTÓLAR** Skilanefnd Glitnis á að afhenda Vilhjálmi Bjarnasyni, lektor og fjárfesti, upplýsingar um 24 milljarða króna veðlaust lán Glitnis til fjárfestingarfélagsins Fons. Þrotabú Fons þarf hins vegar ekki að afhenda Vilhjálmi sambærileg gögn.

Vilhjálmur kveðst ætla að skoða gögnin með mögulega skaðabótaábyrgð stjórnenda í huga. Hann útilokar því ekki að höfða mál að nýju, gefi gögnin tilefni til þess. Vilhjálmur stefndi bæði skilanefnd Glitnis og þrotabúi Fons. Anna M. Karlsdóttir kvað upp úrskurð í málinu um miðjan dag í gær.

„Ég vonast til að sjá hvernig það má vera að fyrirtæki fær 24 milljarða að láni án nokkurra trygginga“ — 



**FÆR GÖGNIN** Vilhjálmur Bjarnason ætlar að skoða gögnin með mögulega skaðabótaábyrgð stjórnenda í huga.

„Bankaleynd nær ekki út yfir gröf og dauða,“ segir Guðni Ásþór Haraldsson, lögmaður Vilhjálms.

Í úrskurði Héraðsdóms segir að bankaleynd sé fyrst og fremst ætlað að vernda viðskiptahagsmuni viðskiptavinar fjármálafyrirtækis, en ekki hagsmuni fjármálafyrirtækisins. „Ljóst er að sá viðskiptavinur sem hér um ræðir er gjaldþrota og erfitt að sjá hvaða hagsmuni hann hefur af því að þeim upplýsingum sem hér er beðið um, sé haldið leyndum. Þá er að líta til þeirrar yfirlýsingar þrotabúsins að það taki enga afstöðu varðandi það hvort varnaraðilinn Glitnir banki hf. veiti sóknaraðila aðgang að gögnunum,“ segir þar.

Vilhjálmur segir dóminn vissulega marka ákveðin tímamót hvað varði túlkun á ákvæðum um bankaleynd. „Þegar viðskiptavinurinn hverfur er bankaleynd aflétt og þegar þetta er komið yfir í þrotabú þá eru gögnin nánast orðin opinber,“ segir hann og býr sig undir að fara yfir þau gögn sem skilanefndinni hefur verið gert að afhenda. „Ég vonast til að sjá hvernig það má vera að fyrirtæki fær 24 milljarða að láni án nokkurra trygginga og þá get ég kannski séð ákveðið mynstur, en það sem ég horfi í er hugsanleg skaðabótaábyrgð stjórnenda bankans vegna vanrækslu.“ - óká


fyrir Jólin












1 **Brauðrist** TT 61101
Tekur tvær venjulegar brauðsneiðar, 900 W.
**Jólaverð: 6.400 kr. stgr.**

2 **Töfrasproti** MSM 6B100
280 W. Hljóðlátur og þægilegur í notkun.
**Jólaverð: 4.100 kr. stgr.**

3 **Skaftryksuga** BBH MOVE2
Öflug, 14,4 V. Hleðslutæki, frístandandi eða fest á vegg.
**Jólaverð: 26.900 kr. stgr.**

4 **Hárblásari** PHD 1150
1200 W. Hægt að fella saman.
**Jólaverð: 4.290 kr. stgr.**

5 **Stafrænn hitamælir**
Bosotherm flex
**Jólaverð: 1.490 kr. stgr.**

SIEMENS




6 **Þvottavél** WM 12A162DN
Tekur 5 kg. 1200 sn./mín.
Orkuflokkur A.
**Jólaverð: 109.900 kr. stgr.**

7 **Uppþvottavél** SE44E232SK
Hvít, með fjórum kerfum.
**Jólaverð: 109.900 kr. stgr.**

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.
Sjáið jólatilboðin á **www.sminor.is**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA


EINN VINSÆLASTI
SÖNGLEIKUR ALLRA TÍMA
Oliver!
eftir Lionel Bart
FRUMSÝNING 26. DESEMBER
OLIVER!
3.300 kr.
FÍASÓL
1.500 kr.
LAXNESS
3.000 kr.
FRÁBÆR JÓLAGJÖF!
GJAFAKORT ÞJÓÐLEIKHÚSSINS Á EINSTÖKU
TILBOÐSVERÐI TIL JÓLA!
GJAFAKORTIN FÁST EINNIG Í BÓKABÚÐ
MÁLS OG MENNINGAR, LAUGAVEGI 18
Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Forsætisráðherra telur fjárlaganefnd ekki þurfa langan tíma til að fara yfir Icesave:

# Flest liggur fyrir og margt á island.is

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á ekki von á að neitt komi fram í nýrri meðferð fjárlaganefndar á Icesave-málinu sem breyti því að ráði eða bæti. Flestallt, ef ekki allt, liggi þegar fyrir.

Að kröfu stjórnarandstöðunnar var gert samkomulag í sextán liðum um málsmeðferðina. Kalla á eftir álitsgerðum á lagalegum og efnahagslegum atriðum, auk þess sem ræða á við Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir áfram stefnt að því að ljúka lögfestingu málsins fyrir áramót en stjórnin hafi ekki sett sér tiltekna dagsetningu. Reynt sé að tryggja að ekki hljótist skaði af þegar orðnum drætti og er Bretum og Hollendingum haldið upplýstum um gang mála.

Steingrímur telur, líkt og Jóhanna, að málið sé þaulkannað en fjárlaganefnd muni gera allt sem hún geti til að mæta óskum stjórnarandstöðunnar. „Það er rétt og skylt að mæta öllum málefnalega rökstuddum sjónarmiðum en ekki öðrum," segir hann. Mikið sé til af gögnum sem nægi til að svara mörgum af spurningum stjórnarandstöðunnar og raunar séu þau fyrirliggjandi á upplýsingavefnum island.is. **- bþs**



**AÐ LOKNUM RÍKISSTJÓRNARFUNDI** Steingrímur og Jóhanna tjáðu sig um Icesave-skilmála stjórnarandstöðunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kollvarpa lögum til að treysta bankana

**Eftirlit Fjármálaeftirlitsins verður stóraukið og margvíslegar heimildir bankanna þrengdar samkvæmt nýju frumvarpi um fjármálafyrirtæki. Lög verða sett um launabónusa og starfslokasamninga og tekið á krosseignatengslum.**

**STJÓRNMÁL** Eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME) með starfsemi banka og stórum lántakendum verður stóraukið, samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki.

Tekur frumvarpið á flestu því sem fór úrskeiðis í rekstri og umgjörð bankakerfisins á undanförnum misserum, að sögn Gylfa Magnússonar ráðherra sem kynnti frumvarpið í ríkisstjórn í gær. Má segja að mörgum veigamiklum köflum gildandi laga verði kollvarpað.



**GYLFI MAGNÚSSON**

Auk þess sem nýju lögin kveða á um strangara og umfangsmeira eftirlit FME en áður verður fjármálafyrirtækjunum sjálfum gert að breyta starfsháttum sínum og skipulagi frá því sem nú er mögulegt. Er tekið á krosseignatengslum, möguleikum fyrirtækja á að eiga hluti í sjálfum sér og nánast lagt bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum. Þá verður FME gert að þrengja reglur um hvernig bankar geta lánað með veði í hlutabréfum eða skuldabréfum útgefnum af öðrum fjármálafyrirtækjum. Einnig verða settar þröngar skorður við lánveitingum til stjórnarmanna og lykilstarfsmanna og er FME falið víðtækt hlutverk við eftirlit með slíkum viðskiptum.

Reglur verða settar um hvatakerfi, kaupaukakerfi og starfslokasamninga. „Þar verður svigrúm til að fara langt yfir strikið skorið niður og bankarnir þvingaðir til að hafa þau mál í eins eðlilegu horfi og hægt er að gera kröfu um," segir Gylfi Magnússon. Vissulega sé samningsréttur – sem almennt er frjáls – þrengdur en gæta verði þess að fyrirtæki viðhafi ekki kerfi sem hvetji til óhóflegrar áhættu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir frumvarpið taka á mjög veigamiklum þáttum í því sem leiddi til bankahrunsins og því sé mikilvægt að það hljóti afgreiðslu sem fyrst. Ekki er þó búist við að af henni verði fyrr en á nýju ári. **bjorn@frettabladid.is**



**KAUPÞINGSMENN** Kaupaukakerfin sem viðhöfð voru í bönkunum voru utan velsæmismarka að mati ráðherra. Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi Kaupþingsforstjóri, hefur lýst sig sammála því mati og sagt bónusana vera eitt af því sem hafi farið úr böndunum í bankanum.

## MEÐAL EFNIS Í FRUMVARPINU

- Bankarnir haldi miðlæga skrá um stóra lántakendur.
- Stórir lántakendur upplýsi FME um skuldbindingar og stöðu sína.
- Skerpt verður á ákvæðum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.
- Tímamörk fjármálafyrirtækja til að selja eignir sem þau eignast vegna þrots fyrri eigenda verða þrengd.
- Skilyrði fjármálafyrirtækja fyrir að eiga eigin hluti verða þrengd.
- Nánast er lagt bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum.
- Mjög þröngar skorður verða settar við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna.
- FME setji þröngar reglur um lán með veði í hlutabréfum eða skuldabréfum annarra fjármálafyrirtækja.
- Reglur um stórar áhættuskuldbindingar verða þrengdar.
- Reglur verða settar um hvatakerfi, kaupaukakerfi og starfslokasamninga.

Hagfræðiprófessor um upphæðir í gjaldeyrissvikamálum:

# Gætu verið útrásarvíkingar sem óttast frystingu eigna

**VIÐSKIPTI** „Það eru óþolinmóðir Íslendingar og óþolinmóðir útlendingar, sem voru lokaðir inni með gjaldeyrishöftunum sem hafa farið þarna út," segir Þórólfur Matthíasson prófessor, spurður hvað hann lesi út úr upplýsingum sem fram hafa komið á Alþingi um að fjárhæðir meintra gjaldeyrissvika, sem Seðlabankinn rannsakar nemi 57,5 milljörðum króna á 10 mánaða tímabili. Hann segir að erlendu aðilarnir geti verið jöklabréfaeigendur. „En að því marki sem þetta eru óþolinmóðir Íslendingar, gætu það verið útrásarvíkingar sem óttast frystingu eigna sinna."



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Skráð gengi evru var í gær um 183 krónur en þá var sölugengi á hinum óskráða aflandsmarkaði komið í 291 krónu. Þórólfur segir það háa verð til marks um að lítið framboð sé á nú krónum til að koma á viðskiptum á aflandsmarkaðnum.

Þórólfur segir að ávinningur þeirra sem standa á bak við gjaldeyrissvikin sé í mesta lagi helmingur af heildarfjárhæðinni og líklega mun minna. „Það er rétt að hafa í huga að tölurnar verða fljótt mjög stórar ef litið er á brúttóupphæð viðskiptanna, en í leiðinni er verið að selja vöru og þjónustu," segir hann. „Ávinningurinn er í hæsta lagi helmingur og sennilega töluvert undir því."

Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að það hafi komið sér á óvart hve upphæð meintra gjaldeyrissvika var há. „En maður hefur heyrt að margir hafi grætt ótrúlegar fjárhæðir á þessu," segir Ásbjörn. **- pg**



Blaðamannafélag Íslands:

## Samningar samþykktir

**KJARAMÁL** Samningar Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á kjörfundi á mánudag. Kjörsókn var lítil, tæplega ellefu prósent.

Á kjörskrá voru 343 og atkvæði greiddu 37. Já sögðu 35 en nei 2 og voru samningarnir því samþykktir með 94,6 prósentum greiddra atkvæða. Samningarnir eru afturvirkir frá 1. nóvember og gilda til ársloka 2010. Í samningum felst að launataxtar hækka um tuttugu þúsund krónur og desemberuppbót og endurgreiddur kostnaður hækkar einnig. Samningar höfðu verið lausir í rúmt ár og var deilan komin til Ríkissáttasemjara. - kóp



**Í KAUPMANNAHÖFN** Dönsk lögregla á óeirðavaktinni í Kaupmannahöfn fyrr á þessu ári þegar deilt var um ungdómshúsið þar í borg. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Dönsk lögregluyfirvöld:

## Á kafi í efnahagsbrotum

**KAUPMANNAHÖFN Dönsk skattayfirvöld hafa síðustu misseri flett ofan af fleiri tugum umfangsmikilla efnahagsbrota, sem tengjast undanskoti á skatti.**

**Dagblaðið Politiken greindi frá því í gær að mörg málanna frá danska skattinum stránduðu hjá lögreglu vegna skorts á fjármunum og sérhæfðu starfsfólki. Fram kemur að það sem af er ári hafi skatturinn sent 102 mál í ákærumeðferð, ýmist til ríkissaksóknara eða sérstaks saksóknara sem fer með efnahagsbrot. Ákæruvaldinu hefur hins vegar ekki tekist að koma frá sér nema 28 málum á sama tíma. - óká**

18.200 hafa skrifað undir:

## Mótmæla niðurskurði hjá SÁÁ

**MÓTMÆLI** Rúmlega átján þúsund manns hafa skrifað undir áskorun til þingmanna á vef SÁÁ, saa.is, þar sem skerðingu á framlögum til SÁÁ er mótmælt.

„Þetta fólk biður ekki um mikið, aðeins að fyrirhuguð 70 milljóna króna skerðing á framlögum til sjúkrahúsreksturs SÁÁ verði dregin til baka," segir yfirlæknir á Vogi, í tilkynningu. Þar segir jafnframt að þótt sjötíu milljónir séu ekki há upphæð muni slík skerðing á framlagi ríkisins eyðileggja áfengis- og fíknimeðferð hjá SÁÁ. - kh







**VEISTU SVARIÐ?**




1. Hversu mikið hækkar heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun um áramótin?
2. Hve miklu fé tapaði Árvakur 2008
3. Hvað er brekkubobbi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Hæstiréttur staðfesti tvo úrskurði óbyggðanefndar í Vopnafjarðarhreppi:

# Ríkið borgar málskostnaðinn

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var sýknað af kröfum landeigenda í tveimur þjóðlendumálum í Vopnafirði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í báðum tilvikum höfðu sækjendur fengið gjafsókn. Greiðist sá kostnaður, samtals 2,1 milljón króna, úr ríkissjóði.

Annars vegar var staðfestur úrskurður óbyggðanefndar um að landsvæði norðvestan Kistufells væri þjóðlenda og utan landamerkja jarðanna Þorvaldsstaða og Hamars í Vopnafirði. Um leið var fallist á að sama landsvæði væri í afréttareign Þorvaldsstaða og Hamars.

Hins vegar var staðfestur úrskurður um að land Mælifells og Selsárvalla í Vopnafirði væri þjóðlenda, en afréttareign stefnenda í málinu.

Landeigendur höfðuðu málin tvö, en auk einstaklinga eiga þar hlut að máli Veiðiklúbburinn Strengur ehf., Sunnudalur ehf., Heljardalur ehf. og Hofsárdalur ehf. Farið var fram á að úrskurðir óbyggðanefndar frá maílokum 2007 yrðu felldir úr gildi.

Í úrskurði um gjafsóknarkostnað kemur fram að litið sé til þess að lögmaðurinn sem fór með málið fyrir hönd sækjenda hafi annast rekstur fleiri sambærilegra mála vegna aðliggjandi landsvæða í Vopnafirði. Í öðru málinu var kostnaðurinn 1,0 milljón króna en 1,1 milljón í hinu. - óká



**STANGVEIÐIMAÐUR** Allnokkur þjóðlendumál í Vopnafjarðarhreppi hafa endað fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIG.JÖKULL

Kvenréttindafélag Íslands:

## Hlustað á börn í forsjármálum

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld ættu að endurskoða verklagsreglur í forsjármálum, leggja meiri áherslu á að hlusta á það sem börnin vilja sjálf en nú er gert og virða mannréttindi barnanna, segir í yfirlýsingu frá stjórn Kvenréttindafélags Íslands.

Stjórn félagsins tekur þar með undir nýlega áskorun Femínistafélags Íslands.

„Ef grunur leikur á ofbeldi af hálfu annars foreldris verða börnin að fá að njóta vafans. Velferð þeirra og hagur skal ávallt vera hafður í fyrirrúmi,“ segir í yfirlýsingu stjórnar Kvenréttindafélags Íslands. - bj









# Kanna sparnað með opnum hugbúnaði

**Á þremur árum nam kostnaður ríkisins vegna hugbúnaðar 7,5 milljörðum króna. Ríkið kannar kosti og galla opins hugbúnaðar og vinnur kostnaðargreiningu.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Heildarkostnaður ríkisins vegna hugbúnaðar nam 7,5 milljörðum króna á þriggja ára tímabili, 2006 til 2008. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingmanns Hreyfingarinnar.

Fram kemur að í fjármálaráðuneytinu sé hafin greining á kostnaði við upplýsingatækni hjá ríkinu. „Auk þess hafa nokkur ráðuneyti nýlega hafið skoðun á kostum og göllum frjáls og opins hugbúnaðar. Búist er við niðurstöðum úr þeirri vinnu næsta vor,“ segir þar.

Fram kemur að kostnaður við sérsniðinn hugbúnað sé um áttatíu prósent af heildarkostnaði ríkisins vegna hugbúnaðar þessi þrjú ár.

Þá kemur fram að Þjóðleikhúsið hafi innleitt opinn og frjálsan hugbúnað fyrir tölvupóstkerfi og skrifstofuvöndla og talið sé að kostnaðurinn við þessi kerfi sé fyrsta árið um fjórðungur af árlegum kostnaði áður.

Ályktar ráðherra því sem svo að til lengri tíma litið væri hægt að spara verulega fjármuni hjá ríkisstofnunum með því að innleiða frjálsan og opinn hugbúnað. „Sparnaðartækifærin liggja í vali á skrifstofuvöndli, stýrikerfum og ýmsum sérhæfðum hugbúnaði. Þó verður að meta kosti slíkra lausna þar sem flókin vinnsla upplýsinga og notkun stórra gagnagrunna á sér stað.“

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, kallar þó eftir nánari upplýsingum og telur trauðla hægt að álykta um mögulegan sparnað strax. Hann segir að horfa verði til kostnaðar við rekstur kerfanna. „Samkvæmt okkar tölum, ef tekinn er heildarkostnaður af upplýsingakerfum og rekstri þeirra, þá eru leyfisgjöld að meðaltali 7,5 prósent. Mestur er kostnaðurinn vegna reksturs, innleiðingar og verkefna af ýmsu tagi,“ segir hann.

Að sama skapi segir hann að tölur um sparnað hjá Þjóðleikhúsinu séu vart marktækar fyrst ekki sé um lengra tímabil að ræða. „Viðvarandi rekstrarkostnaður er miklu hærri þegar um opinn hugbúnað er að ræða,“ segir hann. olikr@frettabladid.is



**KARDEMOMMUBÆRINN Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** Í svari fjármálaráðherra um kosti og galla opins hugbúnaðar kemur fram að Þjóðleikhúsið hafi sparað umtalsverðar fjárhæðir með innleiðingu slíks búnaðar í sumar. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Bæjarráð Voga:

## Vilja læknisþjónustu í Voga

**VOGAR Vel á þriðja hundrað íbúa í Vogum hafa ritað nafn sitt á undirskriftalista þar sem þess er krafist að læknisþjónustu verði komið upp með starfsaðstöðu í bæjarfélaginu.**

**Undirskriftarlistinn var lagður fyrir bæjarráð á fimmtudaginn og tekur ráðið undir að nauðsynlegt sé að tryggja íbúum í Vogum sambærilega þjónustu og tíðkast annars staðar.**

**Að því er fram kemur á vef Víkurfrétta hefur mikil óánægja verið meðal íbúa bæjarins með þá ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að loka heilsugæsluseli í bæjarfélaginu.**

**Kristín Hansen stóð fyrir undirskriftarsöfnuninni og þakkar bæjarráð Voga henni framtakið, að því er kemur fram í fundargerð bæjarráðs. - kh**




LAMBAKJOT.IS

# Lambafille

## – Í KARTÖFLUHJÚPI MEÐ RÓTARGRÆNMETI

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambahryggur eða fille • 1 tómatur • 8 stórar kartöflur • 1 búnt garðablóðberg (timían) • 3 gulrætur • 1 laukur
1 hvítlaukur • 1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatauk (puré) • 1 kínahreðka • 2 búnt steinselja söxuð • 4 msk brauðraspur
1 msk smjör • og eftir hendinni - smjör, sykur, salt og pipar

Setjið vel af olíu á heita pönnu, saltið dálítið. Rífið skrældar kartöflurnar í strimla og kreistið vel út safann og sterkjuna. Steikið þær á pönnu þangað til verða dökkar að neðan og haldast þétt saman. Leggið hjúpinn á hreint stykki til þerris. Sáldið brauðraspi út á, saltð og piprið.
Skerið hvert fillet í tvo hluta, saxið steinseljuna smátt niður og veltið kjötinu upp úr henni. Leggið á kartöfluhjúpinn og notið stykkið til að vefja hjúpinn um kjötið. Steikið í ofni við u.þ.b. 200°C í 2 - 3 mínútur í hvert skipti.
Takið kjötið svo út og hvílið á milli í 5 mínútur. Endurtakið tvisvar til þrisvar sinnum.

**Lambasoð**: Verkið kjötið af hryggnum og hreinsið burt fitu. Höggvið beinin og brúnið þau í ofni. Brytjið eina gulrót, lauk og blaðlauk jafnt og steikið í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin útí og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. og kryddið með timían, tómatmauki, salti og pipar. Sigtið og sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið eftir smekk.

Sneiðið afganginn af gulrótum og kínahreðku eftir smekk. Setjið í pott ásamt smjöri, sykri, salti og vatni. Sjóðið þar til allur vökvi er farinn. Berið lambafille fram skorið í hæfilega bita með rótargrænmeti og lambasoði.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Allt fyrir



400 gr

**299**

**PIPARKÖKUR**

- 400 gr



**3990**

**SKARTGRIPASKRÍN**

- Svart/brúnt
- 29,5 x 21 x 11 cm



14,4 volt

**3990**

**HLEÐSLUBORVÉL**

- 14,4 V
- Auka rafhlaða, kr 2990



**2590**

**SKINNHANSKAR**

- Dömu





pr. stk **2290**

**TREFLAR**

- Herra, fleiri litir



pr. stk **1499**

**HÚFUR**



FRÁ **3990**

**GERVIJÓLATRÉ**

- Jólatré, 180 cm, kr 3990
- Jólatré, 210 cm, kr 9990



**2490**

**SERÍA Á JÓLATRÉ**

- 20 ljósa



FRÁ **799**

**HANDKLÆÐI**

- 50x100cm, kr 799
- 70x140cm, kr 1490
- 100x150cm, kr 2290

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

# jólin




**890**
**AIR FOOTBALL**
• Fjörugt fótboltaspil



pr. stk
**1990**
**BANGSAR**
• 30 cm, margar gerðir



**4590**
**FJARSTÝRÐUR BÍLL**
• Mach 1 Nikko

NIKKO



**6590**
**BYGGINGAKRANI - 120 CM**
• Gengur fyrir rafhlöðum



FRÁ **199**
**GJAFAPAPPÍR**
• Mikið úrval



**2999**
**VIFTUOFN**
• 2000 W



**5990**
**SKÓ- OG STÍGVÉLAÞURRKARI**
• Tímastillir



**7990**
**TVÖFALT VÖFFLUJÁRN**
• Einfalt, kr 5999



**499**
**ÚTIKERTI**



2 saman
**279**
**ÚTIKERTI**




5 saman
**1890**
**ELDIVIÐUR - 5 Í PK**
• Brennslutími: ca 2,5 klst pr stk




4 ltr
**2490**
**LAMPAOLÍA**
• 4 ltr

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## „ORÐRÉTT“

### *Nema hvað!*

**„Þegar handboltinn gengur svona vel er lífið helmingi auðveldara.“**

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAFSSON LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR
**Fréttablaðið 8. desember 2009**

### *Stórborgin í hólminum*

**„Ég átti reyndar ekki von á því að Stykkishólmur væri svona lítill bær.“**

SEAN BURTON, LEIKMAÐUR SNÆFELLS Í KÖRFUBOLTA
**Morgunblaðið 8. desember 2009**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LÁRA EIRÍKSDÓTTIR ESKIFIRÐI

# *Konurnar ekki fengið blóm í tvö ár*



„Ég hef nú reyndar aldeilis fréttir. Rétt áðan vorum við að opna nýja blómabúð,“ segir Lára Eiríksdóttir, eigandi ræstingafyrirtækisins Fjarðaþrifa og blómabúðareigandi á Strandgötu á Eskifirði frá því klukkan eitt í gær.

„Það var hér blómabúð en henni var lokað fyrir tveimur árum. Það hefur þurft að fara upp á Egilsstaði til að fá blóm. Karlarnir hérna á Eskifirði segja að þeir hafi ekki gefið konunum sínum blóm í tvö ár,“ segir Lára sem kveðst bjartsýn á reksturinn.

„Við höfum ekkert auglýst en það er búið að vera fullt að gera frá því búðin var opnuð áðan. Mér sýnist ég strax þurfa að panta meira,“ spáir Lára í spilin.

Lára kveður Eskfirðinga lítið hafa fundið fyrir kreppunni. Sjálf sé hún með um 30 manns í vinnu við ræstingar hjá Fjarðaþrifum sem sinni verkefnum víða á svæðinu.

„Við höfum auðvitað tekið eftir því að matvara hefur hækkað en hér er samt lítið atvinnuleysi. Það helsta sem ég gæti sagst vera leið yfir er þessa endalausa rigning. Ég held svei mér þá að það hafi rignt síðan í fyrra. En maður ætti víst ekki að kvarta, rigningin er góð fyrir rósirnar.“

## TESTÓSTERÓN
### SÉST Á FINGRALENGD



■ Margar flökkusagnir eru til um hlutföll líkamans. Þannig er lífseig saga, en röng, að skónúmer segi eitthvað um stærð getnaðarlims manna. Þegar kemur að hlutfalli og lengd fingra gildir hins vegar annað því vísindamenn beggja vegna Atlantsála hafa leitt í ljós að því lengri sem baugfingur er í hlutfalli við vísifingur, þeim mun meira hefur verið af karlkynshormóninu testósteróni í móðurkviði. Konur með lengri vísifingur eru sagðar fjórri en aðrar og karlar með lengri baugfingur líklegri til að bregðast vel við líkamlegri þjálfun og ná árangri í íþróttum.

**tilveran**
*nær og fjær*












# 40 milljónir úr Pokasjóði til bágstaddra

**Búist er við allt að fimm þúsund umsóknum um aðstoð fyrir jólin til Hjálparstarfs kirkjunnar og mæðrastyrksnefnda. Samtökin fengu 40 milljónir úr Pokasjóði í gær til að deila út fyrir jólin. Framlagið er í formi gjafakorta sem gilda í matvöruverslunum innan sjóðsins.**



**52 MILLJÓNUM ÚTHLUTAÐ** Stjórn Pokasjóðs og fulltrúar þeirra sem hlutu styrk frá sjóðnum í ár. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir SÁÁ, Jórunn Magnúsdóttir frá Vímulausri æsku, Lovísa Christiansen frá Krýsuvíkursamtökunum, Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, og Karl Sigurbjörnsson, biskup íslands. Í aftari röð er stjórn Pokasjóðs: Ómar Valdimarsson, Höskuldur Jónsson, Bjarni Finnsson og Jóhannes Jónsson.

Stjórn Pokasjóðs afhenti Hjálparstarfi kirkjunnar og mæðrastyrksnefndum í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi gjafakort að andvirði 40 milljóna króna í gær. Gjafakortin gilda í matvöruverslunum innan sjóðsins og er inneign á kortunum fimm þúsund og tíu þúsund krónur. Mikil aukning hefur verið í umsóknum allt árið bæði til Hjálparstarfs kirkjunnar og mæðrastyrksnefnda. Því er gert ráð fyrir allt að 5.000 umsóknum um aðstoð nú fyrir jólin.

„Við erum að skrá umsóknir núna og það er nóg að gera,“ segir Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstofnunar kirkjunnar. Hún segir stefnt að því að ljúka skráningu á umsóknum á föstudag, en vinnan við úthlutanir hefst á mánudag. „Þá byrjum við að pakka niður jólamat og senda út á land ásamt gjafakortum og gjöfum.“ Nokkur hundruð sjálfboðaliðar leggja samtökunum lið við þá vinnu sem fara mun fram í nýrri sameiginlegri úthlutunarmiðstöð að Norðlingabraut 12, þar sem áður var byggingavöruverslunin Mest. Byggingarfélagið Eykt hefur lánað húsnæðið til hjálparstarfsins.

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, og Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, tóku við gjöfinni fyrir hönd Hjálparstarfsins og mæðrastyrksnefndanna. Síðasti umsóknardagur fyrir jólaaðstoð er á morgun. Þeir sem fá aðstoð fá auk gjafakortsins jólamat miðað við fjölskyldustærð og jólagjafir ef börn eru á heimilinu. Skráningin er sameiginleg hjá þessum samtökum sem kemur í veg fyrir að einhverjir fái úthlutað oftar en einu sinni.

Pokasjóður úthlutaði við sama tækifæri þremur styrkjum, samtals tólf milljónum króna, sem fara í að styrkja starfsemi fyrir ungt fólk sem leitar til Krýsuvíkursamtakanna, Vímulausrar æsku og SÁÁ.

sigridur@frettabladid.is

## HVAÐ ER POKASJÓÐUR?

Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, úthlutar styrkjum til verkefna sem heyra undir almannaheill. Má þar nefna verkefni eins og umhverfismál, menningarmál, listir, íþróttir og mannúðarmál.

Pokasjóður fær tekjur af sölu plastburðarpoka í verslunum en merki á haldi hvers poka segir til um hvort verslunin greiðir í sjóðinn eða ekki. Í dag greiða 160 verslanir í sjóðinn og eru þær úti um allt land.

Pokasjóður skiptist í tvær deildir, annars vegar sameignarsjóð og hins vegar séreignarsjóð. Í sameignarsjóð greiðir hver verslun sem tekur þátt í sjóðnum sextíu prósent af framlagi sínu og er úthlutað úr þeim hluta í nafni Pokasjóðs einu sinni á ári eða oftar ef svo ber undir. Í séreignarsjóð greiðir verslunin 40 prósent af framlagi sínu og úr þeim sjóði úthlutar hver verslun eða verslunarfyrirtæki.

Verslanir sem eiga aðild að Pokasjóði eru þessar: 10-11, ÁTVR, Bónus, Hagkaup, Kaskó, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík, Kaupfélag V-Húnvetninga á Hvammstanga, Melabúðin, Nettó, Samkaup úrval, Samkaup strax, Þín verslun og Seljabraut.

Hægt er að panta fornbækur á vefsíðu verslunarinnar Gvends dúllara:

# Starfrækir fornbókabúð á vefnum

„Ég held að netverslun sé ágætt rekstrarform. Ef þú færð nægar upplýsingar um bækurnar og myndir af þeim held ég að það sé ekkert síðra en að grúska í fornbókabúð,“ segir Einar Örn Þorvaldsson. Einar starfrækir fornbókaverslunina Gvend dúllara á vefnum, og mun það að hans sögn vera fyrsta íslenska fornbókabúðin sem er aðeins aðgengileg á netinu.



**GVENDUR.IS** Á vefsíðunni má þegar finna yfir þúsund titla.

Verslunin var áður starfrækt á Klapparstíg en fyrr á árinu ákvað Einar, og móðir hans sem er skráður eigandi fyrirtækisins, að breyta til. Einar varði síðan sumrinu í að undirbúa vefsíðuna, hanna hana og forrita, skrá bækur og skanna inn kápur.

„Jú, þetta var töluverð vinna en ég kom mér upp ágætis verklagi,“ segir Einar. Þannig hafi þetta gengið smurt fyrir sig.

Í versluninni fást nú yfir þúsund titlar, og margir bætast við á hverjum degi. Hægt er að panta sér bækur hvert á land sem er, og auk þess er hægt að senda fyrirspurn ef tiltekinn titill finnst ekki í safninu. Vera kann að hann sé þá til á lager en eftir sé að skrá hann í kerfið.

„Þetta fer ágætlega af stað held ég,“ segir Einar. „Við höfum ekki verið að auglýsa mikið enn þá, þannig að það er ekki kominn neinn rífandi gangur enn, en ég er bjartsýnn.“

- sh

# ÍSLENDINGAR TREYSTA SPARISJÓÐUNUM BETUR!

**„Helmingi fleiri Íslendingar treysta sparisjóðunum fremur en nokkrum öðrum fjármálafyrirtækjum á Íslandi.“**

**Við þökkum traustið,**
**starfsfólk sparisjóða**




*Markaðsrannsókn MMR í sept. 2009 um hlutdeild banka og sparisjóða

## Áfram með traustið

**Í ljós kemur að helmingi fleiri Íslendingar** treysta sparisjóðunum samanborið við Íslandsbanka, Landsbankann og Arion banka. Þessar nýju mælingar eru í réttu samhengi við niðurstöður kannana síðustu 10 ára og staðfesta að sparisjóðirnir á Íslandi hafa mikla yfirburði yfir önnur fjármálafyrirtæki þegar kemur að trausti og jákvæðni hjá almenningi í landinu.*

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
*– áfram fyrir þig og þína*

**Fyrir þig og þína um allt land**

**Byr sparisjóður** - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík **Sparisjóður Bolungarvíkur** - Bolungarvík - Suðureyri **Sparisjóður Höfðhverfinga** - Grenivík **Sparisjóðurinn í Keflavík** - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfirði - Króksfjarðarnes - Bíldudalur - Tálknafjörður - **AFL sparisjóður** - Siglufjörður - Sauðárkrókur **Sparisjóður Norðfjarðar** - Neskaupsstaður - Reyðarfjörður **Sparisjóður Ólafsfjarðar** - Ólafsfjörður **Sparisjóður Strandamanna** - Hólmavík - Norðurfjörður **Sparisjóður Suður-Þingeyinga** - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll **Sparisjóður Svarfdæla** - Dalvík - Hrísey **Sparisjóður Vestmannaeyja** - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði - Hornafjörður - Djúpivogur - Breiðdalsvík **Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis** - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.

DYNAMO REYKJAVÍK

**FRÉTTAVIÐTAL:** Börn og tölvur

# Börn þurfa leiðsögn í netsamskiptum

**Börn lifa hluta af lífi sínum í netheimum og foreldrar þurfa að vera duglegir að fylgjast með, segir Janice Richardson, sérfræðingur í öryggi hjá Evrópusambandinu.**

„Foreldrar geta aldrei verið alveg með á nótunum í nýjustu tækni. Börn og unglingar nota tækni öðruvísi en búist er við, þannig að uppeldi foreldra og eftirlit með tölvunotkun barna snýst ekki um tækni, heldur gott uppeldi,“ segir Janice Richardson, sem stýrir verki þeirra þjóða er starfa að öryggisáætlun Evrópusambandsins. Hún var stödd hér á landi á ráðstefnu INSAFE sem haldin var hér á landi á dögunum.

INSAFE er verk þeirra þjóða er starfa að öryggisáætlun Evrópusambandsins og reka öryggismiðstöðvar undir þeirri áætlun. INSAFE hefur það hlutverk að stuðla að ábyrgri og ánægjulegri notkun netsins og annarra nýmiðla meðal ungs fólks en Evrópusambandið kom verkefninu á laggirnar árið 2004.

„Við verðum að kenna börnum að haga sér kurteislega á netinu, þau virðast oft halda að það sé í lagi að segja hvað sem er á netinu, vegna þess að þau sjá ekki viðbrögð þess sem er á hinum endanum. Þau halda að ummælin særi ekki sem er ekki rétt. Fullorðnir gera oft ráð fyrir að börn skilji afleiðingar gjörða sinna eins og þeir gera, en við eigum ekki að gera ráð fyrir því,“ segir Janice sem segir einelti á netinu vissulega eitt þeirra vandamála sem takast þurfi á við. Foreldrar leiki þar lykilhlutverk, rétt eins og í öðru er lýtur að uppeldi barna.

Hún segir að foreldrar eigi ekki að hika við að setja reglur um notkun barna, rétt eins og þeir setji reglur um útivistartíma barna og fylgist með því hverjum börnin verja tíma sínum með á daginn. „Þessi þörf er til staðar og verður bara meiri með hverjum deginum sem líður. Það eru allir á netinu og tími yngstu krakkana, á aldrinum fjögurra til níu ára, á netinu verður til dæmis alltaf meiri og meiri.“

### Foreldrar sitji með krökkunum

Janice segir að mikilvægt sé að sitja við hlið yngstu barnanna þegar þau eru í tölvunni. Allt upp að sjö ára aldri ættu foreldrar að vera með þeim þegar þau eru tengd. „Við kennum börnum ekki bara einu sinni hvernig á að fara yfir götu og hleypum þeim svo einum eftir það, við fylgjum þeim aftur og aftur, sama verðum við að gera þegar netið á í hlut.“

Hún bendir á að foreldrum þyki almennt frekar auðvelt að setja reglur um hversu lengi börn mega horfa á sjónvarp. Óöryggi foreldra gagnvart tækninýjungum virðist hins vegar verða til þess að foreldrar eiga erfiðara með að setja reglur um tölvunotkun en sjónvarpsáhorf.

Fyrir utan reglur sem snúast um tímalengd við tölvuna segir Janice mikilvægt að foreldrar viti hvað krakkarnir eru að gera á netinu. „Rétt eins og foreldrar spyrja krakkana sína hvern þeir eru að fara að hitta þegar þeir fara út eiga þeir að spyrja börnin hvern þau eru að hitta og ræða við í netheimum. Þau þurfa að gera sér grein fyrir að netheimar eru hluti af veruleika krakkanna. Foreldrar eiga ekki að vera feimnir við að setja reglur um þennan veruleika, því þetta snýst ekki um tækni heldur um lífið,“ segir Janice, sem bendir á að það sé ómögulegt að vita það fyrir hvernig börn nota tækni, farsímar séu gott dæmi. Þeir hafi verið hannaðir til símtala, en börn og unglingar noti þá aðallega til að senda SMS, taka myndir og fleira sem upphaflega hafi ekki verið megintilgangurinn.



JANICE RICHARDSON

### Verða að virða einkalíf

Janice segir mikilvægt fyrir foreldra að ræða við börnin sín um notkun. Hún telur að þurfi að innræta krökkum mjög eindregið hvað felst í einkalífi og tjáningarfrelsi. Tjáningarfrelsi ljúki þegar farið er að móðga og segja slæma hluti um annað fólk. Þau verði líka að skilja hvað tilheyrir einkalífi. Þar undir geti fallið partímyndir af fólki svo dæmi sé tekið. Mikilvægt sé að hugsa um afleiðingarnar áður en ýtt sé á takka og myndir settar á netið, þar sem milljónir geti notað þær, myndirnar verði nefnilega ekki aftur teknar.

Margir hafa áhyggjur af því að börn og unglingar lendi í samskiptum við vafasama einstaklinga á netinu og segir Janice það skiljanlegt. Ef börn skilji að sumt tilheyri þeirra einkalífi, þá minnki líkurnar á samskiptum við vafasama einstaklinga, þau skilji þá að ekki á að láta ekki ókunnuga fá símanúmer og svo framvegis. Janice segir mikilvægt að skólar gefi heldur ekki upp neitt um nemendur sína á netinu, svo að óprúttnir einstaklingar geti ekki náð til þeirra.

Eins og fram kemur í þessu viðtali telur Janice foreldra gegna lykilhlutverki í að stuðla að góðri hegðum barna á netinu, til þess að komið verði í veg fyrir einelti á netinu og aðra slæma hegðun. Hún segir skólana auðvitað mjög mikilvæga líka. Kennarar séu hins vegar oft í erfiðri aðstöðu til að kenna krökkum að haga sér rétt í netheimum vegna þess að aðgengi nemenda að netinu í skólum sé takmarkað. Það sé miður því að þegnar í nútímasamfélagi þurfi að vera læsir á svo margt og skólinn væri kjörinn vettvangur til að kenna þetta alhliða læsi.

„Við þurfum svo marga hæfileika í nútímaheiminum. Við þurfum hefðbundna lestrarkunnáttu meira en nokkru sinni fyrr, við þurfum að vera læs á hið stafræna umhverfi, við þurfum að vera læs á fjölmiðla, vera gagnrýnin á þá, vita hvað eru auglýsingar og hvað ekki. Við þurfum að vera læs á umhverfi okkar, við þurfum að vera læs á menningu okkar og annarra,“ segir Janice, sem leggur áherslu á að fullt læsi í nútímasamfélagi innifeli alla þessa hæfileika í sér.



**NAUÐSYNLEGT AÐ FYLGJAST MEÐ** Foreldrar verða að vera duglegir að fylgjast með netnotkun barna sinna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## ÖRUGG NETNOTKUN

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni – er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sjá um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

Á heimasíðu SAFT, www.saft.is, er að finna heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun. Þar má finna netorðin fimm sem hljóða svo:

1. Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á Netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu.



FRÉTTAVIÐTAL
SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

100.000.000
+400.000.000
500.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
500 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 400 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 9. DESEMBER 2009

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA



Landsins mesta úrval
TILBOÐ
STURTUKLEFAR
UM 100 GERÐIR OG STÆRÐIR AF STURTUKLEFUM OG HORNUM Á LAGER
80x80
24.900
90x90
25.900
HERT ÖRYGGISGLER
VM-121 sturtuhorn - heil opnun
80x140
25.900
BSF80H baðhlíf
100x140
26.900
FF10 baðhlíf
til afgreiðslu af lager
80x80
26.900
90x90
27.900
HERT ÖRYGGISGLER
VM-122 rúnnað sturtuhorn
80x80
26.900
90x90
27.900
HERT ÖRYGGISGLER
VM-112 kantað sturtuhorn
70x70
24.900
75x75
25.900
HERT ÖRYGGISGLER
VM-911 kantað sturtuhorn
BAÐINNRÉTTINGAR
ALLAR INNRÉTTINGAR SAMANSETTAR
120x50
89.900
WLU 06A hvítt háglans
55x43
59.900
CT-55 hvítt háglans
75x50
69.900
CT-75 hvítt háglans
85x50
76.700
CT-85 hvítt háglans
95x50
79.900
CT-95 hvítt háglans
ÖLL VERÐ ERU STAÐGREIÐSLUVERÐ
GÆÐI - HVERRAR KRÓNU VIRÐI
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 7 **Velta:** 18 milljónir

**OMX ÍSLAND 6** 787 **-0,25%**

MESTA HÆKKUN: **MAREL** +0,49%

MESTA LÆKKUN: **BAKKAVÖR** -8,82%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,55 -8,82% ... Føroya Banki 132,00 +0,00% ... Icelandair Group 3,80 +0,00% ... Marel 62,10 +0,49% ... Össur 136,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Krónan óvirk úti

Gengi krónunnar hefur lækkað um ellefu prósent á aflandsmörkuðum á einni viku og er nú 25 prósenta munur á gengi krónunnar hér og erlendis.

Ein evra kostaði 183,3 krónur hér um miðjan dag í gær en 261 krónu erlendis. Þá var þrjátíu króna munur á kaup- og sölugengi.

Engin viðskipti hafa verið með krónur á aflandsmarkaði í nokkra daga og er hann að mestu aflagður. Skýrist það af hertum gjaldeyrishöftum Seðlabankans fyrir mánuði. Sárafáir bankar sýna þó enn gengi krónunnar þrátt fyrir nær hverfandi viðskipti. Gjaldeyrisborð Íslandsbanka segir vart mark takandi á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum á aflandsmörkuðum og sýni það hversu verðlítil krónan sé orðin erlendis. **- jab**



**EIN KRÓNA** Aflandsmarkaður með krónuviðskipti var lagður af eftir að Seðlabankinn herti gjaldeyrishöftin fyrir mánuði.

# Íslandsbanki hagnast um 2,4 milljarða króna

Íslandsbanki hagnaðist um rétt rúma 2,3 milljarða króna frá miðjum október í fyrra til áramóta. Þetta kemur fram í uppgjöri bankans sem birt var á mánudag.

Líkt og kunnugt er var bankinn ríkisvæddur í byrjun október í fyrra.

Í uppgjörinu kemur fram að hreinar rekstrartekjur námu 37,6 milljörðum króna. Tekið er fram að tekjurnar eru tilkomnar að mestu vegna gengishagnaðar sem að mestu er gjaldfærður sem virðisrýrnun vegna skertrar greiðslugetu lántaka með tekjur í krónum en lán í erlendri mynt. **- jab**


## Nokia og PC-tölvur. Örugg tenging

**– Örnámskeið fyrir starfsfólk fyrirtækja 9. desember –**

Fyrirtækjaþjónusta Hátækni býður upp á röð örnámskeiða í vetur. Næsta námskeið – **Nokia og PC-tölvur. Örugg tenging** – verður haldið í verslun Hátækni miðvikudaginn **9. desember kl. 12.** Kenndir verða tengimöguleikar milli Nokia og PC-tölvu. Farið verður yfir afritun gagna og tengiliða og meðhöndlun tónlistar og stafræns efnis með forritum sem hægt er að hlaða frítt niður af vef Nokia.



Skráning á www.hataekni.is/ornamskeid.
Takmarkaður fjöldi þátttakenda.
Námskeiðið er ókeypis.

Hátækni

Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími: 522 3000 | www.hataekni.is






Stafir lífeyrissjóður boðar til sjóðfélagafundar að Stórhöfða 31 í Reykjavík, á morgun, fimmtudaginn 10. desember 2009 kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Rekstur sjóðsins það sem af er ári 2009 og framtíðarhorfur.
2. Stafir og stöðugleikasáttmálinn: Það sem vakir fyrir lífeyrissjóðunum varðandi
   a. nýjan Landspítala,
   b. Framtakssjóð Íslands
   c. verkefni í samgöngumálum.
3. Hvernig verða Stafir sjóðfélögum sínum að liði þegar illa árar?

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | www.stafir.is



Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið


# Skuggabankastjórnin vill lækka vexti í skugga aðhalds

**Mikilvægt er að breyta stjórn peningamála og styðja við efnahagslífið til móts við boðað aðhald í ríkisfjármálum og samdrátt í efnahagslífinu. Réttu skrefin felast í vaxtalækkun, að mati Skuggabankastjórnar Markaðarins. Hún er ekki einróma um hversu hratt skuli lækka vexti.**



**ERFIÐ SKREF FRAM UNDAN** Skuggabankastjórn Markaðarins segir skynsamlegt að lækka bæði stýrivexti og innlánsvexti Seðlabankans um hálft til tvö prósentustig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengi krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt frá síðustu vaxtaákvörðun Seðlabankans og hefur bankinn því ekki gripið inn í á gjaldeyrismarkaði með álíka hætti og fyrr á árinu. Það eitt gefur færi á lækkun vaxta hér, að mati Skuggabankastjórnar Markaðarins. Hún bendir á að verðbólga hefur hjaðnað frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í nóvember; hún var þá 9,7 prósent en nú komin niður í 8,6 prósent. Útlit er fyrir að enn muni draga úr verðbólgu og kunni hún að verða á milli fjögur til sex prósent á fyrri hluta næsta árs en nær lægra gildinu á seinni hluta þess, að teknu tilliti til skattahækkana.

Skuggabankastjórnin bendir á að verðbólga nú er öðru fremur kostnaðarverðbólga, sem skýrist af falli krónunnar frá fyrravori og og áhrifum skattahækkana.

Hún bendir þó á að ýmislegt hafi breyst frá síðustu vaxtaákvörðun. Sumt sé í neikvæðari kantinum. Í ljóst hafi hafi komið fram að landsframleiðsla hafi dregist saman um 7,2 prósent á þriðja ársfjórðungi, slaki vaxi í hagkerfinu á sama tíma og húsnæðisverð lækki frekar. Í ofanálag séu vísbendingar um að atvinnuleysi sé að aukast og muni launahækkanir verða litlar.

Þessi þróun hefur valdið því að aðstæður í íslensku efnahagslífi eru einkar erfiðar, að mati Skuggabankastjórnarinnar. Áhætta kunni að vera falin í því að herða tökin í ríkisfjármálum í þeim mæli sem stefnt er að með tilheyrandi niðurskurði gegn halla á ríkisrekstri á sama tíma og fylgt er aðhaldssamri peningastefnu á sama tíma. Þetta sé þvert á það sem hagfræðin hafi kennt frá 1929 - og ekki í samræmi við viðbrögð annarra þjóða við núverandi kreppu. Lítið megi út af bregða og sé hætta á að þjóðin falli í sömu hagstjórnargildru og margar þjóðir í kreppunni lentu í á þriðja áratug síðustu aldar.

Skuggabankastjórnin telur að líkt og nú horfi í efnahagslífinu sé ekki ástæða til að halda stýrivöxtum háum nema eftirspurn aukist umtalsvert á ný.

Skuggabankastjórnin segir hættuna á gengislækkun krónunnar ofmetna og standa ekki í vegi fyrir lækkun vaxta hér. Bæði sé búið að ná ágætum tökum á gengissveiflum auk þess að gjaldeyrishöft styðja við hana.

Skuggabankastjórnin er þrátt fyrir þetta ekki einróma í vaxtaákvörðun sinni að þessu sinni. Hún mælir með því að stýrivextir verði lækkaðir allt frá hálfu prósentustigi niður í allt að tvö prósentustig. Við það fari þeir úr ellefu prósentum niður í 10,5 til níu prósent. Sama máli gegnir um innlánsvexti, sem Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur sjálf gefið út að sé mun virkara stjórntæki um þessar en stýrivextir bankans. Innlánsvextir bankans standa nú í níu prósentum en fara í sjö prósent við tveggja prósentustiga vaxtalækkun.

Seðlabankinn mun á morgun ákveða hvort breyting verði á vaxtastigi hér. **jonab@frettabladid.is**

Ólafur Ísleifsson:

### STAÐAN Í EFNAHAGSLÍFINU BROTHÆTT



„Nauðsynlegt er að efla atvinnustarfsemi í landinu með því að blása lífslofti í fyrirtækin. Við þær aðstæður sem nú eru uppi sýnist eðlilegt að Seðlabankinn stuðli að almennri lækkun vaxta með því að lækka þá vexti sem hann hefur yfir að ráða. Ekki er annað að sjá en AGS telji skilyrði fyrir lækkun vaxta hafa batnað.

Staðan í efnahagslífinu er brothætt og mikilli óvissu undirorpin. Stjórnvöld hljóta að leggja sig fram við að treysta stoðir atvinnulífsins og efla starfsskilyrði atvinnufyrirtækja á hvern þann veg sem þau mega."

**Vaxtaákvörðun:** 1,0 til 2,0 prósentustiga lækkun stýri- og innlánsvaxta.

Þórður Friðjónsson:

### HÁIR VEXTIR KEYRA EFNAHAGSLÍFIÐ NIÐUR Í KREPPU



„Ég tel tímabært að endurhugsa stefnuna í peningamálum í ljósi boðaðs aðhalds í ríkisfjármálum og samdráttar í eftirspurn. Fyrir vikið tel ég rétt að breyta áherslunni í peningamálum frá aðhaldi til stuðnings við efnahagslífið. legg ég til að varlega verði farið í stjórn peningamála á næstunni og „varlega" skilgreini svo að menn taki ekki þá áhættu að háir vextir keyri efnahagslífið í dýpri og langvinnari kreppu ástæða er til."

**Vaxtaákvörðun:** 2,0 prósentustiga lækkun stýri- og innlánsvaxta.

Ingólfur Bender:

### HÓFLEG SKREF Í VAXTALÆKKUN



„Mitt mat er að stöðugleika krónunnar sé ekki ógnað með því að stigið sé annað hóflegt skref í vaxtalækkun nú. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að feta sig áfram í hægfara lækkun stýrivaxta og á viðskiptareikningum innlánsstofnanna í Seðlabankanum. Einnig legg ég til að vextir á lánum bankans gegn veði til sjö daga verði lækkaðir úr ellefu prósentum í 10,5 prósent. Ég legg einnig til að áfram verði haldið á þeirri braut að draga laust fé úr umferð með útboði innstæðubréfa en þær aðgerðir hafa gengi nokkuð vel undanfarið þannig að millibankavextir hafa færst inn í vaxtaganginn."

**Vaxtaákvörðun:** 0,5 prósentustiga lækkun stýri- og innlánsvaxta.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vínartónleikar

Mið. 06.01.10 » 19:30
Fim. 07.01.10 » 19:30
Fös. 08.01.10 » 19:30
Lau. 09.01.10 » 17:00

Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir meistara óperettunnar. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. Tryggðu þér miða núna á sinfonia.is.

**Christopher Warren-Green** *hljómsveitarstjóri*
**Þóra Einarsdóttir** *einsöngvari*
**Finnur Bjarnason** *einsöngvari*



Gjafakort á Vínartónleikana er tilvalin jólagjöf.
Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma 545 2500.

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Með pottlok fyrir himin:

## Skemmtiatriði í sveitarstjórnum

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Nú þegar litið er til komandi kosninga í sveitarstjórnir á Íslandi í vor kann öllum sanngjörnum mönnum að vera ljóst að illa höfum við nýtt tækifæri til sameiningar sveitarfélaga á liðnum árum. Nýlegar uppákomur í sveitarstjórnum í stærri og smærri sveitarfélögum vísa til þess að þar gildi önnur sjónarmið oft en þau að láta hag fjöldans ráða, þar fari fyrst á áhugalista sveitarstjórnarmanna þrengri sjónarmið, jafnvel smáskítleg persónuleg valdaþrá.

Það gengur hægt að vinna að sameiningu sveitarfélaga á Íslandi. Sveitarfélög með færri en 500 íbúa eru 30, sveitarfélög með 500 til 1000 íbúa eru 15. Það segir sig sjálft að slík samfélög eru lítils megnug og verða að semja við nágrannasveitarfélög um flesta þjónustu sem þeim er lögskyld. Það er til marks um getuleysi löggjafans að ekki hefur hraðar gengið í sameiningu smærri sveitarfélaga, enda er hið úrelta og óhagstæða skipulag valdað af ólýðræðislegu atkvæðamagni í dreifðari byggðum og valdað af þingmönnum sem standa í því skjóli.

Á höfuðborgarsvæðinu töldu menn skynsamlegt fyrir tíu árum að fækka sveitarfélögum í tvö stór sveitarfélög, annað frá Kjalarnesi að Kópavogslæk, hitt þaðan í suður allt suður á Vatnsleysuströnd. Sumir vilja ganga enn lengra og segja hagsmuni íbúa á þessu svæði best varða í einu stóru sveitarfélagi, ekki aðeins með tilheyrandi endurskipulagningu heldur ekki síður með aukinni og bættri yfirsýn yfir landsvæði sem er nú eitt atvinnusvæði. Er hagsmunum íbúa betur komið í enn stærri sveitarfélögum suður og norður og fyrir austan: einu stóru sveitarfélagi frá söndunum að Selvogi, einu stóru sveitarfélagi á Reykjanesi frá Selvogi að Straumi, einu frá Hvalfjarðarmynni að Hnappadal, sveitarfélagi á Snæfellsnesi, Dölum með Barðaströnd og suðurhluta Stranda, sveitarfélagi frá Hrútafirði að Húsavík.

Nú þegar kreppir að allri þjónustu sem við teljum sjálfsagða verður að líta til sameiningar og endurskipulags á embættiskerfi sveitarfélaga. Þar er við ramman reip að draga, starfsmannahald er samofið stjórnmálahreyfingum á hverjum stað, þar sitja menn í skjóli sem hróflað var upp í einhverjum meirihlutanum í kerfi sem leiðir til slakrar stjórnunar, ófaglegra ákvarða og vafasamra fjárfestinga. Fylgifiskur smæðar er hreppapólitík, hagur heildar hverfur fyrir plássfrekum eiginhagsmunaseggjum. Í sinni ömurlegustu mynd geta fámenn sveitarfélög sett nágrönnum sínum og þjóðinni allri stólinn fyrir dyrnar eins og sannast best á fyrirganginum í Ölfushreppi sem vilja troða gufuaflsvirkjun ofan í hálsmálið á Hvergerðingum og tilkynna Sunnlendingum, þingi og framkvæmdarvaldi að þeir hyggist taka brúartoll liggi raflínur um hraunmelana ofan við Þorlákshöfn.

Það er margt úrelt og fjarstæðukennt í byggðastjórn á Íslandi, en neyðin ætti að kenna mönnum að hugsa upp á nýtt, sækja fram en hætta búhokri í hróðugri heimsku, sameina en sundra ekki, laga það sem komið er í flækju af manna völdum. Stór umskipti í sameiningu sveitarfélaga á Íslandi eru brýn söguleg nauðsyn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Birgitta og leyniskjölin

Hinn 2. desember minnti Birgitta Jónsdóttir í Hreyfingunni varaþingmenn og aðra á þingi á að lesa leyniskjölin svonefndu um Icesave-málin, sem vistuð eru í húsakynnum nefndasviðs þingsins og aðeins þingmenn fá aðgang að gegn loforði um trúnað. Hún benti sérstaklega á tiltekið bréf, það síðasta í möppunni sem skjölin eru geymd í. Það væri athyglisvert, ekki síst dagsetningin á því. Í ljós er komið að bréfið sem hún átti við var tölvubréf Indriða Þorlákssonar til Marks Flanagan hjá AGS.



### Birgitta og Wikileaks

Daginn áður en Birgitta brýndi fyrir þingmönnum að lesa leyniskjölin var Birgitta á fundi með forsvarsmönnum Wikileaks. Og viti menn, örfáum dögum síðar birtist leynibréfið, sem Birgitta lagði sérstaka áherslu á að þingmenn læsu, einmitt á vef Wikileaks. Nú hafa Birgitta og félagar hennar í Hreyfingunni sent út yfirlýsingu, þar sem þau fordæma vinnubrögð Indriða og skora á þá sem bera ábyrgð á málinu að „íhuga stöðu sína“ – með öðrum orðum að taka pokann sinn. Þetta eru forvitnilegar tilviljanir.



### Umsnúningur

Það er oft áhugavert að fylgjast með viðsnúningi sem getur orðið í pólitíkinni, stundum sitja menn uppi með mál sem þeir höfðu áður lítinn áhuga á að ljá brautargengi. Fyrir ári voru sett hér á neyðarlög. Steingrímur J. Sigfússon hafði fyrirvara á þeim og sat hjá við atkvæðagreiðslu. Nú hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, fellt þann úrskurð að neyðarlögin standist EES-samninginn. Og hver er fyrstur fram á sviðið að fagna því? Jú, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Lárétt samstarf



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Sjálfsvíg símamanna

Það var ekki fyrr en tuttugu og þrír starfsmenn franska símafélagsins France-Télécom höfðu fargað sér, eins og ég hef áður skýrt hér frá, að blaðamenn fóru að beina athyglinni að ástandinu í þessu einkavædda fyrirtæki og þeirri meðferð á starfsfólkinu sem þar var farin að tíðkast. En á því lék ekki minnsti vafi að hún átti stóran þátt í því að menn tóku að leggja á sig hendur, jafnvel á vinnustaðnum sjálfum, eins og bréf sem þeir létu eftir sig báru vitni um.

Yfirmenn fyrirtækisins tóku þessu fyrst með kaldlyndi, einn talaði háðslega um „sjálfsmorðstísku“, en neyddist þó til að biðjast hjáróma afsökunar þegar hann fann viðbrögðin við þessum orðum. Annar sagði að stjórnarhættir í fyrirtækinu væru mjög eðlilegir, þeir væru eins og tíðkaðist í slíkum einkafyrirtækjum um allan heim. Þessi orð voru í hæsta máta athyglisverð, af þeim mátti nefnilega ráða hvað væru taldir „eðlilegir stjórnarhættir“ fyrirtækja í veröld frjálshyggjunnar. Og á það vörpuðu nú frásagnir fréttamanna nokkru ljósi.

Eitt virtist vera aðalatriðið: svipta starfsfólkið allri mannlegri virðingu og gera það að verkfærum sem hægt væri að fara með að vild – kannske í anda Aristótelesar í fornöld sem sagði að þrælarnir væru „talandi verkfæri“ – og kom fram eitt lítið en skýrt dæmi um það. Sú hefð hefur löngum verið ríkjandi í Frakklandi að konur sem vinna á skrifstofum hafi á borðinu fyrir framan sig nokkrar ljósmyndir af börnum sínum, kannske á ýmsum aldri, svo og af rokksöngvaranum vinsæla Johnny Halliday. En skyndilega var þetta bannað með öllu, í skrifstofum símafélagsins mátti ekki vera nokkur skapaður hlutur, hvorki á borði, veggjum né annars staðar, sem tilheyrði ekki Fyrirtækinu, starfsfólkið mátti ekki hafa nokkurn þann hlut sem gæti minnt það á að það væri persónur og ætti sitt líf, einnig fyrir utan Fyrirtækið. Það átti sem sé ekki að eiga neina fjölskyldu aðra en Fyrirtækið.

Annað stigið í þessum markvissu aðgerðum var að einangra einstaklingana, gera þá að „öreindum“ eins og sagt hefur verið, og rjúfa alla samkennd og samvinnu – þeir áttu ekki að geta tekið sig saman fremur en nokkrar skóflur geta gert með sér samtök í verkstæði – setja þá helst í samkeppni hvern gegn öðrum. Ein leiðin til þess var sú að láta menn í sífellu skipta um starf innan símafélagsins, senda þá t.d. fyrirvaralaust í annað útibú 300 km í burtu, og fjöldamargt annað var í þessum dúr.

Um þetta allt voru nú skrifaðar langar frásagnir í frönskum blöðum, þar sem starfsmenn símafélagsins fengu nú loksins að leysa frá skjóðunni. Blaðið „Le Monde“ hóaði auk þess í félagsfræðinga sem skilgreindu vandann með sæg af löngum og lærðum nýyrðum. Komust þeir að þeirri gagnmerku niðurstöðu að þetta ófremdarástand stafaði fyrst og fremst af því að í fyrirtækin vantaði „lárétt samstarf“. Þeim láðist þó að gefa mönnum beinar ráðleggingar um þetta hórisontala puð, sem ætti að leysa lífsins galdur.

En frjálshyggjumenn höfðu einnig sína skýringu: í þeirra augum var sökudólgurinn ríkið og það Velferðarþjóðfélag sem nú er að hverfa. Einn þeirra sagði t.d.: „Þetta er Ríkinu að kenna. Félagslega séð hefur það verndað starfsmenn sína um of, þeir hafa færst upp í stöðum eftir starfsaldri og búið við atvinnuöryggi, samkvæmt frönskum venjum. Svo sendir það í einkageirann menn sem eru ekki búnir undir líf sem er dálítið harðara, dálítið ofbeldisfyllra. Ríkið er eins og bóndi sem hefur alið lömb og sleppir þeim svo út í skóginn án þess að hafa sagt þeim að þar sé úlfa von.“

Þá er lausnin kannske sú að þessi saklausu lömb úr fjárhúsum Ríkisins myndbreytist í úlfa úti í frumskógi frjálshyggjunnar. En það kynni þó að fara öðru vísi en þessi dálkahöfundur ímyndaði sér. Ilbleikir úlfar með strengdan kvið hafa nefnilega sitt skapferli og hugsa sitt, þeirra eðli er að hlaupa um í flokkum eftir bráð sinni með mikilli slægð og vandlegri samvinnu, og þeir sinna afkvæmum sínum sérlega vel, ekkert getur dregið athygli þeirra frá þeim, mönnum er ráðlegast að reyna það ekki. Því er í rauninni harla ólíklegt að lömbin umbreytt í úlfa beiti sinni nýfengnu ýlfsku í einhverri samkeppni hvert á móti öðru í anda Adams Smith og hans nóta. Þau eru miklu líklegri til að mynda eitt grátt úlfastóð – það er þeirra aðferð í láréttri samvinnu – renna á móti þeim yfirmönnum sem ollu myndbreytingunni og sýna þeim oddhvassar vígtennurnar öll í senn. Þá er hætt við að það fari að fara um yfirmennina.

# Fá þeir fátækustu ekki hækkun?

**UMRÆÐAN**

Björk Vilhelmsdóttir skrifar um velferðarmál



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 kemur fram að þeir fátækustu fá enga hækkun á sinni framfærslu sem er og verður 115.567 kr. á mánuði. Svo virðist sem núverandi meirihluti í Reykjavík hafi hvorki áhuga né skilning á aðstæðum þeirra sem fátækastir eru í samfélaginu og hafa því hafnað tillöguflutningi okkar fulltrúa Samfylkingarinnar um hækkun fjárhagsaðstoðar. Við höfum lagt til hækkun í samræmi við hækkun lágmarkslauna eða um 13.500 á mánuði og yrði þá grunnurinn 129.067 kr. Sú tillaga var felld með 4 atkvæðum meirihluta velferðarráðs 18. nóv. sl. en vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Þar gerðist ekkert. Kostnaður við þessa hækkun er tæplega 163 milljónir króna á ársgrundvelli og merkilegt að tillagan hafi ekki verið tekin upp af meirihlutanum þegar í ljós kom að tekjur borgarinnar yrðu á næsta ári 2,6 milljörðum meiri en áætlað hafði verið.

Það er hlutverk sveitarfélaga að tryggja að íbúar þeirra geti lifað með reisn. Sem höfuðborg á Reykjavík að vera í fararbroddi sveitarfélaga um félagslega þjónustu og það var borgin lengst af. Reykjavík var fyrst sveitarfélaga til að greiða sérstaka fjárhagsaðstoð til barna árið 2005. Þá var upphæðin 10 þús. á mánuði en er nú 11.365 kr. Þá tók Reykjavíkurborg upp jólauppbót árið 2003 án þess að dæmi væru um slíkt hjá öðrum sveitarfélögum.

Þrátt fyrir að íslenskt samfélag horfi nú upp á stórfellda fjölgun þeirra sem búa við fátækt hafa reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar ekki tekið neinum breytingum. Formaður velferðarráðs segir mikilvægt að hafa skýrar og gegnsæjar reglur. Það er mikilvægt, en mikilvægast er að sjá að núverandi framfærsluaðstoð Reykjavíkur dugir fólki ekki til að draga fram lífið. Það er óumræðanlega sárt þegar jólin nálgast.

Ég trúi því ekki fyrr en á reynir að borgarstjórnarmeirihlutinn sitji fast við þá ákvörðun að hækka ekki framfærslu þeirra sem fátækastir eru. Þau geta treyst því að við fulltrúar Samfylkingarinnar munum samþykkja hækkun fjárhagsaðstoðarinnar – um það verður ekki pólitískt moldvirði.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Silit
KitchenAid
Öll helstu áhöldin í eldhúsið
Hjá okkur finnast gjafirnar
Severin
WK3360
Nettur 1 lítra
1000w KETILL
sem slekkur
sjálfvirkt á sér
eftir notkun.
VERÐ 3.990
Severin KW3667
Eldhúsvog með törun í vigtunarglugga.
Tekur allt að 5kg með 1gr nákvæmni.
Slekkur sjálfvirkt á sér eftir notkun.
VERÐ 3.990
Severin
KA4052
1000w kaffivél
fyrir 10 bolla með
vatnsmæli og
hitaplötu.
VERÐ 3.990
Severin RG2681
1100w RACLETTE GRILL með hitastilli, 8
Mini pönnum og viðloðunarfrírri áferð.
VERÐ 9.990
SEVERIN
Frábær kaup í smátækjum
Severin HM3823
200w HANDÞEYTARI með 5
hröðum og losunarhnapp.
VERÐ 3.990
Severin AH7910
Þráðlaus handryksuga með öflugu sogi,
sem tekur bæði óhreinindi og vökva. Vegg-
festing og hleðslutæki fylgja.
VERÐ 5.990
Severin PW7008
Vönduð stafræn gler baðvog með fitumælingu. Kveikir
sjálf á sér. Tekur allt að 150kg með 100gr nákvæmni.
TILBOÐ 5.990
FULLT VERÐ 8.490
Severin BM3983
1000g BRAUÐVÉL með LCD skjá, 12 stillingum fyrir
brauð, kökur ofl. 3 skorpustillingar og tímastillir.
VERÐ 15.900
KitchenAid
JÓLATILBOÐ
Glæsileg 90 ára afmælis
glerskál að andvirði
kr. 17.900 fylgir öllum
KitchenAid hrærivélum
Fæst í mörgum litum
– Verð frá kr. 79.900
Einnig fylgir frábær KitchenAid
matreiðslubók!
KitchenAid 5KSB52
500w blandari með 5 hröðum,
öflugum stálhníf og glerkönnu.
Fæst í mörgum litum
– Verð frá kr. 37.900
Severin KA5700
1450w Café Caprice KAFFIKANNA sem sýður
vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.
TILBOÐ 16.900
FULLT VERÐ 19.990
Saeco
Saeco eru mest seldu
sjálfvirku kaffivélarnar
á Íslandi um árabil
Saeco Xsmall
1500w kaffivél með katli úr ryðfríu stáli, kvörn úr
keramik, Panarello flóunarstút og framhlið úr plasti.
TILBOÐ 79.900
FULLT VERÐ 89.990
WilliamBounds
– handgerðar með dassi af sköpunargleði
Hágæða pipar- og saltkvarnir
Verð frá kr. 5.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Öfugmæli í Fréttablaðinu og á ÍNN

UMRÆÐAN
Hermann Þórðarson skrifar um Evrópumál


HERMANN ÞÓRÐARSON

Í forystugrein Fréttablaðsins 17.11 skrifar Jón Kaldal grein um ESB og vænir þar samtökin Heimssýn um að haga sér eins og sértrúarsöfnuður. Ég geri ráð fyrir því að JK sé Samfylkingarmaður og stuðningsmaður aðildar eftir þessum skrifum að dæma.

Andúð greinarhöfundar beinist sérstaklega að nýkjörnum formanni Heimssýnar, Ásmundi Daða Einarssyni, þingmanni VG, og öðrum flokksbræðrum hans sem hafa vogað sér að standa upp í hárinu á Samfylkingunni í Icesave/ESB-málinu og tekið eigin sannfæringu, eins og þeim ber samkvæmt stjórnarskránni að gera, fram yfir hollustu við framkvæmdarvaldið, sem virðist vera í höndunum á fyrrverandi dýrlingi og væntanlegum landsölumanni, sem kúgar forystu VG til fylgis við ríkisstjórnina í Evrópumálunum.

Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem styður heilshugar aðild að ESB, hvað sem það kostar, og minnir það um margt á hvernig sértrúarsöfnuðir haga sér. Samfylkingin telur sig vera jafnaðarmannaflokk en hagar sér eins og argasti íhaldsflokkur í þessum málum. Það er með ólíkindum hvernig VG lætur kúga sig í þessu máli og öðrum vafasömum málum sem núverandi ríkisstjórn beitir sér fyrir. Hvað varðar aðildarumsókn til að fá svar við spurningum okkar sem varða fyrst og fremst auðlindir landsins, þá er það þegar vitað hver svörin verða. Allir ábyrgir aðilar innan sambandsins hafa fullyrt að okkur standi ekki til boða neinar varanlegar undanþágur frá núgildandi lögum og reglum ESB. Allt annað er bara blekking. Hvað varðar lokaákvörðun um væntanlegan samning um aðild þá hefur Samfylkingin ákveðið, verði hún áfram við völd, að þjóðaratkvæðagreiðsla komi ekki til með að hafa nein áhrif á það hvort samningurinn verði samþykktur af meirihluta Alþingis eða ekki. Þessi atkvæðagreiðsla verður því ekki bindandi, heldur aðeins „ráðgefandi“.

Önnur öfugmæli sem komu mér verulega á óvart var stuðningsyfirlýsing Heimastjórnar/Heimsstjórnar Ingva Hrafns á ÍNN, en þeir hafa hingað til verið taldir ákveðnir stuðningsmenn „Bláu handarinnar“. Þar var lýst yfir stuðningi við skipun Þorsteins Pálssonar í samninganefnd Íslands við ESB um aðild vegna reynslu hans í t.d. alþjóðamálum sem fyrrverandi sendiherra. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og ritstjóri Fréttablaðsins, er einn af höfundum kvótakerfisins sem færði eina af mikilvægustu auðlindum landsins í hendurnar á útvöldum vinum þáverandi stjórnvalda. Ég efast ekki um það að ÞP mun ekki hika við að gera hið sama fyrir „diplomatíska“ vini sína í ESB.

*Höfundur er ríkisstarfsmaður á eftirlaunum.*

# Trúverðug kristni

UMRÆÐAN
Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir skrifa um kristni


ÁRNI SVANUR DANÍELSSON


KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR

Það er aðventa og allt í kringum okkur sjáum við merki um að eitthvað er í vændum. Ljós á húsum og trjám, jólalög í útvarpi, auglýsingar og tilboð um hluti til kaupa, tónleikar og listviðburðir til að njóta, eru tákn um það sem er í nánd. Við heyrum líka áköll og áminningar um að veita hjálp og aðstoð þeim sem minna mega sín. Á þessum tíma er við hæfi að staldra við, horfa í kringum sig og lesa táknin í umhverfi okkar.

## Að lesa samfélagið

Við sem eigum skólabörn, vitum hvað það er magnað og flókið ferli að læra að lesa. Með mikilli þrautseigju og þolgæði, og ótal upplestrarstundum fyrir mömmu og pabba, lærist barninu að skilja að bókstafir og hljóð mynda orð, sem mynda setningar, sem hafa merkingu. Þar með opnast því heill heimur sem það hefur aðgang að, getur lært, skilið og túlkað.

Læsi er ekki bara að kunna á stafi, orð og setningar. Læsi í samtímanum snýst ekki bara um að geta tileinkað sér þekkingu og staðreyndir, heldur líka að geta metið það sem við lesum og heyrum á gagnrýninn hátt og skoðað í ljósi þess sem við metum mest í lífinu. Það gerir okkur kleift að tala saman um gildi og verðmæti, og að leggja okkar að mörkum við að móta umhverfið okkar.

## Að lesa trúna

Á aðventunni eru víða haldnir jólatónleikar tónlistarskólanna þar sem ótrúlega mörg börn mæta í fylgd stoltra fjölskyldna til að deila gleði tónlistarinnar sem þau hafa verið að nema í haust og vetur. Fegurðin og gleðin sem ríkir yfir unga tónlistarfólkinu er eitt af þeim táknum sem okkur er gefið til að minna okkur á það sem skiptir máli í lífinu, sérstaklega á tímum sem valda okkur ugg og kvíða. Þetta tákn vísar í tvær áttir.

Önnur talar við okkur um aðstæður og þarfir barnanna okkar, og minnir á ábyrgð okkar fullorðnu að hlusta á þau, lesa það sem þau hafa fram að færa og hlúa að þeim.

Hin áttin vísar til barnsins sem við bíðum eftir á aðventunni. Það er barnið sem stendur fyrir ljós í myrkri, birtu í kulda, kærleika í tómlæti og gleði í kreppu. Það er barnið sem var sent í heiminn til að kenna mönnunum að lesa lífið, svo þeir gætu notið þess í fullri gnægð.

Það er farsælt og til heilla að vera læs á táknin í kringum okkur og þar með talið að vera læs á sína eigin trú. Rétt eins og við erum tilbúin að leggja heilmikið á okkur þannig að börnin okkar læri að njóta tónlistararfsins berum við ábyrgð á því að þau hafi aðgang að trúararfinum og geti notið hans.

## Að lesa þarfir

Það er ábyrgðarhlutverk að lifa í nútíma samfélagi, að vera upplýst, læs og geta tekið þátt í lýðræðisumræðu. En ábyrgðin stoppar ekki þar heldur felur hún líka í sér að við eigum að vera þjónar hins góða og talsmenn vonar í samfélaginu.

Svo þarf að stíga næsta skref. Jesúbarnið sem kemur býður okkur ekki aðeins að læra af sér og tala heldur kallar það okkur til þjónustu við lífið. Hin fjölþætta áskorun aðventunnar er þá þessi: Að við hlustum, horfum, lesum og þjónum. Tölum um hið góða líf og þjónum því í öllu sem við gerum. Höfum augun opin fyrir táknunum kringum okkur. Fyrir táknum um fegurð, gleði og von, lyftum þeim fram og minnum á þau. Fyrir táknum um það sem er ekki í lagi: um fjölskyldur sem líða skort, um fólk sem er troðið á, um misrétti, um misferli, um börn sem fá ekki að vera börn.

Við eigum að haga eigin lífi þannig að það sé tími og rými til að láta gott af okkur leiða. Við eigum að láta okkur annt um þau sem þarfnast – til dæmis með því að gefa mat, peninga eða tíma til hjálparstofnana sem sinna fólki nú fyrir jólin. Við eigum að forgangsraða þannig að börnin okkar finni hvers virði þau eru. Við eigum að vera málsvarar réttlætis, sáttar og vonar í samfélaginu.

Það er trúverðug kristni.

*Höfundar eru prestar.*

# Þögn er sama og samþykki

UMRÆÐAN
Svava Björnsdóttir skrifar um kynferðisofbeldi


SVAVA BJÖRNSDÓTTIR

Á síðustu vikum hafa greinar verið birtar í tilefni 16 daga átaks gegn ofbeldi. Mörg góð samtök eru að vinna þarft og gott starf í íslensku samfélagi bæði til að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi og hjálpa þeim sem beittir eru ofbeldi. Starf Blátt áfram felst í því að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi og leggur helst áherslu á að fræða fullorðna um hvernig hægt er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Lengi má telja þær alvarlegu afleiðingar kynferðislegs ofeldis en ég mæli með nýútkominni bók Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, Á Mannamáli. Þar er gefin greinargóð lýsing á afleiðingum ofbeldisins bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Blátt áfram eru sjálfstæð félagasamtök og er tilgangur samtakanna að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Í upphafi starfsins árið 2004 kom fljótlega í ljós hversu lítil þekking var á málaflokknum á Íslandi. Fagfólk sem leitað var til í upphafi til að kynna starfið var á sama stað hvað varðaði skilningsleysi og ótta við að tala um kynferðislegt ofbeldi. Hvernig ofbeldi gerist og mikilvægi þess að tilkynna grun um ofbeldi. Þetta var okkur áhyggjuefni en um leið gaf okkur skilning á þeirri mótstöðu og viðbrögðum stjórnenda á mikilvægi þess að fræða starfsfólk sitt um kynferðislegt ofbeldi. Flest viðbrögðin voru, þetta gerist ekki hér – við þurfum ekki að tala um þetta – ertu að áska okkur um eitthvað?

Með samúð og skilning á þeim mannlegu viðbrögðum sem við sáum aftur og aftur lögðum við fram staðreyndir málaflokksins sem og hinar mörgu leiðir til að fyrirbyggja ofbeldið.

Ein af hverjum 5 stúlkum og einn af hverjum 10 drengjum eru beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa.

Síðastliðin ár hefur sókn í fræðslu fyrir fullorðna, námskeiðið Verndarar barna, verið jafnt og þétt að aukast. Eru það góðar fréttir og er skilningur á mikilvægi þess að hvert og eitt okkar taki ábyrgð á þeirri þögn sem ríkir yfir kynferðislegu ofbeldi, að skila sér. Í fræðslunni finnum við að erfiðast er að ræða þetta við þá nánustu og að huga að þeim möguleika að ofbeldismann/konu gæti verið að finna í fjölskyldunni, eða í þjónustuhlutverkum þar sem við treystum öðrum fyrir börnum okkar nær 100%. Á námskeiðinu Verndarar barna fær einstaklingurinn, hvort sem hann er sálfræðingur, kennari, prestur eða faðir/móðir, tækifæri til að hugsa sig vel um, og tjá sig um hver er helsti óttinn við það að tala um kynferðislegt ofbeldi, eða við það að tilkynna grun um ofbeldi. Þetta er fyrsta skrefið. Þegar fólki tekst að yfirstíga óttann og sér að með því að velja að treysta sjálfum sér, tala um ofbeldi er það ekki lengur að samþykkja ofbeldi. Það er að taka ábyrgð á sér og sínum og er í leiðinni frábært fordæmi fyrir aðra í samfélaginu. Blátt áfram hefur reglulega boðið fjölmiðlafólki sem og hæstaréttardómurum á námskeiðið Verndarar barna og vil ég hér með minna á það sem og hvetja sem flesta til að sækja þetta námskeið sem samkvæmt rannsóknum (rannsókn Darkness to Light) breytir hegðun og tryggir öruggara umhverfi barna með því að rjúfa þögnina.

Höfum hugrekki til að tala blátt áfram um kynbundið ofbeldi, samþykkjum það ekki með þögn okkar.

Boðið er upp á námskeiðið Verndarar barna umhverfis landið, vinsamlegast heimsækið heimasíðu Blátt áfram til að finna leiðbeinanda í þínu bæjarfélagi.

*Höfundur er varaformaður samtakanna Blátt áfram.*


# ÖRYGGISMÖRK Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

• Er endalaust hægt að skera niður í heilbrigðisþjónustunni?
• Hvenær er öryggismörkum náð í mönnun heilbrigðisstofnanna?
• Hver ber ábyrgðina sé þjónusta undir öryggismörkum?









**Frummælendur verða:**
Álfheiður Ingadóttir *heilbrigðisráðherra*
Árni Páll Árnason *félags- og tryggingamálaráðherra*
Anna Stefánsdóttir *framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala Háskólasjúkrahúsi*
Eva Þengilsdóttir *varaformaður samtakanna Almannaheill*
Pétur Blöndal *alþingismaður*

**Fundarstjóri:** Þóra Arnórsdóttir *fjölmiðlakona*
**Setning:** Gísli Páll Pálsson *formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu*

*Að lokinni framsögu verða pallborðsumræður*

**Ráðstefna á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á Grand hótel miðvikudaginn 9. desember kl. 13:30**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU


**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að birta efni í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**HÁDEGISGÖNGUR** Ferðafélags Íslands eru farnar á þriðjudögum klukkan 12 og á fimmtudögum klukkan 14. Á þriðjudögum er gengið frá Árbæjarlaug og um Elliðaárdal en á fimmtudögum er gengið frá Nauthólsvík eftir ýmsum leiðum við sjóinn. www.fi.is




FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





ÖFLUGIR FJARSTÝRÐIR RAFMAGNS- OG BENSÍNBÍLAR Í MIKLU ÚRVALI.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

NETHYL 2, SÍMI 5870600, WWW.TOMSTUNDAHUSID.IS

Eirberg



Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn í Svíþjóð

Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Hefur góð áhrif gegn streitu
- Er slakandi og bætir svefn

Verð frá 9.750 kr.

Opið virka daga frá kl. 9 -18 og laugardaga til jóla kl. 11-16

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Draumadúnsængin

100% dúnn (790 gr)

Jólatilboð 23.990 kr

Verð áður 29.990 kr




Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




Hér sést hópurinn sem fór í eftirminnilega ferð að Jökulsárlóni síðastliðið sumar. Axel Eiríksson er annar frá vinstri. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mikill spenningur fyrir Skotlandsferð í apríl

**Meðlimir í BMW-mótorhjólaklúbbnum á Íslandi ætla að leggja land undir fót í apríl og þeysa hringinn í kringum Skotland. Hjólin verða send út með gámi og svo fylgja þátttakendur eftir með flugvél.**

„Það er heilmikil spenna fyrir þessari ferð, enda skilst mér að þarna sé gríðarlega fallegt og eflaust gaman að keyra,“ segir Axel Eiríksson, úrsmíðameistari og meðlimur í BMW-mótorhjólaklúbbnum á Íslandi. Nokkrir félagar í klúbbnum vinna hörðum höndum um þessar mundir við að skipuleggja heljarinnar hjólaferð til Skotlands í apríl næstkomandi.

Ferðin verður óvenjuleg að vissu leyti, því hjólin verða send út í gámi með Samskipum, og svo aftur til Íslands að ferðinni lokinni. Þátttakendurnir fljúga svo utan og til baka með Icelandair. Sjálf ferðin verður farin frá Immingham, sem er á austurströnd Bretlands, og réttsælis í stóran hring umhverfis Skotland. Gert er ráð fyrir að ferðin taki í kringum tíu daga og verður þátttakendum skipt upp í þrjá hópa sem hittast í upphafi ferðarinnar, um hana miðja og í lokin. Þegar hafa nítján meðlimir skráð sig í ferðina og ætla nokkrar eiginkonur að fljóta með þótt þær hjóli ekki sjálfar. „Við köllum eiginkonurnar stundum „hnakkaskraut“ að gamni okkar,“ segir Axel og hlær. Auk þess eiga nokkrir meðlimir hjól þar úti sem þeir koma til með að keyra í ferðinni.

Lagt verður upp með að finna í það minnsta einn stað á hverjum degi, sem áhugavert er að skoða og býður upp á skemmtilegan hjólaakstur. Axel segir að það muni varla verða vandamál, enda mikið af háum heiðum og stórbrotnu landslagi í Skotlandi.

Í Englandi mun hópurinn fara í viðtal hjá dagblaðinu Grimsby Telegraph, og til stendur að erlendir mótorhjólaklúbbar muni jafnvel heimsækja Ísland í sama tilgangi í kjölfarið.

Þetta er fyrsta eiginlega ferðin sem klúbburinn fer út fyrir landsteinana. Nokkrir meðlimir ferðuðust þó til Þýskalands fyrir tveimur árum þar sem þeir sóttu námskeið í utanvegaakstri. „Klúbburinn er tveggja ára gamall og þó nokkuð virkur,“ segir Axel. „Síðasta sumar var til dæmis heilmikið að gerast og margar ferðir farnar, þar á meðal ein afar eftirminnileg að Jökulsárlóni. Meðlimir klúbbsins eru misvanir eins og gengur, og einn okkar var sídettandi á hjólinu. Hann var allur af vilja gerður en þetta gekk bara ekki upp hjá honum. Á endanum var hann orðinn svo þreyttur að einn okkar þurfti að reiða hann burt af svæðinu, sem er ekkert grín í svona sandi eins og þarna er,“ segir Axel. *kjartan@frettabladid.is*





BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110 Þjónustumiðstöð bílsins

# JÓLIN KOMA

**FYRSTA FRÍMERKIÐ** sem tileinkað var jólum var prentað í Austurríki árið 1937.





NÝKOMNIR OG GLÆSILEGIR



Teg. Emma push up í BCD skálum á kr. 6.885,-



Teg. Emma push up í D, DD, E, F, FF, G skálum á kr. 6.885,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18
**Lau 12.des kl. 10-16**
**Lau 19.des kl. 10-18**
**Þorláksmessa kl. 10-20**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Jólasveinninn í Garðheimum kann vel að meta jólatré og er alveg sama hvernig þau eru á litinn.



Bleiku jólatrén voru langvinsælust fyrir nokkrum árum en eru löngu uppseld.



Silfurjólatrén eru ein eftir í Iðu en þau svörtu kláruðust strax.

## Bleiku jólatrén eru löngu búin

**Lituð jólatré virðast hafa fest sig í sessi á Íslandi. Þau eru til í svörtu, silfurlitu og rauðu en bleik tré eru uppseld.**

Jólatré eru á flestum heimilum yfir jólin og til skamms tíma lét fólk sér nægja hefðbundin barrgræn tré, ýmist lifandi eða gervi. Svo fóru að fást lituð gervijólatré og það var eins og við manninn mælt að Íslendingar tóku við sér og síðan hefur töluvert selst af marglitum jólatrjám ár hvert. Það var Arndís í Iðu sem reið á vaðið árið 2004. „Fólki þótti þetta mjög athyglisvert," segir hún og bætir við að hún hafi haldið að þetta yrði bara tískufyrirbæri í eitt ár.

Raunin varð önnur og undanfarin ár hafa fengist jólatré í ýmsum litum í Iðu. „Sérstaklega voru bleiku jólatrén vinsæl og enn er fólk að biðja um þau." Í ár voru svörtu jólatrén vinsælust en þau eru uppseld í Iðu. „Ég á enn nokkur silfurlit og svo fæ ég kannski nokkur lítil rauð tré," segir Arndís og bætir við að hún hafi ekki búist við því að vinsældir lituðu trjánna myndu haldast svo lengi sem raun ber vitni.

Í Garðheimum má fá rauð og hvít jólatré auk hefðbundinna grænna gervitrjáa sem eru til með ýmsu lagi, bæði alveg þríhyrnd með ljósum, keilulaga og líka hefðbundin. Þeir sem vilja fjárfesta í jólatré sem fellir ekki barrið og er hægt að nota ár eftir ár ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi jafnvel þótt bleiku trén séu búin. *- bb*



Rauðar jólakúlur taka sig einkar vel út á silfruðum greinum.


HLEÐSLUTÆKI
SNILLDARJÓLAGJÖF




15% jólaafsláttur
af þessum frábæru tækjunum

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is



Patti Húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum







Við framleiðum hornsófar, tungusófar sófasett og stakir sófar eftir óskum hvers og eins. Mikið úrval af áklæðum

























Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



ALLT HELGIN
Laugardaga

Sölufulltrúi:
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is
sími 512 5473



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Elín Ósk verður miðpunktur tónleikanna en hún heldur að auki utan um alla framkvæmd þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stórhátíð með Elínu Ósk

**Söngdívan Elín Ósk Óskarsdóttir stendur fyrir jólatónleikum í Víðistaðakirkju á laugardag. Þar verður hún jólakúlan í miðjunni umkringd öðrum listamönnum. Elín vonar að þetta verði árlegur viðburður.**

Stórhátíð með Elínu Ósk Óskarsdóttur sópransöngkonu verður haldin í fyrsta skipti í Víðistaðakirkju á sunnudag en með henni koma fram þær Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Maríanna Másdóttir flautuleikari auk Drengjakórs Hafnarfjarðar og Óperukórs Hafnarfjarðar.

„Það er búinn að vera draumur hjá mér í mörg ár að standa sjálf undir jólatónleikum. Söngvarar og listamenn eru gjarnan að koma fram á vegum annarra og þá sérstaklega klassískir listamenn. Það er gaman og þakkarvert en mig hefur hins vegar lengi langað til að gera þetta upp á eigin spýtur og fá eigin gesti.“ Elín Ósk, sem er mikið jólabarn, er búin að ganga með fjölmörg lög í maganum sem hún hlakkar nú til að geta sungið fullum hálsi. „Ég er mikill aðdáandi stórsöngkonunnar Jessye Norman og verða nokkrar flugeldasýningar úr smiðju hennar á dagskrá ásamt ljúfum íslenskum og erlendum jólalögum. Við verðum öll í hátíðabúningi, skreytum kirkjuna og bjóðum upp á huggulegheit í hléinu en markmiðið er að fólk fái hátíð, gleði og hlýju í hjartað.“

Elínu Ósk langar til að gera tónleikana að árlegum viðburði í Hafnarfirði og jafnvel víðar ef vel gengur. Henni er Hafnarfjarðarbær, þar sem hún hefur verið búsett síðustu fjórtán ár, afskaplega kær en hún er bæjarlistamaður Hafnarfjarðar. „Ég vona að tónleikarnir geti orðið að stórhátíð í Hafnarfirði. Við byrjum í Víðisstaðakirkju en sjáum svo hvert þetta leiðir.“

Áætlað er að tónleikarnir standi yfir í um tvo tíma með hléi og segir Elín Ósk miðaverði stillt í hóf til að sem flestir geti komið. Forsala aðgöngumiða fer fram í Eymundsson í Kringlunni og í Eymundsson í Hafnarfirði. Tónleikarnir hefjast klukkan fimm á sunnudag og verður einnig hægt að kaupa miða við innganginn. *vera@frettabladid.is*




























Þessi sérstæða jólakúla sómir sér ein og sér eða sem skraut á jólatré.


Tinna notar ýmsa hluti í skrautið sem hún hefur safnað að sér.

# Gjöf fyrir kæra vini

**Jólaskraut Tinnu Kristjánsdóttir er óvenjulegt en afar fagurt. Hún föndrar það úr hinum ýmsu afgöngum sem hún hefur sankað að sér í gegnum tíðina.**

Tinna Kristjánsdóttir byrjaði að föndra jólaskraut fyrir mörgum árum. „Í upphafi voru þetta gjafir til þeirra sem mér þykir vænt um," segir hún en síðan þróaðist hugmyndin og hún fór að selja skrautið. Nú hefur hún setið við frá lokum október og föndrað fagurt skraut á heimili Íslendinga.

„Hugmyndirnar að skrautinu koma alls staðar að og þróast oft út frá hráefninu sem ég nota," segir Tinna sem notar ótrúlegustu hluti í skrautið sitt. „Sumt eru hlutir sem ég á sjálf, hlutir sem ég hef passað vel upp á eins og sérstök nammibréf með myndum. Þá nota ég gömul leggingabönd frá mömmu minni sem er með fyrirtæki sem býr til lampaskerma og böndin eru örugglega frá þriðja áratugnum," segir hún. Hún segist þekkt fyrir söfnunaráráttu. „Ég er mjög oft spurð hvað ég ætli eiginlega að gera við allt þetta drasl. Mér finnst þetta vera svo svívirðileg spurning og henni er í raun svarað í því sem ég bý til," segir hún glaðlega.

Hverju jólaskrauti fylgir síðan eitt orð sem minnir á jólin. „Eitt kvöldið sátu tvær mjög kærar vinkonur með mér og við upphugsuðum fjöldamörg orð sem tengd eru jólum. Þetta eru orð á borð við kanill, vísnasöngur, kerti og spil og viðlíka," segir Tinna og finnst tilvalið að fólk gefi jólaskrautið einhverjum sem því þyki vænt um.

Jólaskraut Tinnu fæst í versluninni Heimili og hugmyndir á Suðurlandsbraut, í gamla Fálkahúsinu.

- sg


Hrefna Guðmundsdóttir fylgist ánægð með föndri drengjanna í Kampi.

# Unglingar búa til persónulegar gjafir

**Unglingar eru sennilega vanmetnasti aldurshópurinn en oftast sá sem er frumlegastur og hugmyndaríkastur.**

Það sannast til dæmis í enn einu verkefninu sem Frístundamiðstöðin Kampur stendur nú fyrir en hún er rekin af Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur. „Frístundamiðstöðin Kampur rekur þrjár félagsmiðstöðvar, Punktur Is í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og svo 105 í Háteigsskóla. Nú fer próftímabil í grunnskólunum í hönd svo við leggjum áherslu á hafa það rólegt og huggulegt," segir Hrefna Guðmundsdóttir, verkefnastjórnastjóri í Kampi. „Fyrir jólin höfum við komið upp fjórum smiðjum, sem fara hringinn á milli félagsmiðstöðvanna, Í einni smiðjunni þrykkjum við á boli, í annarri þrykkjum við á bolla, í þeirri þriðju búum við til brjóstsykur og í síðustu smiðjunni er skartgripagerð." Hún segir að mikil stemning hafi verið í brjóstsykursgerðinni í 105. „Hann var ekki beint hefðbundinn brjóstsykurinn sem kom út úr þeirri sykursmiðju," segir hún og hlær. „Það var alls kyns brjóstsykur framleiddur, allt frá hjörtum og til hnullunga."


Vandað til verka.

Hrefna hefur unnið með ungmennum í nær tvo áratugi og segir þau í raun ekkert hafa breyst. „Þau eru eins og annað fólk en ef eitthvað er eru unglingar frumlegri og skemmtilegri en annað fólk, þeir eru að minnsta kosti mjög tilbúnir að kynnast nýjum hlutum með opnum huga og upplifa eitthvað nýtt." Hún segir unglingana marga vera komna í jólaskap og vera almennt káta og hressa á aðventunni eins og má á heimasíðunni, www.kambur.is."

# leikur í höndum






FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Myndlistarvörur í miklu úrvali !



LISTALAGERINN
JÁRN&GLER
Skútuvogur 1h (Barkarvogsmegin)
104 Reykjavík s: 58 58 900
www.jarngler.is - jarngler@jarngler.is

Orðsending til Vestfirðinga
og annarra sem áhuga hafa á vestfirskum húmor

Við getum enn útvegað allar vestfirsku þjóðsögurnar í setti.
Það eru rúmlega 1100 sögur í 11 bókum.

Verð 10.500,- kr. Sendingargjald með Íslandspósti innifalið.
Einnig er hægt að fá stakar bækur til að fylla inn í.
Verð 1.200,- kr. Sendingargjald innifalið.
Sendið okkur tölvupóst, jons@snerpa.is eða hringið.

Vestfirska forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Kirkjan var gerð fyrir 25 árum og hið sterka UHU-lím hefur staðist vel tímans tönn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Jólaleg mynd með klóspori og krosssaum.



Þau eru mörg útsaumssporin sem eftir Björk liggja.



Mynd í rauðum ramma rímar vel við jólapokann.



Sveinki á sleðanum.

# Sykurkirkjan kemur með hátíðleikann í húsið

**Stofan hennar Bjarkar Bergmann, baðvarðar í íþróttahúsi Kársnesskóla, er skreytt á einstakan hátt. Allt sem hangir á jólatrénu hennar er handgert en mesta athygli vekur þó snjóhvít, reisuleg kirkja úr ótal sykurmolum.**

„Þegar sykurkirkjan er komin upp á borð finnst mér jólin vera að koma,“ segir Björk brosandi. Hún segir kirkjuna orðna 25 ára en óhætt er að segja að hún beri aldurinn vel.

„Ég gerði hana ásamt krökkunum mínum og við gáfum móður minni hana. En svo var mamma farin að eldast og var orðin hrædd um kirkjuna svo hún skilaði henni aftur.“

Björk segir byggingarefnið vera kantaða sykurmola eins og oft séu á veitingahúsum. „Suma þurfti að þjala svo að þeir pössuðu, það var svolítil handavinna í þessu. Svo notuðum við UHU-lím og það er búið að standa sig vel. Krossinn er þrisvar búinn að brotna af en það er bara af því að illa fór um hann í geymslu. Plastið í gluggunum er líka aðeins farið að springa en ekki er auðvelt að laga það og ég leyfi því bara að vera svona.“

Fínlegar, innrammaðar útsaumsmyndir í ýmsu formi fara vel á hvíta járnjólatrénu hennar Bjarkar. „Ég var alveg á fullu að sauma þetta fyrir nokkrum árum,“ segir hún brosandi.

Spurð hvort hún byrji snemma að skreyta svarar hún: „Ég gerði það alltaf. Var yfirleitt búin að öllu fyrir 1. desember. En nú bý ég ein í frekar litlu plássi og stemningin hefur aðeins breyst.“ *-gun*



Jólasokkarnir punta upp á plássið.

## ● UNDIR ILJARNAR

Mottu úr grófu ullarbandi er afar fljótlegt að hekla. Í þessa er notaður alíslenskur ullarþráður sem heitir Bulky lopi og er framleiddur hjá Ístexi. Hann er til í þó nokkrum litum og þeirra á meðal eru hreinir litir með doppum og aðrir tónaðir. Sá sem hér er notaður er einn þeirra tónuðu og sér til þess að mynstrið verði eins og skýjafar á himni eða þokuslæðingur til fjalla.

Heklunálin er númer níu og aðferðin er hið sígilda fastahekl, þar sem nálinni er stungið niður í lykkju, þráðurinn dreginn í gegn, er svo sóttur aftur og dreginn í gegnum báðar lykkjurnar. Einfaldara getur það ekki orðið.

*- gun*



## ● AÐMÍRÁLSFIÐRILDI



Stærð heklunálar fer eftir grófleika garnsins. Í fiðrildinu eru 3 litir sem við köllum A, B og C.

Skammstafanir:
ll. = loftlykkja
kl. = keðjulykkja
fl. = föst lykkja
hst. = hálfstuðull
st. = stuðull
tvf st. = tvöfaldur stuðull

Vængur 1:
Fitjið upp 5 ll í lit A og tengið saman í hring.
1. umf.: (rangan): 3 ll og 4 stuðlar = 5 stuðlar sem ná yfir hálfan hringinn.
2. umf.: 3 ll, 2 st. í hvern af næstu 3 st. = 8 st. Tengið lit B.
3. umf.: Litur B. 1 fl. 1 hst., 3 st. í næsta st., 2 hst, 3 st. í næsta st., 1 hst. og 1 fl. Samt: 12. Tengið lit C.
4. umf.: Litur C. 1 ll., 1 fl., 2 fl. í næstu 2 st., 1 fl., 1 kl., 1 fl., 2 fl. 1 st., 1 tvf.st., 1 st., 1 fl. Dragið í gegn.



Vængur 2:
Spegilmynd af væng 1.
Gangið frá endum.
Búkurinn: Litur A: 10 ll, 1 fl. í 3. ll., síðan 1 kl í hinar 7. Dragið í gegn og gangið frá endum. Búkurinn saumaður ofan á vængina.

*Heimild:100 flowers to knit & crochet*



**Ása Guðmunds og Siharu; bak við þær eru Birkir Snær, Ingibjörg Steins, Æsa Elína og Fríða Þrúðmars. Svo eru það Guðrún Hálfdanar, Guðný Eiríks, Árdís Halldórs, Guðný Svavars, Guðbjörg og Heiður Vilhjálmsdætur og Halla Bjarna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

## ● PRJÓNAKAFFI Á HÖFN

Eins og Spaugstofan benti svo smekklega á síðasta laugardag gengur mikið prjónaæði yfir Ísland og það nær allt frá ystu strönd til innstu dala. Prjónakaffi eru vel þekktar og vinsælar samkomur sem fara fram á hinum ýmsu stöðum, meðal annars á bókasöfnum landsins. Á Höfn í Hornafirði safnast til dæmis prjónelskandi einstaklingar saman í bókasafninu einn vissan laugardag í hverjum mánuði með sínar hannyrðir, skoða blöð og bækur um áhugamálið og fá sér kaffisopa.

Blaðamaður Fréttablaðsins datt inn á prjónakaffið á Höfn í haust og átti þar notalega stund innan um iðnar og skemmtilegar konur.


# Úrval af stenslum

**Það er hægt að stensla á tau, veggi, húsgögn, gler o.fl.**
**Sýnikennsla hjá okkur n.k. fimmtudag og föstudag**




**Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is** - Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# Vandaðar prjónabækur
## – frá Hugmyndabanka heimilanna




Fullt verð 3.990 kr.

### Prjónað - í dagsins önn

*Hún er komin út! Þessi bók er snilld að mínu mati. Kemur mér í gott og rómantískt skap. Uppskriftirnar eru bæði smart og koma hugmyndafluginu af stað. Í þessari bók er eitthvað fyrir alla, konur sem karla á öllum aldri. Hönnunin á bókinni er afar falleg og langar mann að takast á við öll verkefnin í henni. Nýstárleg hönnun og munstur sem maður bara verður að prófa ! Það skemmir ekki fyrir að hægt er að velja úr smáum og stórum verkefnum.**

***Spennandi bók sem ég get skoðað aftur og aftur.***

***Anna Silfa - www.garnbudin.is**

### Prjónað á börn

*Bókin er glaðleg og skemmtileg með uppskriftum sem börnunum líkar. Uppskriftirnar eru í stærðum 2 - 12 ára, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Falleg og smart snið sem kitla og hvetja mann til að hefjast handa strax! Það sem heillar mig mest við bókina er hvað uppskriftirnar eru settar einfaldar fram, sniðin jafnt fyrir stelpur og stráka og einnig úrvalið af hversdags og fínni fatnaði. Afar sígild og eiguleg bók sem er ómissandi í mínu hannyrðabókasafni.**

***Ég mæli með því að lesa formálann í bókinni þar sem höfundurinn talar til þín á sinn einlæga hátt.***

***Anna Silfa - www.garnbudin.is**




Fullt verð 3.990 kr.

Skráðu þig í Hugmyndabanka heimilanna og fáðu þessar frábæru bækur saman á aðeins 2.880 krónur.
**Skráðu þig núna á www.edda.is/klubbar eða hringdu í síma 522-2000**

edda
www.edda.is

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330






Fari bifreiðin illa í gang getur þurft að skipta um kerti. Einar Guðmundsson, hjá Nesdekk hjólbarðaverkstæði, sýndi okkur réttu handtökin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ný kerti í kaggann

**Miserfitt getur verið að skipta um kerti í bílum en yfirleitt er það létt og löðurmannlegt verk, ekki mikið flóknara en að skipta um ljósaperu í náttlampanum í svefnherberginu.**

Fari bíllinn illa í gang í köldu og röku veðri getur verið gott að skipta um kertin og hreinsa hvítt hrúður innan úr kveikjulokinu í leiðinni. Hrúðrið er einfaldlega pússað með skrúfjárninu sem þarf til að losa kveikjulokin, skrapað innan úr lokunum og blásið burt. Kveikjuhamarinn er pússaður með sandpappír. Svo skal úða yfir lokið með rakavara sem fæst á bensínstöðvum.

Fyrst þarf auðvitað að vita hvar kveikjulokin og kertin eru en þær upplýsingar er að finna í handbók bílsins. Í undantekningartilvikum þarf að skrúfa úr alla vélina til að komast að kertunum en þá þarf fagmaður að koma að verkinu.

Best er að nota sérstakan kertalykil til að ná kertunum úr og skipta um þau öll fyrst maður er farinn af stað í þessa aðgerð yfirhöfuð. Svona er það gert: ekki skipta um kertin þegar vélin er heit, fjarlægið óhreinindi sem geta verið niður með kertunum áður en þau eru skrúfuð úr og verið viss um að kertin sem sett eru í séu nákvæmlega eins og þau sem tekin voru úr. Þar geta smáatriði skipt sköpum. Best er að athuga í handbók bílsins hvernig kerti skuli kaupa, eða taka einfaldlega kerti úr og biðja um annað eins á næsta sölustað.



Best er að athuga í handbók bílsins hvernig kerti á að kaupa eða taka eitt stykki úr bifreiðinni og biðja um eins á næsta sölustað.



Hér sést kerti með kveikjulokinu á eins og það blasir við manni undir vélarhlífinni.



Loks eru nýju kertin skrúfuð í, kveikjulokunum smellt ofan á og skrúfuð föst.

Nýju kertin eru skrúfuð í, kveikjulokunum smellt ofan á og skrúfuð föst. Að þessu loknu ætti bíllinn að hrökkva betur í gang en ef hann gerir það ekki gætu kertaþræðir og kveikjuhamar verið lélegir.

Nánari upplýsingar um það og kertaskiptinguna má finna á heimasíðu N1 en þessi grein er meðal annars byggð á upplýsingum þaðan.

*- nrg*

**● HLUTIR SEM GÆTA ÞARF AÐ FYRIR LANGFERÐIR** Oft er betur heima setið en af stað farið keyrandi í langferð um hávetur. Ef ferðahugurinn er knýjandi mikill eru þó nokkur atriði sem hafa þarf í huga ef ske kynni að óhöpp hendi á leiðinni.

Án varadekks sem virkar er langferðarbíllinn ekkert. Passa þarf að nægur loftþrýstingur sé í dekkinu og hvort hægt sé um vik að losa það, sé það fest niður á einhvern hátt. Ekki er síður mikilvægt að kanna hvort hægt sé að losa dekkin sem þegar eru undir bílnum, en það getur reynst erfitt ef hjólin hafa verið ofhert á verkstæði.

Þá er nauðsynlegt að gæta þess að felgulykill, öryggisþríhyrningur, vasaljós og sjúkrakassi séu með í för. Annars getur farið illa.



Það getur verið tómt vesen að skipta um dekk, sérstaklega á veturna á Íslandi.





**● ALLT UM ALTERNATORINN** Alternator er eitt af þessum bílaorðum sem sveipa vélina undir húddinu dulúð. Jeppar þurfa stærri alternatora en fólksbílar og stórar gröfur eiga það til að steikja þá. Sumir lemja alternatora ef þeir haga sér illa, en þá eru þeir hættir að hlaða rafgeyminn. Alternator þýðir rafall eða spennugjafi sem getur af sér riðstraum. Hann er tengdur við vélina með reim og hlutverk hans er að halda rafgeyminum fullhlöðnum og vega upp á móti spennufalli þegar rafgeymirinn afhleðst hratt. En rafgeymirinn má ekki tæmast, þá stöðvast bifreiðin.

**● HVORU MEGIN?** Sumir eiga endalaust erfitt með að muna hvoru megin bensínlokið er á bílnum. Það getur verið bagalegt og pirrandi en það er alveg óþarfi því að bensínmerkið í mælaborðinu sýnir hvoru megin þú átt að leggja upp við bensíndælu. Hjá bensínmælinum er táknmynd og þeim megin sem stútur og slanga er á þessari táknmynd, þeim megin er bensínlokið á bílnum. Svona er þetta í næstum því öllum bílum.



**Hér er bensínlokið á hægri hlið.**



**● MIKILVÆGT AÐ SKPTA UM REGLULEGA** Tímareim er einn af þessum hlutum í bílnum sem mikilvægt er að skipta reglulega um. Ef það er ekki gert getur reiminn slitnað og þá getur viðgerðarkostnaðurinn orðið margfalt meiri en kostnaðurinn við að skipta henni út tímanlega. Afleiðingarnar gætu orðið þær að stimpillinn rekst í ventlana og skekkir þá, eða vélin hreinlega eyðileggst. Þess vegna er gott að muna að yfirleitt þarf að skipta um tímareim á 100.000 kílómetra fresti.


**Með reglulegri meðhöndlun á vinnukonum má koma í veg fyrir skítugar framrúður.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Að taka málin í sínar hendur

Bifvélaviðgerðir eru ekki meðfæddur eiginleiki og við sumum bilunum er lítið annað hægt að gera en láta sérfræðing gera við þær. Sumt getur maður þó, góðu heilli, gert sjálfur. Til dæmis getur maður sjálfur athugað ástand hjólbarða og hjólbarðaþrýsting, skipt um dekk, athugað kælivökva, skipt um perur og kerti, athugað vatnsstöðu í rafgeymi, smurt hurðalamir, kannað ástand og stillingu viftureimar, skipt um olíu, olíusíu og loftsíu, blettað í rispur á lakki og svo auðvitað þrifið bílinn. Það er alveg með ólíkindum hvað bifreið getur tekið miklum stakkaskiptum við það eitt að vera þrifin. *- nrg*



**Stórbættu útsýnið og meðhöndlaðu vinnukonurnar á framrúðunni:**
- Reddaðu tjörueyði, ísvara eða kveikjarabensíni.
- Settu efnin í klút.
- Lyftu upp rúðuþurrkunum og strjúktu þeim vel upp og niður.
- Þrífðu líka framrúðuna.
- Leggðu rúðuþurrkurnar niður aftur.
- Nú eiga þurrkurnar að vinna betur.
- Skilji þurrkurnar eftir rákir á rúðunni í blautu veðri er kominn tími á nýjar.











**● KÖKUDISKAR KOMA SÉR VEL** Hægt er að fegra stofuna með ýmsum einföldum aðferðum. Ein er að koma fallegum kökudiski, helst á nokkrum hæðum, fyrir á miðju borðstofuborðinu. Svo er um að gera að skreyta það með fallegum munum, svo sem litríkum kertum, krukkum eða bollum og setja þá minnstu efst og stærstu neðst, blómum eða girnilegum smákökum sem búið er að binda fallega, marglita borða utan um.



**● VEGGFÓÐUR Í LÍTIL RÝMI** Ýmsum ráðum má beita til að lífga upp á króka og kima í húsum, geymslur og þess háttar, sem undir venjulegum kringumstæðum vekja litla eftirtekt. Eitt þeirra er að veggfóðra umrætt rými með fallegu, gamaldags veggfóðri eða jafnvel afgöngum af gömlu veggfóðri, gefist húsráðanda færi á að komast yfir slíkar gersemar. Ef húsið hefur almennt yfir sér látlaust yfirbragð spillir svo ekki fyrir að nota skrautlega mynstrað veggfóður, ef völ er á, svo úr verði skemmtileg mótsögn við annað í nánasta umhverfi.









1. Brjótið A4-blað í ferning, þannig að allir hliðar séu jafnlangar. Klippið afganginn af eins og sést á myndinni.



2. Brjótið blaðið því næst aftur saman horn í horn, eins og gert er hér að ofan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



3. Snúið lokaða endanum að ykkur og klippið með 1-1,5 sm millibili upp í lokaða brotið. Klippið ekki lengra en 1-1,5 sm að brúninni á hinum enda.



4. Þegar ferningurinn hefur verið klipptur lítur hann svona út.



5. Takið tvær innstu ferningaræmurnar og límið þær saman með límstiftinu svo úr verður hálfgerður sívalningur.



7. Þá er útkoman eins og þessi. Þetta er aðeins einn vængur í jólastjörnuna en í hana þarf sex vængi. Endurtakið því leikinn sex sinnum.



8. Raðið stjörnunum í hring og heftið í miðjunni. Heftið svo saman hliðarnar, tvær og tvær. Heftið borða í miðjuna ef þið ætlið að hengja hana upp.



9. Hér er jólastjarnan tilbúin, ótrúlega falleg en búin til úr mjög ódýru hráefni. Hana er líka mjög auðvelt að gera, allt sem þarf er að klippa, líma og hefta.

# Listaverk gert úr ljósritunarpappír

**Þær Jónína Margrét Sævarsdóttir myndlistarkennari og Siv Heiða Franksdóttir, textílkennari í Rimaskóla, bjuggu til fallega stjörnu úr afar ódýrum efniviði, eða aðeins sex hvítum 80 g blöðum.**

„Þetta eru blöð eins og eru notuð í ljósritunarvélar og það má að sjálfsögðu nota aðra liti segir Jónína Margrét. Þetta virðist við fyrstu sýn frekar flókin smíð en hún er í raun sáraeinföld eins og sést á myndunum en jafnvel sex ára börn geta búið til stjörnur sem þessa.“ Siv Heiða tekur undir það og segir þetta geta verið skemmtilegt föndur. „Við höfum verið að gera þetta hér í skólanum og þetta hefur vakið mikla lukku. Börnin eru einnig oft svo hissa hvernig hægt er að skapa svona listaverk úr jafn einföldu hráefni og ljósritunarpappír.“ En nú ætlum við að fara yfir þetta skref fyrir skref. *- uhj*

**EFNI OG ÁHÖLD**

6 blöð af ljósritunarpappír
blýantur
skæri
límstifti
heftari
hefti



10. Hér er jólastjarnan í margvíslegum litum, en nota má til dæmis annan lit af pappír, glitlím eða tússliti til þess að búa til frekara mynstur.



Þær Siv Heiða Franksdóttir og Jónína Margrét Sævarsdóttir, kennarar í Rimaskólar, eru hugmyndaríkar í föndrinu en jafnframt útsjónarsamar.



Eigi að hengja upp margar myndir í hnapp er best að bera sig svona að.
MYND/WWW.DIYIDEAS.COM

# Enga götótta veggi

Á mörgum heimilum eru að minnsta kosti tvö til þrjú göt á bak við hverja upphengda mynd, sem skýrist af því að margir sigta rétta staðinn út með augunum, negla en komast síðan að því að myndin er skökk eða ekki á nákvæmlega réttum stað. Yfirleitt sleppur þessi aðferð þegar um eina mynd er að ræða en sé ætlunin að hengja upp margar í hnapp þarf að beita öðrum brögðum.

Besta ráðið er að klippa út pappírsarkir í sömu stærð og myndirnar eru og líma þær á vegginn þar sem myndirnar eiga að vera. Til að allt sé þráðbeint er gott að nota hallamál. Síðan er reiknað út hvar naglinn á að vera, sem helgast af því hvort myndirnar eru hengdar upp á band eða festingu. Þá eru naglarnir negldir, arkirnar fjarlægðar og myndirnar hengdar upp. - ve



1. Klippið út form og límið á viðarkubb. MYND/WWW.DIYIDEAS.COM



2. Málið formið með akrýlmálningu.

# Heimatilbúnir stenslar

Það er leikur einn að búa til eigin stensla til að þrykkja á efni sem síðan má nota í persónulegar gardínur, púða, rúmteppi og ýmislegt annað. Það sem til þarf er pappírsörk, svampur, tússpenni, skæri, akrýlmálning, pensill og viðarkubbur.

Klippið út blóm eða annað form og tússið útlínurnar á þunnan svamp. Klippið formið síðan út og límið á lítinn viðarkubb. Málið svampinn í þeim lit sem ætlunin er að þrykkja með, snúið kubbnum við og þrýstið mótinu að efninu. Ef ætlunin er að hafa blómið í mörgum litum skal búa til jafn marga stensla og litirnir eiga að vera. Þá má fá fram skemmtilega áferð með því að setja mikla málningu sums staðar á stensilinn en minni annars staðar. - ve



3. Snúið viðarkubbnum við og þrýstið mótinu að efninu.



Farðu inn á www.oddi.is
og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.
ODDI

Skólar og námskeið

Kemur út 12. janúar 2010



Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is


JÓLAGJAFIR
FYRIR STÓRU STRÁKANA
Nikon
10.2 DX
Nikon D3000 KIT1855DX
Digital SLR með 10.2 millj. punkta uppl., DX myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfv. fókus, Active D-Lighting, skjámynd snýst, Stop-motion ofl.
JÓLATILBOÐ
VÖNDUÐ TASKA
+ 2x 2GB KORT
FYLGIR VÉLINNI
Fæst líka með AFS18-55VR linsu með hristivörn á kr. 122.995
TILBOÐ 114.990
FULLT VERÐ kr. 129.990
JVC
JVC HARX300
Lokuð HEYRNARTÓL með 40mm driver, 12Hz - 22kHz tíðnisviði, 32 Ohm, 100dB/1mW næmni og 2,5m kappli. Þyngd 194g.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
tasco
Tasco 2023BRZ
SJÓNAUKI með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.
VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL
JBL GT01202D
1200w 12" dúndur BASSAKEILA (300w RMS), 4 Ohm og tíðnisvið 23Hz - 450Hz.
VERÐ 17.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips SA1VB04K
4GB GoGear MP3 SPILARI með útvarpi, 1.5" LCD litaskjá, diktafóni, USB 2.0, FM útvarp með minnum, tónjafnara, hleðslurafhöðu með 25 klst eða 4 í vídeó. Uppfæranlegur. 34g.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990
GARMIN
Garmin Nuvi205
GPS TÆKI í bíl með 3,5" snertiskjá, vegatölvu, Hot Fix tækni, uppfæranlegum ísl. texta, 10.000p ferlaskrá, 750 MB minni, USB, hleðslurafhlaða. Tekur microSD kort. Sogskálfesting ofl.
TILBOÐ 25.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
Lenco
Lenco L3867
PLÖTUSPILARI með innb. formagnara og USB tengi. 33/45 snúninga.
TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
TViX
HDMI
Full HD 1080p
TViX R-3300
SJÓNVARPSFLAKKARI og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska, afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Blu-ray Disc
Philips BDP3000
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, PIP, Progressive Scan, USB 2.0, DivX, HDMI ofl. 1080p uppskölun á DVD. Dolby True HD hljóð, DTS 2.0 + Digital out ofl.
TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 57.990
2,7"
JVC
JVC GZMS120S
Digital TÖKUVÉL með innb. kyrrmyndavél, 2.7" LCD skjá, 35x Optical / 40x Dynamic Zoom / 800x Digital Zoom, Laser Touch viðmóti, 1/6" CCD upptökuflögu, Konica Minolta F1.8 linsu, MicroSD rauf, USB, A/V út ofl. Þyngd aðeins 290g.
TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 64.990
Dantax
Dantax P2500
200w RMS Gólf HÁTALARAR með 1" Dome Tweeter, 5" miðju, tveimur 10" bassakeilum. 300w Peak, 90db næmni, 30Hz - 20KHz tíðnisvið, 6-8 ohm, gull tengi.
VERÐ 64.990
FRÁBÆRT VERÐ
harman/kardon
HarmanKardon AVR155
5x40w RMS 5.1 HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital, DTS ES, Dolby Pro-Logic II og 3 rása stereó, RDS útvarpi með minnum, miklum fjöldi tenginga fyrir öll helstu tæki að aftan og framan. Fjarstýring sem getur stýrt öðrum tækjum.
VERÐ 94.990
FRÁBÆRT VERÐ
42"
PIP/PAP
2 HDMI
UNITED
United LTV9742
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.
TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 219.990
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.







Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is



4 klippistólar, 4 speglar, 2 vaskar og 1 kaffivél. Tilboð óskast, næstum ónotað. S. 695 1031.




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

**Píanó til sölu:**
Vel með farið píanó Augustus Forster „Model Súper" lítið nota. Uppl í síma 844-4857

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

**Röravals óskast**
Jafnframt óskast beygjuvél og klippur. Verða að taka 3m breidd. Stgr. Uppl. í s. 480 5600, Arnar.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur






**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál. Aðeins nokkur eftir, af þessari sendingu.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Dría 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 8625920

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

Jólagjöf nuddarans og heilarans. Ódýrir og vandaðir ferðnuddbekkir og óléttubekkir. S: 891 6447 Óli.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**34 - 34 - 34**
Óska eftir að leigja 34 gul nagdýr fyrir laugardaginn (kanínur, hamstra, íkorna). Þurfa að þola töluvert hnjask. Mega ekki reykja. Uppl. í síma 580 2528. 34 - 34 - 34

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.**
**Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkomin, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leiguliðar.is**

**A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.**
**For more info call 661-7000**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu ca 90 fm 4ra herb. íbúð á jarðhæð við Drekavog. V. 120.000,- uppl. 893 4477 laus.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

Til leigu fín 3. herb íbúð á besta stað í Grafarvogi. Verð samkomulagsatriði. Uppl. í s. 863 1965.

86fm 3.herb íbúð í 111 til leigu m/húsgögnum.frá jan. Um 120þús/mán. s.6942311

## Húsnæði óskast

Er að leita að íbúð/iðnaðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að vera með trommusett og fl. kjartan. thordarson@gmail.com S:8401199

Er 30 ára með örugga vinnu og frábær meðmæli. Vantar 2ja herbergja íbúð ekki minni en 50fm sem fyrst á svæði 101-108 og 200. 100 % umgengni og skilvísum greiðslum að sjálfsögðu heitið. S:694-4439 Þórður

Óska eftir studíóíbúð eða 2 herb. íbúð. Langtímaleiga. S. 893 5908.

## Atvinnuhúsnæði



**Vöruhús-Keflavíkurflugvelli-til sölu**
Til sölu á frábæru verði þetta 1000 fm vöruhús á Kef.flugvelli. Innkeyrsludyr. Góð lofthæð. Stór ca. 7.200 fm lóð. Til afh. fljótlega. Getur hentað undir lager, iðnað og aðra atv.starfsemi. Mjög gott verð. Upplýs. S: 823-2610.

## Til sölu



## Atvinna

SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

# Hjúkrunarfræðingar

Vegna forfalla er laus staða hjúkrunarfræðings við Sjúkrahúsið Vog.Vaktavinna, þarf að geta tekið næturvaktir.
**Upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, eða í síma 824-7615 netfang thora@saa.is**

## Fundir / Mannfagnaður

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Opinn kynningarfundur

Opinn kynningarfundur verður haldinn föstudaginn 11. desember n.k. að Borgartúni 6 (4. hæð) og hefst kl 10:30.

Fundarefni:
- Kynning á samkomulagi Íslands og Evrópusambandsins vegna reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1005/2008 um ólöglegar veiðar
- Útgáfa veiðivottorða og útflutningur fiskafurða frá Íslandi til aðildarríka Evrópusambandsins

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
8. desember 2009

## Fasteignir

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Höfum leigjanda / kaupanda að u.þ.b. 800 fm. iðnaðarhúsnæði á Hálsum eða Höfðum í Reykjavík.**

Húsnæðið þarf að vera með góðum innkeyrsludyrum, a.m.k. 4 metra lofthæð, góðri aðkomu og nægum bílastæðum.

**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**Rauðhella- ótrúlega gott verð**
Til sölu gott atvinnuhúsnæði sem er samtals 157 fm. 110 fm salur með góðri lofthæð Ca. 4-7 metrar og innkeyrsluhurð. Efri hæð er 47 skrifstofu- eða íbúðaraðstaða Með eldhúsi og baði. Laust strax. Verð aðeins 18 millj. Uppl. í s: 823-2610.

Til leigu 120 fm atvinnuhúsnæði í Seljahverfi, 109 rvk. Í götuhæð. S. 557 6084 &. 694 6309.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Auka eða aðalvinna!**
**Öflugt fyrirtæki á höfuðborgasvæðinu getur bætt við sig íslenskumælandi fólki við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar með möguleika á dagvinnu. Árangurstengd laun í boði. Umsóknir sendist á atvinna@sparnadur.is Uppl. í síma 618 8062.**

SUBWAY

**Vantar þig aukatekjur?**
**Subway auglýsir eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf um kvöld og helgar. Íslenskukunnátta er skilyrði og lágmarksaldur er 18 ár. Vinsamlegast sendið umsóknir gegnum subway.is.**

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

**Carter**
Carter óskar eftir starfsfólki í 50% eða fullt starf. Upplýsingar á staðnum. S. 565 3373 & 699 0979.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**34 - 34 - 34**
Vil komast í kynni við 34 ára konur, til að aðstoða við markaðssetningu. Þurfa að vera duglegar og árrisular og hafa gaman af tölfræði og Lottó. Uppl. í síma 580 2528. 34 - 34 - 34



**Bíladagar Fréttablaðsins!**
**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.
**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.**
Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
Bíladagar – markaðstorg með bíla

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

## Atvinna

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Skrifstofustjóri - lögfræðingur - hagfræðingur

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu viðskiptamála. Undir skrifstofuna heyra m.a. málefni er varða kauparétt, þjónustuviðskipti, samkeppnisrétt, samningarétt, fyrningu, félagarétt, innheimtulög og ábyrgðarmenn, viðskiptabréf, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, endurskoðendur, bókhald og ársreikninga auk framkvæmdar EES- samningsins og almennra lögfræðimála á sviði ráðuneytisins. Þá er laust til umsóknar starf lögfræðings á sömu skrifstofu.

Einnig er laust til umsóknar starf hagfræðings á skrifstofu efnahagsmála. Undir skrifstofuna heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

Í öllum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um laun og önnur starfskjör skrifstofustjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006. Laun lögfræðings og hagfræðings greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

## Skrifstofustjóri:

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á skrifstofu viðskiptamála og verkaskipting innan hennar
- Yfirsýn yfir málefni og verkefni sem undir skrifstofuna heyra
- Þátttaka í stefnumörkun með yfirstjórn ráðuneytisins
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Framhaldsmenntun í lögum (LLM) æskilegt
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og leiðtogahæfileikar
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli nauðsynleg.

## Lögfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

## Hagfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Hagfræðileg greining
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði eða viðskiptafræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu efnahagsmála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

**Nánari upplýsingar veitir Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1998 KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
35% AFSLÁTTUR
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 974 KR.KG.
1498 KR.KG
K.F LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
1398 KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
JÓLA PIPAR KÖKUR BÓNUS
298 KR.PK
BÓNUS ÍSLENSKAR JÓLAPIPARKÖKUR 500G
Ali Grísakjöt
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 479 KR.KG.
998 KR.1 KG
N.F GRÆNMETISBUFF 1 KG
ÞARF AÐEINS AÐ HITA.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Gríms Plokkfiskur
398 KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400 GR
FORELDAÐUR; AÐEINS AÐ HITA.
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU: GULLAUGA OG RAUÐAR
139 KR.KG
CONSUL
198 KR.KG
CONSUL BANANAR
1598 KR.KG
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI MEÐ BEINI
Gestgjafinn
GESTGJAFINN JÓLABLAÐ
995 kr.
300 KR.LÆKKUN
SUÐUSÚKKULAÐI
298 KR.PK
G.K SUÐUSÚKKULAÐI 300G
ENERGY DRINK ENERGY
98 KR.DS
E.S ORKUDRYKKUR 250ml
ORKUSKOT Í DESEMBER Á FRÁBÆRU VERÐI.
TÍU SÖLUHÆSTU JÓLABÆKURNAR Í BÓNUS
SVÖRTU LOFT ARNALDUR INDRIÐASON
VIGDÍS, KONA VERÐUR FORSETI
STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
SÖKNUÐUR, VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON
ÚTKALL ÓTTAR SVEINSSON
HORFÐU Á MIG YRSA SIGURÐARDÓTTIR
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
KARLSVAGNINN KRISTÍN MARJA BALDURSD.
HJARTSLÁTTUR SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON
EF VÆRI ÉG SÖNGVARI
Appelsín BÓNUS
159 KR. 2 ltr
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.
APPOLO LAKKRÍS KURL
195 KR.PK
APPOLO-LAKKRÍSKURL 200G
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR
168 KR.STK
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250 ML
Á LÁGMARKSVERÐI SÚKKULAÐI/VANILLA.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

**HERMANN GUNNARSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1946.**

*„Það er aldrei of seint að finna rokkarann í sér.“*

***Hermann Gunnarsson er einn fremsti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið. Að knattspyrnuferlinum loknum starfaði hann um langt skeið í sjónvarpi og stýrði meðal annars hinum vinsæla þætti Á tali hjá Hemma Gunn. Í dag er Hermann með þáttinn Svaraðu nú á Bylgjunni.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. DESEMBER 1749

## *Skúli Magnússon skipaður landfógeti*

Skúli Magnússon varð fyrstur Íslendinga skipaður landfógeti Íslands þennan dag árið 1749.

Skúli fæddist að að Keldunesi í Norður-Þingeyjarsýslu 11. desember 1711. Hann hélt til náms í háskólann í Kaupmannahöfn árið 1732 og var þar til 1733 en lauk þó ekki prófi. Skúli tók við embætti sýslumanns í Skaftafellssýslu tveimur árum síðast og svo í Skagafjarðarsýslu 1737. Hann var skipaður landfógeti Íslands tíu árum síðar, sem fyrr sagði, og er oft kallaður Skúli fógeti.



Þá stofnaði Skúli ásamt fleirum íslenskum embættismönnum félagið Innréttingarnar á Þingvöllum 17. júlí 1751 til að vinna að viðreisn íslenskra landshaga, en þess má geta að hann var einn helsti boðberi upplýsingarinnar á Íslandi og hefur jafn framt verið kallaður faðir Reykjavíkur.

Skúli bjó í Viðey þar sem Viðeyjarstofa var reist sem embættisbústaður á árunum 1753-55. Hann lét af embætti sökum aldurs árið 1793 og lést ári síðar.

Heimild: www.wikipedia.org.

**MERKISATBURÐIR**

- **1905** Lög um aðskilnað ríkis og kirkju samþykkt í Frakklandi.
- **1917** Bretar ná Jerúsalem af Tyrkjaveldi í fyrri heimsstyrjöldinni.
- **1926** Á Stokkseyri verður mikill eldsvoði. Brenna sjö hús, en ekkert manntjón verður.
- **1956** Stærsta skip sem Íslendingar hafa eignast, Hamrafell, kemur til landsins. Skipið er 167 metrar á lengd og getur hvergi lagst að bryggju á Íslandi nema í Hafnarfirði stærðar sinnar vegna.
- **1990** Lech Wałesa verður fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Póllands.
- **1996** Sameinuðu þjóðirnar hleypa af stokkunum aðgerðinni Olía fyrir mat í Írak.

AFMÆLI



**KARA DIOGUARDI** tónlistarmaður er 39 ára.



**JOHN MALKOVICH** leikari er 56 ára.



**FELICITY HUFFMAN** leikkona er 47 ára.



**DONNY OSMOND** tónlistarmaður er 51 árs.



†

*Fyrrverandi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Sæmundsson**

frá Selparti,

andaðist á Fossheimum Selfossi laugardaginn 5. desember. Útförin fer fram laugardaginn 12. desember frá Villingaholtskirkju kl. 11.00.

Magnea Sigurbergsdóttir
Guðbrandur Gíslason
Anna Lísa Andersen
Sæmundur Ásgeirsson
Ólína Ásgeirsdóttir — Alexander Hafþórsson
Bragi Ásgeirsson — Petra Nicola Deutrich
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**G. Frímann Hilmarsson**

frá Fremstagili, Langadal,
Skógargötu 17b, Sauðárkróki,

lést 3. desember sl. á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 12. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Kolbrún J. Sigurjónsdóttir.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**SIGURÐUR BRAGASON:** GEFUR ÚT SÖNGDISK SEM SPANNAR HUNDRAÐ ÁR

# Flytur sögu ísenska sönglagsins

Barítónsöngvarinn Sigurður Bragason gaf út diskinn Líf & ljóð fyrir skemmstu en þar er að finna íslensk sönglög flutt í tímaröð frá lögum elstu íslensku tónskáldanna til hinna yngstu. Lögin spanna rúmlega hundrað ára sögu en elsta tónskáldið á disknum Bjarni Þorsteinsson fæddist árið 1847 og það yngsta Tryggvi M. Baldvinsson 1965.

„Fyrstu tónskáldin sem sóttu sér menntun og fóru að skrifa nótur og semja lög undir nafni eru fædd rétt fyrir miðja síðustu öld en hin yngstu sem eru að koma fram á sjónarsviðið í dag eru fædd á bilinu 1965 til 1980. Íslenska sönglagið á sér því ekki nema um það bil 130 til 140 ára sögu,“ segir Sigurður.

Sigurður flutti efnisskrána ásamt Hjálmi Sighvatssyni píanóleikara fyrst í Corcoran-listamiðstöðinni í Washington árið 2004. „Við fengum góða dóma í Washington Post og var sérstaklega vel tekið af áhorfendum sem sumir kölluðu á meira út úr sal auk þess sem þeir vildu frekari útskýringar á lögunum, en ég lét smávegis formála fylgja hverju lagi. Ég átti allt eins von á því að vera með sofandi sal þar sem áhorfendur höfðu aldrei heyrt lögin áður og komu viðtökurnar því ánægjulega á óvart,“ segir Sigurður. Íslensk sönglög virðast því höfða vel til fólks utan landsteinanna en Sigurður hefur flutt þau á ensku, þýsku og ítölsku. „Velgengnin varð til þess að okkur var boðið að flytja efnisskrána í Saint John's, Smith Square í London, Boromini-tónleikasalnum í Róm og í Bonn en í framhaldi af því var diskurinn tekinn upp. Við sjáum síðan fram á að flytja hana víðar og stefnum meðal annars að því að halda tónleika í tengslum við bókamessuna í Frankfurt 2011 þar sem Ísland verður sérstakur gestur. Það skal þó tekið fram að það gerum við á eigin vegum.“



**GEFUR GÓÐA MYND** Diskur Sigurðar gefur góða mynd af þeirri þróun sem hefur orðið í íslenskri sönglagatónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Sigurður segir diskinn gefa nokkuð góða mynd af þeirri þróun sem hefur orðið í íslenskri sönglagatónlist. „Þetta eru auðvitað mjög mismunandi tónskáld. Sigfús Einarsson með sínar dásamlega fallegu melódíur, Páll Ísólfsson með síðrómantíkina og síðan nýrri tímar með Leifi Þórarinssyni svo dæmi séu tekin. Síðasta lagið á disknum, Heimskringla eftir Tryggva M. Baldvinssonar, er svo raunverulega djassað sving.“

Sum laganna á disknum hafa aldrei verið hljóðrituð. „Ég veit ekki til þess að Í þessu túni eftir Leif Þórarinsson, Komdu eftir Atla Heimi Sveinsson, Róa rambinn eftir Jónas Tómasson, Sóta vísur eftir Magnús Blöndal og Lagstúfur úr Atómstöðinni eftir Þorkel Sigurbjörnsson hafi verið hljóðrituð. Það getur þó vel verið að einhverjar upptökur séu til en ég vonast til þess að diskurinn verði til þess að lögin varðveitist enn frekar.“ vera@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Elísabet Þórðardóttir**

áður Heiðargerði 1, Reykjavík og
Víðihóli, Mosfellsdal,

lést á Droplaugarstöðum 3. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 13.00.

Þórdís Árnadóttir — Ingvar Birgir Friðleifsson
Þórður Árnason — Vilborg Oddsdóttir
Guðrún Ingvarsdóttir — Hildur Ingvarsdóttir
Árný Ingvarsdóttir — Elísabet Þórðardóttir



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför afa okkar, fósturföður og frænda,*

**Sigmundar Bjarnasonar**

Sólvangi Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á 3ju hæð Sólvangs fyrir frábæra umönnun og kærleik síðastliðin 13 ár.

Ásthildur Jónsdóttir
Gunnur Friðriksdóttir
Jón Þór Ólason
Sigríður Jónsdóttir
Sjöfn Þórarinsdóttir
Vilhelmína Vilhjálmsdóttir

NAFNIÐ MITT: RÚTUR SKÆRINGUR SIGURJÓNSSON

# Stoltur nafnberi þrátt fyrir ófrumleg uppnefni

„Ég heiti Rútur Skæringur Sigurjónsson," segir hann og stekkur ekki bros á vör. Hann er hins vegar vanur því að aðrir brosi að nafninu hans, jafnvel hlæi, já, geri jafnvel grín að því. „Rútur, hrútur, strútur, mútur, kútur eru algeng rímorð sem fólki finnst geysilega fyndið að skeyta aftan við nafnið mitt," segir Rútur Skæringur og brosir. Hann er öllu vanur. „Það er ekki það orð sem ég hef ekki fengið að heyra. Nafnið mitt er draumur fyrir hagyrðinga en reyndar hafa engar ferskeytlur um mig verið ortar."

Hann segist alltaf hafa verið ánægður með nafnið sitt, líka í æsku. „Mér var ekkert meira strítt á nafninu mínu í æsku en núna. Þetta hefur bara alltaf verið svona. Stundum skilur maður ekki hvað fólki gengur til. Mér finnst þetta bara reglulega flott nafn og er alls ekkert bitur eða reiður foreldrum mínum fyrir að hafa gefið mér það. Ég er skírður í höfuðið á forfeðrum mínum, afa mínum sem hét Rútur og langafa mínum sem hét Skæringur. Þetta eru vitaskuld mjög sjaldgæf nöfn. Það eru tuttugu manns sem heita Rútur að fyrra eða miðnafni og Skæringsnafnið bera ellefu að fyrra eða miðnafni."

Rútur er í kvikmyndanámi og segir að í listum sé vitaskuld kostur að heita eftirtektarverðu nafni. „Útlendingarnir geta hins vegar fæstir sagt nafnið mitt," segir hann og hlær. „Ég hef heyrt ótal framburðarafbrigði sem margar eru bráðfyndnar. Ætli ég þurfi ekki að búa til erlenda útgáfu af nafninu mínu ef ég ætla starfa erlendis."

Rútur Skæringur gantast með að hellir nokkur sé nefndur í höfuðið á honum. „Þetta er Rútshellir í Hrútafelli, sem er armur af Drangshlíðarfjalli. Þar átti að hafa búið Rútur á Hrútafelli, þó er ekki vitað hvort það eigi við rök að styðjast. En það er að minnsta kosti gaman að „eiga" heilan helli," segir nafnberinn stolti. - uhj



RÚTUR S. SIGURJÓNSSON OG UPPÁHALDSHORNIÐ

---



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, dóttir, tengdamóðir og amma,*

**Laufey Einarsdóttir**

lést sunnudaginn 6. desember. Útför auglýst síðar.

Hannes Ólafsson
Sigríður Benediktsdóttir
Hjalti Þór Hannesson — Kristín Guðmundsdóttir
Ómar Örn Hannesson
Sigríður Harpa Hannesdóttir — Halldór Sveinsson
og barnabörn.

---



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Birgis Eyþórssonar**

leigubílstjóra, Fögrubrekku 4.

Þóra Sigurjónsdóttir
Sigurjón Birgisson — Mjöll Kristjánsdóttir
Eyþór Birgisson — Ásdís Ásgeirsdóttir
Guðlaug Birgisdóttir — Sigvaldi Einarsson
Birgir Birgisson — Elín Rós Hansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Valbjörn J. Þorláksson**

íþróttamaður, Ránargötu 13, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. desember kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Stofnaður hefur verið minningarsjóður Valbjarnar til styrktar ungu frjálsíþróttafólki. Banki: 0526 4 250132 kt. 090634 0039.

Magnús Valur Albertsson — Guðný Guðmundsdóttir
Bryndís Valbjarnardóttir — Gunnar Ragnar Gunnarsson
Gunnar Kvaran
Ástríður S. Valbjörnsdóttir — Árni Ingi Garðarsson
Guðrún Linda Valbjörnsdóttir — Friðgeir Guðmundsson
Herdís Valbjörnsdóttir — Lúðvík Guðjónsson
Brynhildur Olgeirsdóttir
Reinharð V. Sigurðsson — Kristín Helgadóttir
Stella B. Þorláksdóttir — Helgi Ólafsson
Páll Róbert Þorláksson — Irena Maria Piernicka
barnabörn og barnabarnabörn.

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Óli Valdimarsson**

kjötiðnaðarmeistari, Lindasíðu 25, 603 Akureyri,

lést föstudaginn 4. desember á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar. Jarðarförin auglýst síðar.

Ólína Lilja Sigurjónsdóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir — Haukur Jóhannsson
Þórunn Anna Haraldsdóttir — Örn Jóhannsson
Erla Margrét Haraldsdóttir — Gunnlaugur Þráinsson
afabörn og langafabörn.

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigdór Ólafur Sigmarsson**

Þórðarsveig 1, Reykjavík,

lést á Landspítala, Landakoti laugardaginn 5. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

Jóhann Sigfús Sigdórsson
Loftur Sigdórsson
Dagbjört Hanna Sigdórsdóttir — Jónas Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og veittu stuðning við andlát og útför dóttur, móður og systur okkar,*

**Kristínar Ellenar Bjarnadóttur**

textílhönnuðar og blómaskreytis.

Snjólaug Bruun — Bjarni Kristjánsson
Kristján Aage Hilmarsson
Elínborg Hilmarsdóttir
Guðbergur Ingvarsson
Jóhann Hrafn Sigurjónsson
Gunnar Bruun Bjarnason
Kristján Bjarnason
Snjólaug Elín Bjarnadóttir
Björn Bjarnason
Knútur Bjarnason

---



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þorbjargar Guðrúnar Pálsdóttur**

myndhöggvara, Sjafnargötu 14.

Stefán Andrésson — Þórunn Andrésdóttir
Katrín Andrésdóttir — Gunnar Kristjánsson
Þóra Andrésdóttir — Gunnar Halford Roach
Andrés Narfi Andrésson — Ása Sjöfn Lórensdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Finnur Kristinsson**

Kambavaði 1,

sem lést 27. nóvember, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. desember klukkan 13.00.

Hörn Sigurðardóttir
Ragnar Auðun Finnsson — Jóhanna Ragnarsdóttir
Sigurður Kristinn Finnsson — Ragnheiður Torfadóttir
Stefán Agnar Finnsson — Ingibjörg María Pálsdóttir
Guðmundur Eggert Finnsson — Guðrún Þorvaldsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

---



✝

*Ástkær eiginkona mín. móðir, stjúpmóðir, dóttir, systir og mágkona,*

**Arnhildur H. Arnbjörnsdóttir**

Kirkjuteigi 13, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 1. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 11. desember kl. 14.00.

Guðmundur Björnsson
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir
Eydís Anna Guðmundsdóttir
Einar Guðmundsson
Gunnhildur Þ. Hjarðar
Sigurður Arnbjörnsson
Kjartan Arnbjörnsson — Kristín Róbertsdóttir
Salóme Bára Arnbjörnsdóttir — Scott Davidsson
Guðfinna Björk Arnbjörnsdóttir — Arnoddur Jónsson

---



✝

**Georg Hermannsson**

frá Ysta Mói, Fljótum,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar föstudaginn 4. desember. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 12. desember kl. 13.00. Jarðsett verður í Barðskirkjugarði sama dag.

Systkini og aðrir aðstandendur.

---



✝

*Minn kæri bróðir og frændi,*

**Birgir Sigurður Kristinsson**

prentari,

lést á dvalarheimilinu Eir sunnudaginn 22. nóvember.

Guðlaugur Grétar Kristinsson
Grétar Már Guðlaugsson

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!

Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.

vodafone




# Ráð handa Ólafi Ragnari

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Ég velti því fyrir mér hvaða þankar þjóti þessa dagana um toppstykki helstu leikenda í Icesave-samningamálinu. Hvernig undirbúa þeir sig áður en þeir fella sinn lokadóm? Hvað bærist til dæmis um í huga þínum, kæri forseti, nú þegar kaleikurinn fikrast í átt til þín?



**ÞAR** sem þú ert nú að vestan langar mig að gauka að þér ráði undan mínum vestfirsku rifjum. Ég veit um afbragðsæfingu svo þú getir þjálfað dómgreind þína áður en þjóðin fær að finna fyrir henni. Hún felst einfaldlega í því að fletta upp í mannkynssögunni og setja sig í spor þeirra sem urðu að taka mikilvægar ákvarðanir. Leikur þessi getur vonandi orðið til þess að létta pressuna á þér því það er alltaf gott að finna fyrir því, á erfiðri stundu, að þú ert ekki einn. Það er fullt af fólki sem hefur haft örlög þjóða sinnar í höndunum.

**Í ÞÍNU** tilfelli væri því eflaust við hæfi að setja þig í spor Príams Trójukonungs og spyrja; hvað gerir þú nú þegar Grikkir koma færandi hendi með þennan líka flotta tréhest?

**HVAÐ** er þá til ráða? Laokon bendir þér á að líklegast séu brögð í tafli því hesturinn er holur að innan. Ódysseifur og félagar sem hafa komið sér fyrir í kviði hestsins fá í magann þegar þeir heyra hversu varir Trójumenn eru um sig. Gyðjan Aþena kemur þeim hins vegar til hjálpar og sendir snák á Laokon til að koma honum og tortryggni hans fyrir kattarnef. Ekki veit ég hvort Aþena er nú á ferðinni með sín bellibrögð sem valda því að stjórnarþingmenn sem eru neikvæðir gagnvart Icesave-samningunum verða allt í einu svona önnum kafnir við aðra hluti en þingstörf.

**JÁ, ÓLAFUR,** hvað hefðir þú gert? Það kann aldrei góðri lukku að stýra að reita guðina til reiði. Slíkt þýðir venjulega voveifleg endalok. Sagan sýnir líka að örlög Tróju voru ráðin um leið og tekið var við gjöf frá bragðóttum andstæðingnum.

**ÞETTA** er kannski of stressandi leikur, ég held ég viti betri aðferð. Þú tekur krónu, ekki af fjárlögum samt, segir síðan „ef þorskurinn kemur upp skrifa ég undir“. Síðan er peningnum kastað.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Ævintýralegt úrval af leikföngum

OPIÐ TIL 22:00 í Smáralind til jóla




3.799
Little Mommy ungbarnadúkkurnar
mjúkur búkur, margar tegundir




1.599
Playskool þrautabox
klassískt þroskaleikfang



2.299
Herra og frú Kartöfluhaus
2 tegundir




2.299
Playskool veltiöndin
klassískt þroskaleikfang




2.999
Stóri Play-Doh leirkassinn
stútfullur af leir, formum ofl.




6.199
Spiderman farartæki og kall
2 tegundir




4.299
Hafmeyjan Dóra
frábært baðleikfang, sporðurinn hreyfist




5.299
Little People kubbafarartæki
kubbar og kall fylgja, 2 tegundir




1.999
Litlu mjúku strumparnir
margar tegundir



2.199
Stóru Matchbox bílarnir
með ljósum og hljóðum, margar teg.




6.199
Stóru Disney Prinsessu gjafaöskjurnar
prinsessa og prins, auka kjólar, hestur, hestvagn ofl. fylgir. Margar tegundir.

**Skilamiði**
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**! ath. á morgun kl. 17.**
*Guðfræðingar efna til samræðu um ný og forn gildi í kjölfar hrunsins á Sólon í Bankastræti í framhaldi af skrifum á vef og í dagblöðum: Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir íhuga og bjóða til samræðu um eftirfarandi efni: Á hvaða leið er íslenska þjóðin?*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Kvennakórafans í kvöld*

Tíundu aðventutónleikar Domus vox verða haldnir í kvöld og á föstudagskvöldið í Hallgrímskirkju. Sönghúsið eða Domus vox hýsir marga kóra sem starfa þar undir stjórn Margrétar Pálmadóttur söngstjóra og söngmenntafrömuðar. Yfirskrift tónleikanna er Hátíð er ný og er öllu til tjaldað af þessu tilefni. Á tónleikunum koma fram 180 söngkonur á öllum aldri – úr Stúlknakór Reykjavíkur og kvennakórunum Cantabile og Vox feminae og flytja margar af okkar fallegustu aðventu- og jólaperlum. Stjórnandi tónleikanna er Margrét J. Pálmadóttir og einsöngvari með kórunum er Hanna Björk Guðjónsdóttir sópran. Eydís Franzdóttir leikur á óbó, Sigurður Halldórsson á selló og Antonia Hevesi þenur orgelið.



MARGRÉT PÁLMADÓTTIR FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**> Ekki missa af**

síðustu sýningu Möguleikhússins á Aðventu sem byggir á frægri sögu Gunnars Gunnarssonar. Sýningin er í kvöld í Gerðubergi og hefst kl. 20. Pétur Eggerz stendur einn á sviðinu og flytur okkur hina makalausu sögu af smalanum sem leitar kinda í öræfunum á aðventu.

# Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í jólaskap. Ekkert lát er á tónleikum sem tengjast jólahaldinu þessa dagana enda hafa tölvísir menn skotið á að hátt í fimmtíu þúsund miðar verði í boði á hátíðartónleikum um allt land á aðventunni. Stærsta hljómsveit landsins lætur ekki sitt eftir liggja þó að sumir úr henni séu á hlaupum um allan bæ til að létta undir hjá öðrum flytjendum, kórum og einsöngvurum: Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á föstudagskvöldið kl. 19.30 hljómar hátíðleg jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum. Bach, Handel, Corelli, Mozart, Adolphe Adam og Sigvaldi Kaldalóns eiga allir sinn skerf á þessari hátíðlegu og jólalegu efnisskrá.

Ingibjörg Guðjónsdóttir er ein af fremstu sópransöngkonum landsins og hefur bæði gullfallega rödd og heillandi sviðsframkomu. Hún hefur verið fulltrúi Íslands á tónlistarhátíðum víða um heim og fyrir nokkrum árum kom út hljómdiskur þar sem hún syngur aríur eftir Mozart við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Gissur Páll Gissurarson er einn efnilegasti íslenski tenórinn af yngri kynslóðinni. Hann nam í Bologna á Ítalíu og síðan í einkatímum hjá Kristjáni Jóhannssyni. Gissur hefur sungið við fjölmörg óperuhús meðal annars á Ítalíu og í Þýskalandi og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir söng sinn.

Á efnisskránni eru kunnar aríur úr Messíasi Händels og Jólaóratoríu Bachs; Jólakonsertinn eftir Corelli, Maríusöngvar og Ó, helga nótt. Stjórnandi á tónleikunum er Daníel Bjarnason. **- pbb**



**TÓNLIST** Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran syngur á aðventutónleikum Sinfóníunnar á föstudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/.HEIÐA




Miele

Þú sparar kr. 9.220

**Sparaðu með Miele**

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.220 fylgir frítt með.

**Tilboð kr. 25.950***

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


# GEYMI ÉG HRINGINN

**Út er komin á forlagi Æskunnar bókin Allir í leik – söngvaleikir barna eftir Unu Margréti Jónsdóttur. Er þetta fyrra bindið af tveimur sem Una Margrét hefur unnið að í nær áratug. Verður verkið sem nú er að hálfu orðið aðgengilegt að teljast ein merkilegasta rannsókn sem hér hefur verið unnin um árabil.**



**MENNING** Una Margrét Jónsdóttir dagskrárgerðarkona og safnari hefur skilað merkilegu verki um barnaleiki í nýrri bók sem komin er út í fyrra bindi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Mörgum eru í minni þættir Unu Margrétar um barnaleiki sem báru sama nafn og nýútkomin bók hennar, Allir í leik, en Una hefur um árabil starfað sem dagskrárgerðarkona á hljóðvarpi Ríkisútvarpsins. Fyrr á þessu ári vann hún langa og merkilega þáttaröð um íslenskar revíur og var þar margt nýtt efni dregið saman um sögu íslensku revíunnar. Þættina um barnaleikina tók hún saman 2004, en rannsóknir sínar á sjálfsprottnum leikjum íslenskra barna hóf hún 1999. Þegar í upphafi einskorðaði Una rannsókn sína við leiki með söng eða taktföstum texta eða ljóðum. Una hefur í söfnun sinni lagt könnun fyrir hálft sjötta hundrað barna dreift um landið. Þá hefur hún lagt könnun sína fyrir á þriðja hundrað unglinga og þar náð aftur til kynslóðanna sem fæddust á áratugnum frá 1980 til 1989. Hún hefur líka rætt við á fimmta hundrað fullorðinna og var sá elsti 98 ára. En sá elsti sem leyfði henni að hljóðrita söng sinn var 103 ára, en söfnunin byggir ekki síst á hljóðritun og nótnasetningu leikjanna. Þá hefur hún leitað í safn Árnastofnunar til að finna þar eldri hljóðritanir á leikjum.

Una segir í formála síns merkilega verks að hún takmarki rannsóknirnar við þá leiki sem börn iðka á skólaaldri, það er að segja þegar þau eru 6 til 13 ára. Hún vill takmarka sig við þá leiki sem börn leika af sjálfsdáðum, ekki það sem þeim er gert að leika, til dæmis í leikskólum. Hún sleppir barnagælum sem sungnar eru fyrir börn og söngvum úr félagsdeildum hreyfinga á borð við sunnudagaskóla og skáta.

Una Margrét komst að því við upphaf vinnu sinnar að lítið hafði verið gert að því að hljóðrita leiki barna markvisst. Hallfreður Örn Eiríksson lét hljóðrita leiki barna á 7. áratugnum en hann og Una feta stig sem nær langt aftur; Arngrímur lærði og Jón í Grunnavík viku að barnaleikjum í sínum ritum en höfuðverk í skráningu leikja barna er safn Ólafs Davíðssonar, Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur sem kom út á árunum 1887-1903 en var gefið út öðru sinni ljósprentað seint á liðinni öld. Una nefnir einnig til safn Halldóru Bjarnadóttur frá 1917, Kvæði og leikir handa börnum. Hún gerir ítarlega grein fyrir könnun sinni, hvaða leiki hún vildi kanna og hvar viðtölin voru tekin. Þá fór hún í rannsóknaferðir til Færeyja, Grænlands og Bandaríkjanna: til eyju berast leikir víða að. Það er ekki síst verðmætið í verki Unu Margrétar að hún birtir texta, lagsetur leikinn og lýsir honum og rekur uppruna hans. Er verk hennar því mikilvæg viðbót í íslenska menningarsögu sem hér hefur verið mörgum hulin, vitað var af henni án þekkingar um samhengi og eðli. Þá fylgja í mörgum tilvika myndir af börnum í leik frá fyrri tíð.

Rannsókn sína vann Una Margrét með styrk ýmissa stofnana og sjóða, en mest er um vert að hér hefur hún sjálf lagt allt til, tíma, þrek og áhuga svo aðdáun sætir.

Bókin er 278 síður að stærð og er von til að stutt verði í útgáfu seinna bindis verksins en þar verða á boðstólum „orðagaman með leikfangi, framburðarleikir og andþrautir, spil með texta í bundnu máli, ýmsir söngvaleikir fram komnir eftir 1950, jólaleikir, öskudagssöngvar, stríðnissöngvar, afbakanir, smákviðlingar, töfraþulur og úrtalningarromsur". Gullkistan er því aðeins opnuð um hálft hólf.

**pbb@frettablaðið.is**

# Bók um sögu Safnahússins

Þjóðmenningarhúsið státar af eitt hundrað ára langri, nánast samfelldri og afar dýrmætri menningarsögu. Til að minnast 100 ára afmælisins á þessu ári var ákveðið að unnin yrði bók sem varpaði ljósi á hönnunar- og byggingasögu hússins og setti tilurð þess og aldarlanga starfsemi í sögulegt samhengi. Síðar var leitað til Eggerts Þórs Bernharðssonar sagnfræðings og honum falin ritstjórn. Þeir Guðmundur Hálfdanarson prófessor og Pétur H. Ármannsson arkitekt rita höfuðgreinarnar og fræðilega burðarása verksins og Þórunn Sigurðardóttur bókmenntafræðingur leiðir lesendur í vissu um nöfnin sem greypt eru á útveggi hússins. Verkið hefur og að geyma grein eftir ritstjóra og ýmsan fróðleik tengdan húsinu og starfseminni úr tímans rás í samantekt hans.

Birt eru brot úr verkum rithöfundanna Halldórs Laxness, Agnars Þórðarsonar, Berglindar Gunnarsdóttur, Péturs Gunnarssonar, Sigrúnar Davíðsdóttur og Þórunnar Valdimarsdóttur, sem öll geyma frásagnir úr húsinu.





**MENNING** Stórbók er komin út um Þjóðmenningarhúsið eins og það er kallað nú en lengst af var það kallað Safnahúsið.

Kveðjur eru frá núverandi forsvarsmönnum safnanna sem voru hér til húsa, þeim Ingibjörgu Sverrisdóttur landsbókaverði Ólafi Ásgeirsyni þjóðskjalaverði, Helga Torfasyni, safnstjóra á Náttúruminjasafni Íslands, Jóni Gunnari Óttóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði.

Á seinni hluta tíunda áratugar fyrri aldar fóru fram gagngerar endurbætur á húsinu sem grundvölluðu upphaf Þjóðmenningarhússins árið 2000 og Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt greinir frá.

Fjöldi mynda birtist í bókinni úr myndabönkum hér á landi, meðal annars úr Ljósmyndasafni Íslands og Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en einnig erlendis. Dreifing er á höndum forlagsins Crymogea og verður bókin til sölu í bókaverslunum, í Þjóðmenningarhúsinu og í safnbúðum Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. **- pbb**




# Gjafakort Borgarleikhússins

## Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

### Jólatilboð Borgarleikhússins



**Fjölskyldugjöf**
Söngvaseiður
Miðar fyrir tvo á söngleikinn sígilda og nýr geisladiskur með öllum lögunum.
**Aðeins 7.900kr.**



**Fyrir unga fólkið**
Gauragangur
Hin sívinsæla skáldsaga Ólafs Hauks og tveir miðar á verkið (frumsýnt í mars).
**Aðeins 6.500kr.**

**Gefðu gjöf sem aldrei gleymist**
568 8000 | borgarleikhus.is | Listabraut 3

Borgarleikhúsið







# Neyðarkall
## frá Fjölskylduhjálp Íslands

Hátt í 16000 einstaklingar eru nú án atvinnu auk þeirra þúsunda, sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Stór hópur þessa fólks reiðir sig á aðstoð Fjölskylduhjálparinnar nú um hátíðirnar.

Tökum höndum saman og leggjum okkar að mörkum til að allir geti haldið gleðileg jól.

Tekið er á móti matföngum að Eskihlíð 2-4 í Reykjavík **þriðjudaga kl 9-13, miðvikudaga kl. 9-18 og fimmtudaga kl. 9-13.** Símar Fjölskylduhjálparinnar eru 551 3360 og 892 9603. Einnig er tekið á móti framlögum á reikningi Fjölskylduhjálpar Íslands bnr. 101-26-66090, kt. 660903-2590. Netfang: fjolskylduhjalp@simnet.is



Fjölskylduhjálp Íslands

Fjölskylduhjálp Íslands





JUBEE
vönduð dönsk barnahúsgögn
umhverfisvottuð



Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

JENS LAPIDUS

# Flandrað um Færeyjar

Bókmenntir ★★

**Færeyskur dansur**
Huldar Breiðfjörð



Ári eftir hrun er sögumaður kominn heim eftir mánaðarlanga dvöl í Færeyjum. Hann er þar um miðjan vetur, þvælist milli eyja, sest upp á gistiheimilum, reynir af fremsta megni að komast í kynni við eyjarskeggja en dvelur mestan partinn á herberginu sínu, í göngutúrum um fámenn stræti og situr inni á kaffihúsum og börum.

Auglýsingagerðarmaður er kominn í samfélag sem er honum framandi, bara tungumálið eitt verður til þess að hann er eins og þorskur á þurru landi, fæstir sem hann hittir skilja hvað rekur hann þangað suður – á þessum árstíma. Hann gerir því skóna að hann sé þangað kominn til að finna færeysku leiðina, eitthvert það stig samfélags og framleiðslu sem við villtumst af.

Huldar er næmur höfundur um margt þó að stílhugsun hans sé býsna sjálfhverf og nái skammt, hann er skyggn á hið skoplega, jafnvel það tragíska, hina hversdagslegu dýrð í ásýnd mannlífsins, en er hann nógu hnýsinn? Kannski of kurteis, kunnáttulaus um að ná svo góðri hlustum, svo einskærum áhuga að eflist þörf viðmælandans til að létta á sér? Sá grunur sækir á lesandann.

Ferðasaga hans vitnar raunar mest um þann góða hug sem Færeyingar bera til okkar, svo lítið sem við látum með þá. Mann þyrstir raunar í að hann komist nær, leiti uppi þá sem gætu raunar kennt honum meira og lengra í minninu en þessi blöð vitna um.

Ferðasagan verður því vonbrigðafull og lesandi bíður spenntur með sögumanni þar sem þræddir eru barir, stígar og sund, að nú fari eitthvað sögulegt að gerast, jafnvel þótt sögumaðurinn ljúgi því upp. En það gerist ekki.

Einhver orðaði það svo að þetta gæti mögulega verið besta bókin um hrunið sem fælist þá í því að ekkert gerðist, ekkert breyttist, en það er ekki rétt. Vísun sögunnar til handa lesendum er sú að við eigum að hverfa aftur í hið fámenna þorp, rækta garðinn okkar og læra að beita. En bæði sögumaður og lesandi ljúka þessari frásögn og snúa sér að raunveruleika sem er allt annað – sú hugmynd að hér megi snúa öllu hálfa öld aftur á bak er vitaskuld firra.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Ferð án fyrirheits.

Bókmenntir ★★

**Hetjur**
Kristín Steinsdóttir

## Þvælingur í Þrándheimi



Vetrardvöl íslensks stráks í Þrándheimi er viðfangsefni Kristínar Steinsdóttur í sögunni Hetjur sem komin er út á forlagi Vöku Helgafells. Hún er merkt að aftan 10+ sem merkir væntanlega að bæði höfundur og útgefandi hafi tiltekinn aldurshóp í huga. Kristín hefur verið afkastamikill höfundur á tæplega þrjátíu ára ferli síðan Fransbrauð með sultu kom út 1987 og hefur sent frá sér bækur nær ár hvert, flestar stílaðar á krakka, bæði stráka og stelpur og af fleiri aldursskeiði en hér er sótt á. Sagan er með þægilegu letri, ágætlega byggð fyrir ungan lesanda og Kristín leitar víða fanga í efni sögunnar. Þórhallur er fluttur til Þrándheims með foreldrum og systur en þau hjónin verða þar við störf. Systir hans aðlagast fljótt í skóla en bróður hennar reynist torvelt að komast í félagsskap, sækir að honum óyndi en svo fer um síðir að hann nær fótfestu.

Margt er í gangi í sögunni: saga íslenskra manna í Þrándheimi miðalda kemur við sögu, og þeirra konunga sem þeir áttu í skiptum við, Hér er tæpt á aðstöðu barna úr fjölskyldum innflytjenda, bæði þeirra sem komnir eru norðan úr Finnmörku og hinna sem komnir eru sunnan að. Þórhallur fer að sjá heiminn í nýju ljósi og er drengurinn tilneyddur að taka siðferðilega afstöðu til heimsins og þess sem þar fer miður. Sá partur verksins er bærilega samtvinnaður við hversdagslega önn drengsins.

Raunar er það svo að lesanda finnst hér tekist á við of mörg viðfangsefni og verður sagan því dálítið rásandi, hangir ekki nægilega saman sem heild, enda líklegt að hún verði lesin í slumpum og brotin raðist þá saman. Spennandi er hún ekki þótt Kristín láti strák sjá svipi frá fyrri tíð en fjölskyldulíf hans og hæg myndun tengsla eru ágætlega unnin.

Það er mikill vandi að skrifa fyrir börn og Kristín er vafalítið búin að velta hlutverki sögumanns lengi fyrir sér í fyrri skrifum sínum. Þessum lesanda þótti sagan tolla illa saman þótt gæska fylgi í boðun sögunnar.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstað:** Brokkgeng saga frá vönum sagnaþul

Bókmenntir ★★★

**Ekkert fokking klúður**
Jens Lapidus

**Þýðandi Jón Daníelsson**

## Eintómar reddingar



Í annað sinn kemur Jens Lapidus fram með Stokkhólmsreyfara af svörtustu gerð, en fyrsta saga hans, Fundið fé, kom út í hörðu bandi fyrir ári og gott ef ekki í kilju er líða tók á árið. Hann er kiljukall þessi Jens, smáfríður og snyrtilegur lögfræðingur frá Stokkhólmi sem hefur gert það í tvígang að smíða afþreyingarsögu með góðum vilja sem segir af harðskeyttum glæpahringjum innfluttra í stórborgum og úthverfum sósíaldemókratíunnar og hvernig menn utanveltu af ýmsu slekti festast í netum þeirra og eru tilneyddir til illverka. Enda vitnar Jens til Chandlers í mottói sögunnar.

Ekkert fokking klúður byggir á svipaðri fléttugerð og fyrri bókin: þrír menn dragast inní net, hver þeirra með sín erfiðu mál, bæði í einkahögum sínum og starfi, allir eru þeir bundnir af einhverskonar heiðri, siðalögmálum sem þeir hver fyrir sig brjóta og eru þar með komnir út fyrir lög og rétt, bæði samfélagsins nær og fjær. Sagan greinir svo frá hvernig leiðir þeirra skarast uns endar í háu risi og örstuttum eftirleik sem dregur móral sögunnar í miðju þeytunnar sem sagan öll er. Þetta eru miklar aksjón-bókmenntir og lýsa nær einvörðungu sýn karlmanna, missýn þeirra á sjálfa sig og alla í kringum þá.

Jens er flinkur sögumaður, hann byggir spennuna upp af miklum gáfum, samtímalýsing hans á Stokkhólmi og nærliggjandi úthverfum kann mörgum að þykja að stingi í stúf við kunnuglegustu mynd af hinni stilltu sósíaldemókratíu en lesi menn sænsku pressuna að staðaldri ætti fátt hér að koma á óvart: Svíar eru í miklum vandræðum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða.** Hörkukrimmi sænskur fyrir karla

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 9. desember 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.00** Jólatónleikarnir **Hátíð í bæ** 2009 fara fram í Iðu, íþróttahúsi FSU á Selfossi. Meðal þeirra sem koma fram eru Páll Óskar Hjálmtýsson og Monica Abendroth, Egill Ólafsson,Sigrún Hjálmtýsdóttir og Karlakór Selfoss.

**20.00** Aðventutónleikar **Domus Vox**, kóra **Margrétar J. Pálmadóttur**, fara fram í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Fram koma 180 söngkonur á öllum aldri.



**20.00** Landsvirkjunarkórinn heldur tónleika í Grensáskirkju við Háaleitisbraut. Einsöngur/kórstjóri er **Keith Reed**. Enginn aðgangseyrir.

**20.00** Kammerkórinn Ísold heldur tónleika í **Akureyrarkirkju** við Eyrarlandsveg þar sem á efnisskránni verða þekkt og hátíðlega aðventu- og jólalög.

**21.00** **Ragnheiður Gröndal** og hljómsveit verða með tónleika í sal Tónlistarskólans á Akranesi við Dalbraut 1.

**21.00** Hljómsveitirnar Momentum og Muck verða með tónleika í T.Þ.M (Tónlistarþróunarmiðstöðinni) við **Hólmaslóð 2.**

### ➜ Sýningar

Í Listasafni Reykjanesbæjar við **Duusgötu** stendur yfir sýning á verkum sem eru í eigu Landsbankans. Það eru 30 málverk frá tímabilinu 1900-1990 eftir ýmsa helstu listamenn þjóðarinnar. **Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.**

Þrándur Þórarinsson hefur opnað sýninguna **„Áfangar og önnur málverk“** að Hverfisgötu 18a (áður 101 gallerí). Opið alla daga kl. 12-18.

Listakonan Yst sýnir kola- og rauðkrítarteikningar í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu. Meðal annarra sýninga sem þar standa yfir er sýningin **„Ísland::kvikmyndir“** sem sýnir þróun kvikmyndagerðar á Íslandi frá 1904-2008. Ókeypis er á sýningar Þjóðmenningarhússins á miðvikudögum.

### ➜ Hláturjóga

**12.10** Boðið verður upp á hláturjóga með **Ástu Valdimarsdóttur** í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Þessi viðburður er í tengslum við hamingju-hádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

### ➜ Leikrit

**20.00** **Pétur Eggerz** flytur einleikinn Aðventa sem byggður er á sögu Gunnars Gunnarssonar. Sýningin fer fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Nánari upplýsingar á **www.gerduberg.is.**



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Hvað á að gefa í jólagjöf?



## Dekraðu við elskuna þína

Þessi snotra askja inniheldur glitrandi húðnæringu (125ml), sturtusápu (250ml), varasalva (15ml) og sápustykki (100g) – allt saman vörutegundir með himneskum “Cranberry“-ilmi – auk baðlilju

Sams konar askja er einnig fáanleg með annars vegar “Nutmeg & vanilla“-ilmi og hins vegar “Black velvet apricot“-ilmi

**4790 kr.**



## Kemur að góðum notum

Askjan inniheldur nuddtæki úr tré og baðhanska auk “Divine calm“-sturtusápu (200ml) og sams konar nuddolíu (100ml) sem innihalda m.a. róandi lofnarblóms- og kamillu-ilmkjarnaolíur

**5360 kr.**



## Fyrir besta pabba í heimi

Snyrtitaska sem inniheldur “Activist“-sturtusápu (200ml) og sams konar herrailm (100ml)

**4990 kr.**



## Það sem Systu langar í

Snyrtibuddan inniheldur auk baðlilju eftirtaldar vörutegundir með “White musk“-ilminum sívinsæla: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og ilmvatni (30ml) Hver er eiginlega uppáhaldsilmurinn hennar Systu? Buddan er nefnilega fáanleg með sams konar vörutegundum úr eftirfarandi ilmlínum: “Aqua lily“, “Neroli jasmin“ og “Vanilla“

**3790 kr.**



## Handa stóra bróður

Kassinn inniheldur “Of a man“-sturtusápu (200ml) og sams konar svitalyktareyði (75ml)

**3690 kr.**



## Þessi gleður góða vinkonu

Gjafakarfan inniheldur auk baðhanska eftirtaldar vörutegundir með hlýlegum og sætum vanilluilmi: Sturtugel (200ml), húðnæringu (200ml), hörundsúða (100ml) og sápustykki (100g)

**5590 kr.**



## Gleðileg jól, Gunna mín!

Askjan inniheldur auk baðlilju 5 vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. “She butter“) sem gerir hörundið silkimjúkt: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (200ml), húðnæringu (250ml), varasalva og sápustykki (100g)

Askjan er ennfremur fáanleg með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: “Coconut“, “Strawberry“, “Olive“ og “Moringa“.

**5990 kr.**



## Handa uppáhaldsfrænkunni minni

Gjafakassinn inniheldur auk baðlilju eftirtaldar vörutegundir með kókosolíu: Sturtusápu (250ml), “body butter“-húðnæringu (50ml), skrúbbkrem (50ml) og sápustykki (100g)

Einnig er hægt að fá gjöf sem þessa með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: “Cocoa“, “Mango“, “Moringa“, “Olive“. “Satsuma“, “Shea“, “Strawberry“ og “Wild cherry“

**3990 kr.**



## Góðar gjafir – enn betra verð!

Gjafakubbar í miklu úrvali. Hver kubbur inniheldur 3 vörutegundir: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og baðlilju

Fást með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: “Aqua lily“, “Coconut“, “Neroli jasmin“, “Moringa“, “Shea“, “Strawberry“, “Vanilla“, “White musk“ og “Wild Cherry“

**1490 kr.**



## Þú átt það skilið að ég dekri við þig

Buddan inniheldur eftirtaldar vörutegundir með rakagefandi og mýkjandi kókosolíu: Sturtusápu (60ml), “body butter“-húðnæringu (50ml), skrúbbkrem (50ml) og baðlilju að auki

Fæst ennfremur með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: “Mango“, “Moringa“, “Shea“, “Strawberry“ og “Wild cherry“

**2990 kr.**

THE BODY SHOP ®

## Litlar, sætar töskur

sem innihalda 2 vörutegundir: Sturtusápu (60ml) og húðnæringu (60ml)

Fást með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: “Coconut“, “Moringa“, “Neroli jasmin“ og “Strawberry“

**1090 kr.**

# KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*

> JÓLABARN

Leikkonan **Jennifer Aniston** er mikið jólabarn. Hún hélt jólaboð um helgina og bauð meðal annars vinkonu sinni Courteney Cox. „Jennifer var búin að skreyta allt húsið og í stofunni stóð stærðarinnar jólatré," var haft eftir einum veislugestinum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Felix hræðir bresk börn með Grýlu

Síðan á mánudag hefur Felix Bergsson þeyst á milli barnaskóla í London og sýnt nemendum Ævintýrið um Augastein sem fjallar um Grýlu og íslensku jólasveinana. Sýningin heitir á ensku The Yule Lads (Tale of Icelandic Christmas).

„Við frumsýndum þessa sýningu hér í London árið 2002 og höfum verið með hana á ferðinni um jólin, bæði úti og heima, síðan þá," segir Felix. „Þessi útgáfa af verkinu sem við erum með núna er aðeins styttri en sú upprunalega. Okkur hefur verið gríðarlega vel tekið og það er greinilega mikill áhugi á íslensku jólasveinunum. Á mánudaginn lék ég meðal annars fyrir krakka með geðræn vandamál. Það gekk mjög vel og sagan náði að fanga athygli þeirra."

Þegar upp verður staðið hefur Felix troðið upp í tíu skólum á fjórum dögum. „Krakkarnir eru mjög spenntir og sitja opinmynntir og fylgjast með. Þeir verða alltaf hræddir þegar Grýla kemur og þetta er auðvitað allt nýtt fyrir þeim. Eftir sýningarnar þarf ég því að útskýra þetta betur og þá koma ótrúlegustu spurningar. Krakkarnir vilja til dæmis vita hvort brúðurnar séu lifandi og hvað íslensku jólasveinarnir séu stórir í alvörunni. Einhver lýsti því yfir að honum þætti ullarfatnaðurinn sem jólasveinarnir eru í ansi ljótur!" Felix sýnir síðan verkið í fullri lengd í Hafnarfjarðarleikhúsinu á sunnudaginn. - drg



**FELIX SÝNIR AUGASTEIN Í LONDON** Krakkarnir í Snowfields Primary fylgjast spenntir með.

# Upptökur á næsta ári

**Leikstjórinn Tim Burton ætlar að hefja upptökur á kvikmyndinni Dark Shadows seint á næsta ári. Myndin er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem voru sýndir á sjöunda áratugnum. Johnny Depp, samstarfsmaður Burtons til margra ára, fer með hlutverk vampírunnar Barnabas Collins í myndinni. Þetta verður áttunda myndin sem þeir félagar gera saman. Burton er þessa dagana að ljúka við kvikmynd um Lísu í Undralandi og er hún væntanleg í bíó í mars á næsta ári. Eftir að kynningarferlinu í kringum hana lýkur mun hann snúa sér að Dark Shadows.**




# FRUMSÝNIR MYNDBAND Á UNDAN LIVERPOOL-LEIK

**Myndband fyrir lagið „Kveðjuorð" af nýútkominni sólóplötu Jóhanns G. Jóhanssonar verður frumsýnt í kvöld á Players á undan leik Liverpool og Fiorentina í Meistaradeildinni. Staðsetningin er engin tilviljun því lagið fjallar um forfallinn Liverpool-aðdáanda.**

„Lagið er um hjón sem hafa búið saman í 35 ár," segir Jóhann. „Þeim hefur ekki verið barna auðið og það hefur sett svip á sambúðina. Hann er mikill aðdáandi Liverpool en konan hefur ekki haft jafn mikinn áhuga á knattspyrnunni og hann. Þegar hún er að yfirgefa hann og bera föggur sínar út í bíl er hann að horfa á leik á milli Liverpool og Glasgow Rangers. Staðan er 3-1 fyrir Liverpool en þegar konan skellir hurðinni þá skorar Glasgow. Þá lekur tár af hvarmi karlsins en það er óljóst hvort það er vegna konunnar eða leiksins."

Það er Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður sem gerði myndbandið. Hjónin leika þau Arna Kristinsdóttir og Þorsteinn Geirharðsson og var farið víða til að taka myndbandið, meðal annars í svítuna á Grand hótel og á Players þar sem leikur Liverpool og Blackburn stóð yfir á laugardaginn. Þar var víst frekar erfitt að ná góðum skotum því leikurinn var tilþrifalaus og endaði 0-0. „Við settum okkur í samband við formann og stjórn Liverpool-klúbbsins á Íslandi og útskýrðum málið og þeir tóku okkur fagnandi. Svo eru milljón aðdáendur Liverpool úti um allan heim. Lagið verður því líka sungið á ensku og myndbandið sett á Youtube og víðar," segir Jóhann. En af hverju er Liverpool að keppa við Glasgow í laginu?

„Þetta voru bara nöfnin sem komu þegar ég samdi textann. Ég er ekki það mikið inni í boltanum og var því lengi vel hikandi um að þessi lið gætu spilað. En svo skilst mér að þau eigi hugsanlega að spila á næsta ári. Ég ætlaði fyrst að hafa þetta leik á milli Manchester United og Liverpool en þá var mér bent á að það sé alltof stór leikur og að söguhetjan myndi örugglega fara á pöbbinn til að horfa á hann."







**LIVERPOOL-AÐDÁANDI FELLIR TÁR**

Myndband við lag **Jóhanns G.** verður frumsýnt í kvöld á Players. Lagið fjallar um forfallinn Liverpool-aðdáanda sem lendir í því að konan hans fer frá honum í miðjum Liverpool-leik. Kannski er það vel við hæfi enda hefur gengi liðsins frá Bítlaborginni ekki verið upp á marga fiska.

# Æfir módel-fitness í Danmörku

„Þegar ég flutti út var ég ákveðin í að fá vinnu í líkamsrækt til að geta haldið þessu áfram. Eins og íslenska krónan er, er erfitt að búa erlendis og vera í svona dýru sporti eins og fitness," segir Fjóla Björk Gunnlaugsdóttir, nítján ára. Fjóla flutti til Sönderborg í Danmörku í ágúst þar sem hún nemur fatahönnun við Southwest business academy, en hún hefur átt góðu gengi að fagna í módel fitness hér á landi og lenti síðast í 2. sæti á bikarmóti IFBB núna í nóvember.

Síðustu helgi birtist viðtal við Fjólu í tímaritinu Jydske Vestkysten, en hún starfar nú á líkamsræktarstöðinni City fitness og æfir sex sinnum í viku. „Ég var svo heppin að fá vinnu við að kenna Push, sem er svipað æfingakerfi og Body pump, og leysa af í spinning. Henrik Hansen einkaþjálfari er svo búinn að vera að þjálfa mig, en hann þjálfaði til dæmis í hinu þekkta Gold's gym í Los Angeles," útskýrir Fjóla. Hún segir fáar stelpur stunda lyftingar í Sönderborg. „Ég hafði heyrt að það væri ekki mikið um fitness hérna og hér eru mjög fáar stelpur að lyfta. Þá áttaði ég mig á hvað fitness er miklu stærra á Íslandi," segir Fjóla, en furðar sig á að ekki séu tekin lyfjapróf hér á landi. „Ég æfi algjörlega náttúrulega og nota engin ólögleg efni. Stíft mataræði, vítamín, kreatín og glútamín er það sem virkar og fer vel með líkamann. Það er óásættanlegt að keppendur eru aldrei látnir taka lyfjapróf á Íslandi. Að sjálfsögðu eiga þrjú efstu sætin í keppnum að vera skyldug til þess eins og tíðkast úti."

Aðspurð segist hún stefna á mót í módel-fitness í Kanada á næsta ári. „Mig langar rosalega að fara og keppa en það er mjög dýrt svo ég verð að byrja að finna mér styrktaraðila," útskýrir hún og viðurkennir að draumurinn sé að starfa við sportið í framtíðinni, en Fjóla er einnig með diplóma sem tískustílisti. „Draumurinn væri að vera í módel-fitness og starfa sem þjálfari í bland við stílistann og hönnunina. Jafnvel að hanna föt á fólk í fitness og íþróttaföt," segir Fjóla. - ag



**Í FLOTTU FORMI** Fjóla Björk æfir sex sinnum í viku og þjálfar á líkamsræktarstöðinni City fitness í Sönderborg meðfram námi í fatahönnun.

MYND/JÓNAS HALLGRÍMSSON

# Tónastöðin til Akureyrar

Tónastöðin opnaði nýja hljóðfæraverslun á Strandgötu 25 á Akureyri um síðustu helgi. Fjöldi fólks lagði leið sína í verslunina til að njóta léttra veitinga og fagna aukinni samkeppni og fjölbreytti á þessum markaði. Ýmsir tónlistarmenn stigu á svið, þar á meðal Baggalútur og Pálmi Gunnarsson. Tónastöðin verður eins og systurfyrirtæki hennar í Skipholti í Reykjavík; alhliða tónlistarverslun. Helsta nýbreytnin við komu verslunarinnar til Akureyrar er aukin þjónusta varðandi viðgerðir á hljóðfærum. Einnig er nú hægt að fá í fyrsta sinn norðan heiða strengja- og blásturshljóðfæri í úrvali að ógleymdum hefðbundnum píanóum.



**PÁLMI GUNNARSSON** Pálmi Gunnarsson spilaði fyrir gesti Tónastöðvarinnar á Akureyri um síðustu helgi.

# Sólóplata Jónsa vekur athygli

Fjöldi erlendra tónlistarsíðna hefur greint frá væntanlegri sólóplötu Jónsa í Sigur Rós. Platan nefnist Go og er væntanleg 22. mars í Evrópu og daginn eftir í Bandaríkjunum.

Síðurnar NME.com, Gigwise.com og Pitchfork.com eru á meðal þeirra sem greindu frá sólóplötunni. Blaðamaður Pitchfork segir að lagið Boy Lilikoy, sem Jónsi gaf á heimasíðu sinni Jonsi.com, hljómi síður en svo eins og eitthvert ómerkilegt hliðarverkefni. Þvert á móti sé það jafnvel ennþá meira verk en flest verka Sigur Rósar. Alls verða níu lög á plötunni. Sjö þeirra verða sungin á ensku og tvö á íslensku.

Í tilkynningu frá Jónsa kemur fram að hann hafi upphaflega ætlað að gera órafmagnaða plötu en á endanum breyttist hún í eitthvað allt annað þar sem fjölda tónlistarstefna er blandað saman. Platan var tekin upp á Íslandi og í Connecticut í Bandaríkjunum. Upptökustjóri var Nico Muhly sem hefur unnið með Björk og Grizzly Bear. Einnig komu að upptökustjórninni Jónsi sjálfur, kærastinn hans Alex Somers og Peter Katis sem hefur unnið með The National og Interpol.

Jónsi ætlar í tónleikferð um heiminn á næsta ári til að fylgja plötunni eftir.



**JÓNSI** Tónlistarmaðurinn Jónsi úr Sigur Rós gefur út sólóplötu sína í mars á næsta ári. MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR



**DIANE KRUGER** Leikkonan hefur verið valin andlit snyrtivörurisans L´Oreal.

# Auglýsir snyrtivörur

Leikkonan Diane Kruger hefur verið valin andlit snyrtivörurisans L´Oreal fyrir væntanlega auglýsingaherferð fyrir vöruna L´Oreal Paris. Fetar hún þar í fótspor leikkvennanna Evu Longoria Parker og Evangeline Lilly sem hafa áður auglýst fyrir L´Oreal. Kruger hóf feril sinn sem fyrirsæta og ætti því ekki að eiga í vandræðum með verkefnið. „Þetta er mikill heiður fyrir mig og það er mjög ánægjulegt að verða talsmaður fyrir L´Oreal Paris," sagði Kruger, sem vakti mikla athygli í síðustu mynd Quentins Tarantino, Inglorious Basterds.



**MICKEY ROURKE** Rourke hefur í hyggju að ganga í hjónaband í apríl á næsta ári.

# Í hjónaband í þriðja sinn

**Talið er að leikarinn Mickey Rourke ætli að kvænast í þriðja sinn í apríl á næsta ári. Kærasta Rourkes er 24 ára rússnesk fyrirsæta, Elena Kuletskaya, og vill Rourke að brúðkaupið verði haldið að hefðbundnum rússneskum sið. Elena er um þessar mundir að kenna leikaranum að tala rússnesku fyrir hlutverk hans sem rússneskur þorpari í hasarmyndinni Iron Man 2. Ætti hann því að geta mælt einhver orð á tungumáli kærustunnar í brúðkaupinu.**

**Rourke hefur tvívegis áður verið kvæntur. Hann skildi við Debru Feuer árið 1989 eftir átta ára hjónaband. Þremur árum síðar kvæntist hann Carrie Otis. Þau skildu árið 1998.**



# Smámunasamur Brand

Glaumgosinn Russell Brand sagði í nýlegu sjónvarpsviðtali að hann væri tilbúinn að festa ráð sitt og eignast börn. Hann og söngkonan Katy Perry hafa verið í sambandi síðustu tvo mánuði og nýlega kynnti söngkonan hann fyrir foreldrum sínum, sem báðir starfa sem prestar.

„Það var djúp þrá inni í mér sem ég hélt ranglega að væri losti. Ég hélt ég væri lauslátur en í rauninni var ég bara smámunasamur í leit minni að þeirri réttu. Nú er ég einstaklega hamingjusamur,“ sagði grínistinn.



**EINNAR KONU MAÐUR** Russell Brand vill kvænast og eignast börn.

# Vel heppnað uppboð

Eins og Fréttablaðið greindi frá fór fram uppboð í Góða hirðinum, nytjamarkaði Sorpu og líknarfélaga, á föstudaginn var. Uppboðshaldarinn var tónlistarmaðurinn KK sem gaf vinnu sína til styrktar góðu málefni.

„Uppboðið gekk vel og alls söfnuðust 732.600 krónur sem renna óskipt til Lyngáss. Þetta opnar sannarlega marga möguleika til þess að auðga líf þeirra einstaklinga sem nýta sér þjónustu Lyngáss og fjölskyldna þeirra,“ segir Eva Dögg Þorgeirsdóttir, kynningar- og markaðsfulltrúi Sorpu, en Lyngás er þjónustustofnun styrktarfélagsins Áss og þjónustar börn og unglingar á aldrinum eins til átján ára sem búa við fötlun. Styrkurinn mun meðal annars notast í útgáfu á samskiptabókum sem eru notaðar til þess að koma mikilvægum upplýsingum til umönnunaraðila og foreldra um næringu, samskipti og viðfangsefni dag hvern.



**VEL HEPPNAÐ** KK ásamt styrkþegum og starfsfólki Góða hirðisins.

# Ímynd Tiger að hruni komin

**Fyrir hálfum mánuði var Tiger Woods dýrlingur, nánast ósnertanlegur. Í dag er annað uppi á teninginum og ímynd besta kylfings heims er löskuð.**

Samkvæmt vefsíðu Daily News er Elin Nordegren, eiginkona Woods, flutt út af heimili þeirra hjóna ásamt börnum þeirra. Nordegren, sem er sænsk, á að auki að hafa fest kaup á fallegu húsi rétt fyrir utan Stokkhólm. Húsið keypti hún ásamt tvíburasystur sinni. Fjölmiðlar greindu síðan frá því í gær að kona á miðjum aldri hefði verið flutt með sjúkrabíl frá húsi Woods í Flórída en móðir Elínar, Barbro Holmberg, hefur dvalist á heimili þeirra hjóna. Fréttastofan NBC staðfesti stuttu síðar að konan væri vissulega móðir Elinar og væri hún á batavegi.

Nýjar heimildir herma að gömul hnémeiðsl Tiger Woods séu orsök þess að kylfingurinn varð háður verkjalyfjum. Ein hjákona Woods opinberaði í viðtali að íþróttamaðurinn hefði verið háður lyfinu Ambien og vilja sumir meina að Woods hafi verið undir áhrifum þess þegar hann ók bíl sínum á brunahana.

Samkvæmt skýrslu frá lögreglunni í Flórída á Woods að hafa verið sofandi þegar lögreglumenn komu á vettvang stuttu eftir áreksturinn. „Þegar ég kom á slysstað lá hann hrjótandi,“ var haft eftir nágranna Woods, Jarius Adams, en hann hringdi eftir aðstoð. Annar lögregluþjónninn sagði kylfinginn hafa hagað sér undarlega á slysstað. Ekki er talið útilokað að hann hafi verið undir áhrifum Ambien, sem er algengt svefnlyf í Bandaríkjunum.



**UNDIR ÁHRIFUM?** Lögreglan í Flórída útilokar ekki að Woods hafi verið undir áhrifum svefnlyfs þegar hann ók á brunahana.

## SJÖ HJÁKONUR TIGERS

Sjö konur hafa stigið fram og viðurkennt að hafa átt í sambandi við kylfinginn Tiger Woods. Sú fyrsta sem var orðuð við Woods var skemmtanastjórinn **Rachel Uchitel** sem býr og starfar í New York. Næst kom Jaimee Gubbs, 24 ára gömul barþerna sem hefur einnig komið fram í raunveruleikaþættinum Tool Academi.



Þriðja konan orðuð við Woods var hin 27 ára gamla Kalika Moquin, rekstrarstjóri skemmtistaðar í Las Vegas. Jamie Jungers, 26 ára gömul barþerna í Las Vegas, hefur einnig viðurkennt að hafa átt í 18 mánaða löngu sambandi við Woods.

Hin 33 ára gamla Mindy Lawton, sem starfar sem gengilbeina í Orlando, sagði í viðtali við götutímaritið News of The World að hún hefði átt í ástarsambandi við kylfinginn nafntogaða. Sjötta konan sem hefur verið orðuð við Woods er Cori Rist, einstæð móðir frá Manhattan sem starfaði sem dansari á vinsælum skemmtistað í New York. Woods og Rist kynntust á öldurhúsi þar í borg og áttu í sex mánaða löngu sambandi. Síðust til að koma fram og viðurkenna samband sitt við kylfinginn er klámmyndastjarnan Holly Sampson.








**UMHVERFISVÆN HÖNNUN** Fatahönnuðurinn Rebekka Jónsdóttir, sem hefur hannað undir nafninu REY, segist vel geta hugsað sér að vinna áfram með umhverfisvæn efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Keppir í umhverfisvænni fatahönnun

Hið norræna fatahönnunarfélag, sem Fatahönnunarfélag Íslands er í, stendur fyrir verkefninu Nordic Initiative, Clean and Ethical. Markmið verkefnisins er að stuðla að náttúrulegum framleiðsluháttum innan tískuiðnaðarins og lýkur verkefninu með hönnunarkeppni sem haldin verður í tengslum við umhverfisráðstefnuna í Kaupmannahöfn í næstu viku.

Fjórir íslenskir hönnuðir taka þátt í verkefninu, þar á meðal er fatahönnuðurinn Rebekka Jónsdóttir sem segir verkefnið hafa vakið hana til umhugsunar um umhverfisvæna fatahönnun. Rebekka útskrifaðist sem fatahönnuður frá Fashion Institute of Design and Merchandising í Los Angeles í fyrra. Hún flutti heim til Íslands í vor og bauðst henni að taka þátt í Reykjavík Showroom stuttu síðar en það er sölusýning sem haldin er ár hvert og gefur ungum fatahönnuðum tækifæri til að kynna vörur sínar. „Búslóðin mín og saumavélin voru ekki enn komin til landsins þegar þetta var þannig að ég reddaði mér með því að prjóna litla línu sem samanstóð aðallega af peysum. Ég hugsaði með mér að ef ég kæmi mér ekki inn í samfélag fatahönnuða hér heima strax þá þyrfti ég að bíða í heilt ár fram að næsta Showroomi. Ég var mjög fegin þeirri ákvörðun því í kjölfarið bauðst mér að taka þátt í þessu verkefni,“ útskýrir Rebekka.

Í september var hönnuðunum boðið til Danmerkur. Þar sátu þeir ýmis námskeið þar sem umhverfisvæn framleiðsla var kennd. Hver hönnuður fær síðan frjálsar hendur við hönnun á tveimur klæðasamsetningum, en efnið sem unnið er úr þarf að mestu að vera umhverfisvænt. „Mér fannst verkefnið erfitt að því leytinu til að ég fékk ekki litina sem mig langaði að fá. Ég endaði á því að lita efnið sjálf og gerði um ellefu litaprufur áður en ég varð sæmilega sátt. En efnin sem við fengum til að vinna úr voru æðisleg.“ Rebekka segist vel geta hugsað sér að halda áfram að vinna með umhverfisvæn efni í framtíðinni og telur að Norðurlöndin geti skapað sér sérstöðu með því að sérhæfa sig í umhverfisvænni hönnun.

Keppnin fer fram 9. desember og segist Rebekka vera nokkuð stressuð fyrir sýninguna. „Ég fékk spennufall eftir að hafa sent flíkurnar frá mér í byrjun síðustu viku og ég er bæði spennt og mjög stressuð fyrir keppnina sjálfa.“

- sm

# FLJÓTLEG, ÓDÝR OG ÞÆGILEG LEIÐ...

TIL AÐ BÚA TIL PERSÓNULEGAR JÓLAGJAFIR, VARÐVEITA MINNINGARNAR OG HAFA TÍMATALIÐ Á HREINU!

## BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL




## BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT




## BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM




KÍKTU Á **www.prentlausnir.is** OG BÚÐU TIL ÞÍNAR GJAFIR.

Ármúla 15 | 108 Reykjavík | Sími: 533 6000 | prentlausnir@prentlausnir.is

**Prent**lausnir

já

NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON | kl. 8 | 12 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. .5.30 - t8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio

AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| EXTRACT | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10.10 | 10 |




**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan heldur útgáfutónleika í janúar til að kynna plötu sína Tregagás. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Syngur Tregagás í janúar

**Söngkonan Ragnheiður Gröndal heldur útgáfutónleika í janúar til að kynna plötu sína Tregagás. Tónleikarnir áttu að vera annað kvöld en hún ákvað að fresta þeim.**

Ragnheiður segir það hugsanlega lán í óláni að tónleikunum annað kvöld hafi verið frestað. „Þetta hefði verið gaman en ég var reyndar orðin svolítið stressuð yfir þessu því það er svo margt í gangi akkúrat þennan dag. Það verður útgáfuteiti hjá Borginni og síðan er Ellen [Kristjánsdóttir] með útgáfutónleikana sína," segir hún.

Tregagás er sjötta plata Ragnheiðar en alls hafa sólóplötur þessarar ástsælu söngkonu selst í um þrjátíu þúsund eintökum. Efniviður nýju plötunnar er íslensk þjóðlög í nýstárlegum útsetningum þar sem áhrifum úr heimstónlist ýmissa landa hefur verið hrært saman við hinn íslenska tónlistararf. „Við erum að ímynda okkur hvernig íslensku þjóðlögin hefðu verið ef þau hefðu átt hljóðfæri hérna fyrir hundrað til tvö hundruð árum," segir hún. „Við erum að reyna að búa til íslenska heimstónlist og viljum færa þessa gömlu þjóðlagahefð til fólksins."

Ragnheiður kemur einnig við sögu á tveimur öðrum plötum fyrir jólin, eða á Vinalögum Friðriks Ómars og Jógvans og á nýrri plötu saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar. Hefur hún því haft í nógu að snúast að undanförnu.

Söngkonan hefur verið búsett í Berlín undanfarinn tvo og hálfan mánuð. Nýverið fór hún í tónleikaferð um Austurríki og Þýskaland með tónlistarmanninum Helga Hrafni Jónssyni og heppnaðist hún mjög vel. Hún ætlar aftur út til Berlínar í febrúar og býst við að dvelja þar í fjóra mánuði. „Ég er að taka þetta í skrefum og reyna kannski að flytja þangað með tímanum. Það væri draumur að geta verið á báðum stöðum," segir hún og á þar við Berlín og Reykjavík. Hún vonast til að fara í aðra tónleikaferð erlendis í mars eða apríl næstkomandi. „Við erum búin að komast í samband við fólk sem ætlar að hjálpa okkur með þetta. Þetta er í bígerð en það er ekkert ákveðið ennþá."

freyr@frettabladid.is


PIPAR\TBWA • SÍA




75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611

# TILBOÐ DAGSINS

Traust og góð
1400 snúninga
Vestfrost þvottavél
með stafrænu
kerfisvali ofl.



**79.989 kr.**

Fullt verð ~~109.989~~

FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með
TILBOÐI DAGSINS
í blaðinu á
morgun!

| | | |
|---|---|---|
| Kenwood matvinnsluvél | 9.989 kr. | |
| Ariete heilsugrill | 9.989 kr. | |
| United örbylgjuofn | 11.989 kr. | |
| Melissa örbylgjuofn | 14.989 kr. | |
| Severin brauðvél | 15.989 kr. | |
| Severin kaffikanna | 15.989 kr. | |
| Philips ryksuga | 19.989 kr. | |
| Elna saumavél | 34.989 kr. | |
| KitchenAid blandari | 34.989 kr. | |
| Kenwood hrærivél | 49.989 kr. | |
| Beko þurrkari | 59.989 kr. | |
| Whirlpool þvottavél | 89.989 kr. | |

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Arnar fékk tveggja leikja bann

Aganefnd HSÍ dæmdi Arnar Birki Hálfdánsson, leikmann meistaraflokks Fram, í tveggja leikja bann í gær. Arnar beitti svokölluðu Júggabragði á Jón Karl Björnsson, leikmann Gróttu, og segir í dómi aganefndar að bragðið sé stórhættulegt heilsu andstæðingsins. Aganefndin lítur því þannig á að um grófa, óíþróttamannslega framkomu sé að ræða. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, skaut umdeildum ummælum Arnars um Jón Karl í Fréttablaðinu ekki inn á borð aganefndar þar sem leikmaðurinn baðst afsökunar á hegðun sinni.



MYND/KSVROESELARE.BE

**sport**

sport@frettabladid.is

**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON:** MARKAHÆSTI MIÐJUMAÐURINN Í BELGÍSKU ÚRVALSDEILDINNI

# *„Kleine Viðarsson“ slær í gegn í Belgíu*

U-21 landsliðsmaðurinn Bjarni Þór Viðarsson hefur gert það gott með belgíska úrvalsdeildarfélaginu KSV Roeselare síðan hann kom til félagsins í sumar. Alls hefur hann skorað sex mörk í ellefu leikjum með liðinu. Það eina sem skyggir á er að liðið er í botnsæti deildarinnar.

„Það er búið að ganga rosalega vel hjá mér,“ sagði Bjarni Þór. „Enda felast okkar vandamál ekki í markaskorun eða sóknarleik. Það er fyrst og fremst varnarleikurinn sem hefur reynst okkur erfiður. Við höfum fengið of mörg mörk á okkur úr föstum leikatriðum og markvarslan mætti vera betri. En það er öll seinni umferðin eftir og ég hef fulla trú á því að okkur takist að safna nógu mörgum stigum til að bjarga okkur frá falli.“

Bjarni Þór kom til hollenska félagsins Twente árið 2008 eftir fjögurra ára dvöl hjá Everton í Englandi. Fljótlega eftir komuna til Hollands meiddist Bjarni illa á hné og missti hann þar af leiðandi af öllu síðasta tímabili. Hann fékk heldur ekkert að spreyta sig hjá Everton og segist hann því afar ánægður með að fá loksins að spila reglulega.



„Ég er rosalega ánægður í Belgíu. Hér er spilaður fínn bolti, margir áhorfendur á leikjum og nýtt fyrir mig að fá að spila í hverri viku. Það var kominn tími til að fá að sýna sig.“

Hann segir að hann hafi einhverja athygli fengið í belgískum fjölmiðlum síðan hann kom í haust en fyrst og fremst fyrir að vera yngri bróðir Arnars Þórs Viðarssonar sem hefur leikið í Belgíu í rúman áratug.

„Ég er nú yfirleitt kallaður „Kleine Vidarsson“ hér í Belgíu,“ segir hann í léttum dúr. „Vissulega hefur maður einhverja athygli fengið út á mörkin en mér skilst að ég sé markahæsti miðjumaðurinn í deildinni nú.“

Þess má einnig geta að Collins John, fyrrum leikmaður Fulham, er samherji Bjarna hjá Roeselare. Þó svo að hann sé ekki nema 24 ára gamall segir Bjarni að hann sé nú langt frá sínu besta. „Þetta er algjör toppmaður en hann hefur enn ekki náð að skora. Hann fær há laun en félagið mun örugglega reyna að losa sig við hann í janúar og fá 2-3 góða leikmenn í staðinn. Ég tel að það væri góð lausn fyrir liðið enda er óhætt að segja að hann hafi ekki staðið undir væntingum.“



**VERJA EKKI TITILINN** Fram hefur orðið deildarbikarmeistari tvö ár í röð en mun ekki verja titilinn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Deildarbikarkeppni HSÍ:

## Fer fram í ár þrátt fyrir allt

**HANDBOLTI** Stjórn Handknattleikssambands Íslands ákvað á fundi sínum í gær að deildarbikarkeppni HSÍ færi fram á milli jóla og nýárs eins og á síðustu árum.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði við Fréttablaðið í síðustu viku að hann ætti von á því að keppnin yrði lögð af. Hún hafi verið sett á laggirnar eftir að úrslitakeppnin var aflögð á sínum tíma en sé nú óþörf fyrst úrslitakeppnin er komin aftur.

„Í hreyfingunni ríkja mjög skiptar skoðanir um þessa keppni,“ sagði Einar svo um málið í gær. „En menn voru sammála um að hætta þyrfti við keppnina með lengri fyrirvara. Það var því ákveðið að keppnin færi fram í ár og málið yrði svo tekið fyrir á næsta ársþingi.“

Fjögur efstu lið N1-deild karla og kvenna taka þátt í deildarbikarnum. Ljóst er að Valur, Stjarnan, Fram og Haukar taka þátt í keppni kvenna. Karlamegin eru Haukar öruggir áfram en það ræðst um helgina hvaða þrjú lið komast áfram með þeim. Valur, Akureyri, FH, Grótta og HK bítast um þau sæti. Tvö fyrstnefndu liðin standa þó mjög vel að vígi.

Undanúrslitin fara fram sunnudaginn 27. desember og úrslitaleikirnir mánudagskvöldið 28. september. **- esá**

# Yrði fúll ef ekkert gerðist

**Ensku úrvalsdeildarfélögin Fulham og Sunderland fylgjast grannt með Sölva Geir Ottesen þessa dagana sem og hollenska félagið Twente. Sölvi Geir segir að draumurinn sé að komast að hjá liði á Englandi.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sölvi Geir Ottesen var í enskum fjölmiðlum í gær orðaður við ensku úrvalsdeildarfélögin Fulham og Sunderland. Hann er einnig orðaður við hollenska félagið Twente sem Steve McClaren, fyrrverandi landsliðsþjálfari Englands, stýrir.

Útsendarar frá bæði Fulham og Sunderland voru staddir á síðasta leik SönderjyskE, sem Sölvi leikur með, í þeim tilgangi að skoða íslenska landsliðsmanninn. Frammistaða Sölva Geirs með danska félaginu hefur vakið mikla athygli en hann hefur farið á kostum og er fyrirliði liðsins.

„Það voru menn þarna að skoða mig. Ég er ekkert að æsa mig yfir þessu enda ekki komin nein tilboð frá neinum. Á meðan er ég ekkert að stressa mig. Ég veit ekki til þess að þessi félög hafi áður sent menn til þess að skoða mig,“ segir Sölvi Geir, sem er staddur í Dubai í fríi.

Hann er með tvo umboðsmenn á sínum snærum, einn sem sér um England og annan sem sér um allt sem er utan Englands.

„Auðvitað væri gaman að fara til Englands. Úrvalsdeildin er auðvitað draumurinn en ég myndi líka alveg sætta mig við að byrja aðeins neðar. Ég hef ekkert heyrt í umboðsmanninum mínum enda vil ég ekki að hann sé að láta mig vita fyrr en það sé komin einhver alvara í málin,“ segir Sölvi Geir, sem á eitt og hálft ár eftir af samningi sínum við SönderjyskE þannig að ekki fer hann frítt.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Sölvi er orðaður við stór félög. Er það ekkert pirrandi að lesa fréttir af sínum málum og svo gerist ekki neitt?

„Ég reyni að spá voða lítið í þessu. Ef eitthvað gerist þá gerist það. Á meðan held ég bara mínu striki. Það er ekkert annað hægt að gera,“ segir Sölvi sem unir hag sínum vel í Danmörku.



**EFTIRSÓTTUR** Sölvi Geir Ottesen hefur víða vakið athygli með frammistöðu sinni í Danmörku. Hann er hér í landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Okkur líður öllum mjög vel í Danmörku. Við höfum það rosalega gott. Auðvitað langar mann að komast lengra áfram og ég yrði örugglega fúll ef það myndi ekkert gerast. Sú fýla myndi samt örugglega ekki standa lengi yfir. Þá myndi maður bara reyna að gera eitthvað í næsta glugga.“

Eins og áður segir hefur gengið afar vel hjá Sölva í Danmörku og hann er sáttur við eigin frammistöðu.

„Það gengur rosalega vel. Ég get ekki kvartað yfir neinu. Svo er fínt að komast í smá vetrarfrí núna. Þetta er svolítið sérstakt að fara í frí núna alveg fram í mars. Svo þegar tímabilinu lýkur eru bara nokkrar vikur í næsta tímabil. Maður er eiginlega að kveðja menn núna en tímabilið er samt bara hálfnað,“ segir Sölvi Geir og svo er spurning hvort hann verður keyptur þegar markaðurinn opnar í janúar. **henry@frettabladid.is**



**AQUILANI** Fær loksins tækifæri til að sýna hvað hann getur – ekki bara á æfingasvæðinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alberto Aquilani:

## Loksins í byrjunarliðinu

**FÓTBOLTI** Ítalinn Alberto Aquilani verður líklega í byrjunarliði Liverpool í fyrsta sinn síðan hann kom til félagsins frá Roma í sumar. Hann kostaði tuttugu milljónir punda en Rafa Benitez, stjóri Liverpool, hefur verið ansi spar á að nota hann eftir að hann jafnaði sig á ökklameiðslum í síðasta mánuði.

„Við ákváðum að tefla ekki á tvær hættur með hann,“ sagði Benitez. „Við munum sjá vel um hann og hann verður tilbúinn þegar hann spilar. Vonandi verður það í dag.“ **- esá**

### MEISTARADEILDIN Í KVÖLD

| | |
|---|---|
| **E-riðill** | |
| Lyon - Debrecen | 19.45 |
| Liverpool - Fiorentina | 19.45 |
| **Staðan**: Fiorentina 12, Lyon 10, Liverpool 7, Debrecen 0. | |
| **F-riðill** | |
| Dynamo Kiev - Barcelona | 19.45 |
| Inter - Rubin Kazan | 19.45 |
| **Staðan**: Barcelona 8, Inter 6, Rubin Kazan 6, Dynamo Kiev 5. | |
| **G-riðill** | |
| Sevilla - Rangers | 19.45 |
| Stuttgart - Unirea Urziceni | 19.45 |
| **Staðan**: Sevilla 10, Unirea Urziceni 8, Stuttgart 6, Rangers 2. | |
| **H-riðill** | |
| Standard Liege - AZ Alkmaar | 19.45 |
| Olympiakos - Arsenal | 19.45 |
| **Staðan**: Arsenal 13, Olympiakos 7, Standard Liege 4, AZ Alkmaar 3. | |




**Fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.**

**Bjóðum upp á örugga og hraða sendingarþjónustu fyrir jólin. Pakkar, bögglar og nafnamerkt blöð.**

**Nánari upplýsingar veitir Pósthúsið í síma 585-8300 eða á posthusid.is**

Póst húsið


Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld með átta leikjum:

# Barist um síðustu sætin í kvöld

**FÓTBOLTI** Síðustu leikirnir í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fara fram í kvöld en þá ræðst endanlega hvaða sextán lið komast áfram í næstu umferð en hún verður háð með útsláttarfyrirkomulagi.

Enn eru fjögur laus sæti fyrir leiki kvöldsins, þar af tvö í F-riðli sem hefur verið jafn og spennandi hingað til. Þar eru Evrópumeistarar Barcelona á toppnum en þeir gætu dottið niður í þriðja sæti riðilsins í kvöld ef liðið tapar fyrir Dynamo Kiev í Úkraínu með minnst tveggja marka mun og leik Inter og Rubin Kazan lyktar ekki með jafntefli.

Þó má gera ráð fyrir því að Börsungar séu í lykilstöðu í riðlinum og að leikur Inter og Rubin sé úrslitaleikur um hvort liðið fylgi þeim spænsku áfram í sextán liða úrslitin.

„Þetta verður okkar mikilvægasti leikur á tímabilinu til þessa,“ sagði Pep Guardiola, stjóri Barcelona, í spænskum fjölmiðlum. „Ég er sannfærður um að við munum spila vel. Við megum alls ekki við því að falla úr leik og við verðum að ná efsta sæti riðilsins.“

Barcelona hefur verið á frábærum skriði að undanförnu og unnið Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni og Inter í Meistaradeildinni á síðustu vikum.

Úrslit í E-riðli eru ráðin að öllu leyti nema að Lyon getur enn náð efsta sæti riðilsins af Fiorentina, sem sá til þess fyrir tveimur vikum að Liverpool komst ekki áfram í næstu umferð.

Í G-riðli er Sevilla öruggt áfram en Stuttgart og spútnikliðið Unirea Urziceni mætast í hreinum úrslitaleik í Þýskalandi um hvort liðið fylgir Sevilla áfram. Þar nægir Unirea jafntefli.

Arsenal hefur borið höfuð og herðar yfir önnur lið í H-riðli og er öruggt áfram. Olympiakos er í góðri stöðu en þarf helst stig á heimavelli gegn þeim ensku í kvöld. **- esá**



**PEP GUARDIOLA** Vill ná efsta sæti riðilsins. NORDIC PHOTOS/AFP

OPIÐ
TIL 22:00
í Smáralind
til jóla

# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

## ALLAR VINSÆLUSTU DVD MYNDIRNAR




VÆNTANLEGT 10. DES

2.399




VÆNTANLEGT 10. DES

2.399

2.399

KENNSLUMYNDBAND Í FÖRÐUN - Fyrsta sinnar tegundar á Íslandi !



3.999




2.899




4.299




VÆNTANLEGT 10. DES

2.399




2.399




2.499




2.399




2.399

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár



**SKORAÐI SJÖ** Sunna Jónsdóttir skoraði sjö mörk fyrir Fylki í gær en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

N1-deild kvenna í gær:

## FH vann Fylki

**HANDBOLTI** Einn leikur fór fram í N1-deild kvenna í gærkvöldi. FH vann góðan sigur á Fylki á heimavelli og náði þar með fjögurra stiga forskoti á Árbæinga í deildinni. FH er með tíu stig í fimmta sæti en Fylkir í því sjötta með sex.

FH vann leikinn með sjö marka mun, 32-25, en staðan í hálfleik var 18-13, FH í vil.

Þær Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir og Gunnur Sveinsdóttir skoruðu níu mörk hvor fyrir FH og Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir varði 25 skot fyrir liðið í markinu.

Hjá Fylki var Sunna Jónsdóttir markahæst með sjö mörk. Sunna María Einarsdóttir kom næst með fimm. Guðrún Ósk Maríasdóttir átti stórleik í markinu og varði 32 skot en það dugði þó ekki til. - esá

Féllu á lyfjaprófi:

## Leikmenn CSKA í bann

**FÓTBOLTI Tveir leikmenn CSKA Moskvu hafa verið settir í tímabundið keppnisbann eftir að þeir féllu á lyfjaprófi sem þeir tóku eftir leik liðsins gegn Manchester United í Meistaradeild Evrópu í síðasta mánuði. Þetta eru varnarmennirnir Aleksei Berezutski og Sergei Ignashevich. Þeir spiluðu ekki með liðinu gegn Besiktas í Meistaradeildinni í gær.**

**Forráðamenn CSKA sögðu leikmennina saklausa og að skriffinnskuklúðri væri um að kenna.** - esá

# Bæjarar frábærir í Tórínó

**Bayern München tryggði sig áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu með stæl er liðið vann 4-1 útisigur á Juventus í gær. Real Madrid, AC Milan og CSKA Moskva komust einnig áfram. Michael Owen skoraði þrennu fyrir Man. United.**

**FÓTBOLTI** Juventus varð í gær að bíta í það súra epli að komast ekki áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir að liðið tapaði fyrir Bayern München á heimavelli, 4-1.

Þeir þýsku voru hreint frábærir í leiknum frá fyrstu mínútu og létu það ekki á sig fá að þeir lentu undir snemma í leiknum.

Ivica Olic hafði reyndar átt skalla í stöng fyrir Bayern en á átjándu mínútu komst Juventus yfir með marki David Trezeguet.

Vörn Bayern svaf þá á verðinum og missti boltann til Claudio Marchisio, sem gaf boltann um leið inn í teig. Þar var Trezeguet mættur og skoraði með viðstöðulausu skoti. Þar með voru Ítalirnir komnir í kjörstöðu enda höfðu þeir eins stigs forystu á Bayern fyrir leikinn.

Bayern náði þó að svara fyrir sig á 30. mínútu. Martin Caceres braut þá á Olic í vítateignum og vítaspyrna dæmd. Markvörðurinn margreyndi Hans-Jörg Butt skoraði af mikilli yfirvegun og öryggi.

Þeir þýsku fengu svo tvö færi í kjölfarið til að komast yfir en það tókst þeim þó ekki að nýta. Staðan var því enn jöfn í hálfleik, þó að þeir þýsku hafi verið betri í leiknum.

En þeir löguðu það snemma í síðari hálfleik. Daniel van Buyten kom skalla að marki eftir fyrirgjöf sem Gianluigi Buffon varði. Olic náði hins vegar frákastinu og skoraði í autt markið.

Eftir þetta var aldrei spurning hvoru megin sigurinn myndi lenda. Þeir Mario Gomez og Anatoli Tymoschuk bættu við tveimur mörkum á síðustu tíu mínútum leiksins og gerðu þar með út um leikinn.

Einnig var mikil spenna í C-riðli. Real Madrid tryggði sér efsta sæti riðilsins með 3-1 sigri á Marseille í Frakklandi. Litlu mátti muna fyrir Madrídinga. Cristiano Ronaldo kom liðinu yfir með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu af löngu færi á fimmtu mínútu. Frakkarnir voru þó einungis sex mínútur að jafna metin. Argentínumaðurinn Lucho Gonzalez var þar að verki með skoti úr vítateig eftir misheppnaða hreinsun frá marki Real.



**FAGNAÐ Í LEIKSLOK** Leikmenn Bayern fagna sætum sigri á Juventus á Ítalíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brandao náði reyndar að koma boltanum í netið skömmu síðar fyrir þá frönsku en markið var dæmt af vegna rangstöðu.

Í seinni hálfleik kom Raul Albiol Madrídingum aftur yfir með skoti úr vítateig en aðeins fáeinum mínútum síðar fengu heimamenn tækifæri að jafna. Iker Casillas gerði sig sekan um slæm mistök er hann braut á fyrirliðanum Mamadou Niang innan vítateigs. Lucho tók vítið en skaut í slána.

Frökkunum var refsað fyrir að klúðra vítinu um tíu mínútum fyrir leikslok. Lassana Diarra gaf þá sendingu inn fyrir vörn Marseille á Cristiano Ronaldo. Markvörður Marseille kom út úr markinu en í stað þess að ná til boltans tæklaði hann eigin varnarmann. Ronaldo þurfti síðan ekki að gera annað en að renna knettinum í autt markið.

Úrslitin þýddu að AC Milan mátti tapa sínum leik gegn FC Zürich í Sviss. Þeir ítölsku lentu reyndar í slæmum málum þar. Serbinn Milan Gajic kom Zürich nefnilega yfir með föstu skoti úr aukaspyrnu undir lok hálfleiksins.

Ronaldinho náði svo að jafna metin fyrir Milan með marki í síðari hálfleik og gulltryggði þar með sæti liðsins í sextán liða úrslitunum.

Manchester United tryggði sér efsta sætið í sínum riðli með 3-1 sigri á Wolfsburg í Þýskalandi. Michael Owen skoraði öll mörk United; fyrst með skalla eftir fyrirgjöf, þá með skoti af stuttu færi eftir laglegan undirbúning Gabriel Obertan og svo eftir að hann slapp einn inn fyrir vörn Þjóðverjanna eftir skyndisókn United.

CSKA Moskva fylgir United úr B-riðli eftir góðan 2-1 sigur á Besiktas í Tyrklandi.

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**A-RIÐILL**

**Maccabi Haifa - Bordeaux 0-1**
0-1 Jussie (13.)

**Juventus - Bayern München 1-4**
1-0 David Trezeguet (19.), 1-1 Hans-Jörg Butt, víti (30.), 1-2 Ivica Olic (52.), 1-3 Mario Gomez (83.), 1-4 Anatoli Tymoschuk (92.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bordeaux** | 6 | 5 | 1 | 0 | 9-2 | 16 |
| Bayern | 6 | 3 | 1 | 2 | 9-5 | 10 |
| **Juventus** | 6 | 2 | 2 | 2 | 4-7 | 8 |
| Maccabi Haifa | 6 | 0 | 0 | 6 | 0-8 | 0 |

**B-RIÐILL**

**Wolfsburg - Manchester United 1-3**
0-1 Michael Owen (44.), 1-1 Edin Dzeko (56.), 1-2 Michael Owen (83.), 1-4 Michael Owen (91.)

**Besiktas - CSKA Moskva 1-2**
0-1 Milos Krasic (41.), 1-1 Bobo (86.), 1-2 Evgeni Aldonin (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | 6 | 4 | 1 | 1 | 10-6 | 13 |
| CSKA Moskva | 6 | 3 | 1 | 2 | 10-10 | 10 |
| **Wolfsburg** | 6 | 2 | 1 | 3 | 9-8 | 7 |
| Besiktas | 6 | 1 | 1 | 4 | 3-8 | 4 |

**C-RIÐILL**

**Marseille - Real Madrid 1-3**
0-1 Cristiano Ronaldo (5.), 1-1 Lucho Gonzalez (11.), 1-2 Raul Albiol (60.), 1-3 C. Ronaldo (80.).

**Zürich - AC Milan 1-1**
1-0 Milan Gajic (29.), 1-1 Ronaldinho (65.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | 6 | 4 | 1 | 1 | 15-7 | 13 |
| AC Milan | 6 | 2 | 3 | 1 | 8-7 | 9 |
| **Marseille** | 6 | 2 | 1 | 3 | 10-10 | 7 |
| Zürich | 6 | 1 | 1 | 4 | 5-14 | 4 |

**D-RIÐILL**

**Atletico Madrid - FC Porto 0-3**
0-1 Alves (2.), 0-2 Falcao (14.), 0-3 Hulk (76.).

**Chelsea - APOEL Nicosia 2-2**
0-1 C. Charalambides (6.), 1-1 M. Essien (19.), 2-1 D. Drogba (26.), 2-2 N. Mirosavljevic (87.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | 6 | 4 | 2 | 0 | 11-4 | 14 |
| Porto | 6 | 4 | 0 | 2 | 8-3 | 12 |
| **APOEL** | 6 | 0 | 3 | 3 | 4-7 | 3 |
| Atletico | 6 | 0 | 3 | 3 | 3-12 | 3 |

### Enska B-deildin

**Swansea - Plymouth 1-0**
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir Plymouth.

**Reading - Crystal Palace 2-4**
Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru í byrjunarliði Reading. Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður og skoraði síðara mark Reading úr vítaspyrnu á 80. mínútu.

### Sænska úrvalsdeildin

**Sundsvall - Södertälje 82-81**
Jakob Sigurðarson var stigahæstur hjá Sundsvall með 24 stig sem er á toppi deildarinnar.






Rafn Andri Haraldsson Þróttari er samningslaus:

## Ætlar að spila í efstu deild næsta sumar

**FÓTBOLTI** Rafn Andri Haraldsson, leikmaður Þróttar, er samningslaus og hefur verið undir smásjá nokkurra liða í Pepsi-deildinni. Hann er meðal annars sterklega orðaður við bikarmeistara Breiðabliks.

„Ég hef alveg áhuga á að spila með Breiðablik en það er samt alveg óljóst hvað ég geri. Ég hef spjallað við Blikana og önnur lið," segir Rafn Andri sem æfir með Þrótturum þó svo að hann sé samningslaus. Hann ætlar þó ekki að leika með þeim í 1. deildinni næsta sumar.

„Ég stefni á að spila með liði í efstu deild. Ég veit ekki alveg hvað ég ætla að gera en fer vonandi að klára það fljótlega. Það er svolítið pirrandi að vera í einhverri óvissu," segir Rafn Andri Haraldsson sem fór til reynslu hjá Vejle í Danmörku en fékk ekki samning. - hbg

Enn um deilur Tony Pulis og James Beattie:

## Baðst Beattie afsökunar?

**FÓTBOLTI** James Beattie, leikmaður Stoke, var sagður hafa beðið stjórann sinn, Tony Pulis, afsökunar á hegðun sinni eftir leikinn gegn Arsenal um helgina.

Pulis tjáði þá leikmönnum að það yrði æfing á mánudagsmorgninum. Beattie brást ókvæða við enda hafði hann skipulagt mikla jólagleði fyrir leikmenn liðsins í London. Var það með þeim formerkjum að leikmenn fengju tvo daga til þess að jafna sig.

Svo reiður varð Beattie að hann rauk í stjórann og þeir ku hafa skipst á höggum eftir því sem fram kom í enskum fjölmiðlum. Pulis gaf sig ekki og æfingin fór fram á mánudeginum.

Enskir fjölmiðlar fullyrtu fyrst í gær að Beattie hefði beðist afsökunar en BBC greindi svo frá því að það væri rangt og að Beattie væri að íhuga framtíð sína hjá Stoke. Málið væri því alls ekki leyst. - hbg



**JAMES BEATTIE** Gaf stjóranum sínum einn á lúðurinn. AFP

# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### TÖLVUVIÐGERÐASETT




**Manhattan TOOLKIT**
13 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

**1.450**

### LOKUÐ HEYRNARTÓL



SENNHEISER

**Sennheiser HD 201**
Létt og þægileg lokuð heyrnatól með skörpum hljómi og þéttum bassa.

**3.750**

### LEIKJAMÚS



Logitech

**Logitech MX518**
Optical tölvumús. Pottþétt í leikina.

**6.450**

### HARÐDISK FLAKKARI



**WD Elements**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

WD **1TB**

**19.750**

### UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

WD

**500GB DISKUR**




**United HD MMP 9530**
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

HDMI

**24.950**

### PRENTARI OG SKANNI



**Epson SX110**
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 600 x 1200. Prentar allt að 30 bls á mín. USB. Windows og Mac.

EPSON

**10.950**

### 5.1 HÁTALARASETT



PHILIPS

**Philips SPA2602**
Kraftmikið og nett 45w RMS hátalarakerfi með 5 hátölurum og bassaboxi með Analogue Bass Boost og Bass reflex.

**16.950**

### AMD TÖLVUPAKKI 2




STREAMER

- Streamer midi turn
- Athlon II X240 2,8GHz DualCore
- 2GB DUAL DDR2 800MHz XMS
- 640GB SATA II WD
- MSI ATI Radeon HD4200
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 12xUSB2, 5 x SATA II, eSATA, ofl.
- Windows 7 Home Premium

**129.950**

### TOSHIBA FARTÖLVA




**Toshiba Sat L500-142**
- Intel Pentium Dual-Core T4300
- 3GB DDR2 800MHz minni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**129.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*



> **Kim Raver**

„Við fjölskyldan höfum ekki haldið í neinar trúarlegar hefðir sem við koma jólunum. Okkar jól snúast fyrst og fremst um að hitta fjölskylduna og eyða tíma saman.“

***Raver fer með hlutverk Nico Reilly í þættinum Lipstick Jungle sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 21.55.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON ÞAKKAR GUÐI FYRIR HLJÓÐ OG HÁVAÐA

## *Stungið upp í tífurnar*



Stundum gerist það í síbylju morgunþáttanna, sem eru því miður oft plagaðir af heyrnarsködduðum tæknimönnum, að hin tæra snilld stekkur leiftursnöggt inn á ljósvakann, tindrar eins og geisli frá guði og líður svo hljóðlega burtu.

Þetta gerðist í fyrradag í Bíti Heimis og Kollu (nema Kolla er núna fjarri góðu gamni en það er önnur saga). Nú þarna voru kölluð til þau Mörður Árnason, fyrrum þingmaður, og Agnes Bragadóttir, fyrrum íþróttakennari. Þau eiga ekki mikið sameiginlegt en reyna þó stundum að tala saman, það er, Mörður reynir að hafa í fullu tré við Agnesi sem er ákafakona mikil og einhver harðasti gjammari landsins.

Það var talað um Icesave en þau eru ekki í sama liði í því leiðindamáli og var frú Agnes mikið í mun að sýna fram á tilraunir Indriða Þorlákssonar til að blekkja almenning í einhverjum bréfsnuddum sem fóru milli hans og útlendinga rétt fyrir kosningar í fyrra. Mörður varði Indriða enda þeir báðir húskarlar úr Arnarhvoli. Þóttist Agnes geta vitnað beint í bréf, en Mörður, verandi textafræðingur, óskaði eftir frumtexta, sem var fundinn og orðið sem Agnesarórarnir byggðu á fundið, en reyndist þá rangt þýtt í huga leikfimikennarans fyrrverandi: þú verður að læra ensku, sagði mörðurinn með blíðu brosi grimmdarlaust eins og merðir gera áður en þeir éta litla fugla lifandi.

Tók þá við löng þögn og gjammaði engin kelling nokkra hríð. Stundum varpar Drottinn ljósi til jarðar svo heimska mannsins verður ljós öllum andartak.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.00** The Doctors STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** America's Next Top Model SKJÁREINN



▶ **22.00** Employee of the Month STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.55** True Blood STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Einu sinni var... - Maðurinn** (11:26) (e)
**17.35 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Til verndar lofthjúpi jarðar** (Dokument inifrån: Klimaträddarna) Í þessari sænsku heimildamynd er fjallað um margháttað starf sem unnið er um víða veröld til að draga úr losun koltvísýrings í framtíðinni.
**23.30 Kastljós** (e)
**00.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Ask the Dust**
**10.00 P.S.**
**12.00 I Love You to Death**
**14.00 Ask the Dust**
**16.00 P.S.**
**18.00 I Love You to Death**
**20.00 Small Time Obsession**
▶**22.00 Employee of the Month** Gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Simpson. Áhugalaus starfmaður í stórmarkaði ákveður að venda kvæði sínu í kross þegar nýr starfsmaður mætir á svæðið.
**00.00 Let's Go To Prison**
**02.00 A History of Violence**
**04.00 Employee of the Month**
**06.00 Dr. No**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Auddi og Sveppi**
**10.55 You Are What You Eat** (5:8)
**11.45 Smallville** (12:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Aliens in America** (16:18)
**13.25 Supernanny** (10:20)
**14.10 Sisters** (9:28)
**14.55 ER** (20:22)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Dynkur smáeðla og Nornafélagið.
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 Friends** (8:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Simpsons** (3:21)
**19.55 Two and a Half Men** (10:24) Charli Sheen og John Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan.
**20.25 Gossip Girl** (10:22) Þáttaröð um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**21.15 Grey's Anatomy** (7:23)
▶**22.05 Medium** (15:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfileg atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.
**22.55 True Blood** (12:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra. Sjálf býr hún yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum því hún getur lesið hugsanir.
**23.50 Sex and the City** (18:18)
**00.30 The Mentalist** (2:22)
**01.15 ER** (20:22)
**02.00 Sjáðu**
**02.30 Air Marshal**
**04.00 The Half Life of Timofey Berezin**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**16.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**
**18.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Dynamo Kiev - Barcelona** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Liverpool - Fiorentina Sport 4. Olympiakos - Arsenal
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**22.20 Liverpool - Fiorentina** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**00.10 Olympiacos - Arsenal** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Aston Villa - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Portsmouth - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.05 Man. City - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 West Ham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dynasty** (24:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Nýtt útlit** (10:10) (e)
**17.25 Dynasty** (25:29)
**18.15 Fréttir**
**18.30 Yes Dear** (13:15) (e)
**19.00 King of Queens** (14:25) (e)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 Matarklúbburinn** (5:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.
**20.15 Spjallið með Sölva** (12:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
▶**21.05 America's Next Top Model** (8:13) Stúlkurnar þurfa að sýna viðtalshæfni sína þegar Jessica Lowndes úr unglingaþáttunum 90210 spjallar við þær. Síðan þurfa þær sjálfar að skrifa handrit fyrir CoverGirl auglýsingar. Kim Kardashian er gestadómari að þessu sinni.
**21.55 Lipstick Jungle** (8:13) Þáttaröð um þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Victory kemst að því að Joe ætlaði að biðja hennar og vinkonurnar ákveða að fara með hana í helgarferð út úr borginni. En dvölin í sveitasælunni tekur óvæntan enda.
**22.45 The Jay Leno** Show Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.
**23.30 CSI. Miami** (7:25) (e)
**00.20 King of Queens** (14:25) (e)
**00.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi er óþreytandi við að kynna okkur málefni höfuðborgarinnar.
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir fjallar um ódýrar og hentugar lausnir fyrir heimilin sem og íslenska hönnun.
**21.00 Frumkvöðlar** Þáttur í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur um þá sem eru að reyna að skapa framtíðarauð eyjunnar bláu.
**21.30 Björn Bjarna** Gestur Björns í dag er séra Hjálmar Jónsson.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




**Hankook**

## Öryggi og gæði

Með Hankook dekk undir bílnum ertu öruggari í vetur. Hankook vetrardekk tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.

Þú færð Hankook dekk hjá Sólningu og Barðanum.

**Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi**
Virka daga 8.00–18.00
Laugardaga 9.00–13.00

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440

**SÓLNING**

**BARÐINN**
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.15

### Grey's Anatomy

Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara, ekki síst síðan spítalinn sameinaðist öðrum spítala.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Heim og saman

### ÍNN kl. 20.30



Þórunn Högnadóttir útlitshönnuður fjallar um ódýrar og hentugar lausnir fyrir heimilin sem og íslenska hönnun í nýjum þætti á sjónvarpsstöðinni INN. Margir hafa nú minna á milli handanna en áður en langar engu að síður að lífga upp á heimilið. Þórunn mun sýna áhorfendum hvernig það er hægt með útsjónarsemi og sköpunargleðina að vopni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bókaþing
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

▶ **17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (22:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls**

**20.30 Ástríður** (3:12) Ástríður er ekki alveg viss hvort hún vill halda sambandinu við hinn drykkfellda Björn blaðamann áfram. En hvernig kemur maður sér út úr svoleiðis vandræðum?

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Chuck** (14:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.45 Burn Notice** (14:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.

**23.30 The Unit** (6:11)

**00.15 Ástríður** (3:12)

**00.45 Seinfeld** (22:24)

**01.15 Modern Toss** (3:6)

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Absolutely Fabulous **12.50** Absolutely Fabulous **13.20** After You've Gone **13.50** After You've Gone **14.20** My Hero **14.50** The Weakest Link **15.35** Monarch of the Glen **16.24** Monarch of the Glen **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Waking the Dead **21.50** Lead Balloon **22.20** The Mighty Boosh **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Only Fools and Horses **23.50** Monarch of the Glen

## DR 1

**14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Verdens morsomste mand **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En splittet familie **21.45** Onsdags Lotto **21.50** Taggart **23.00** OBS **23.05** Seinfeld **23.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Øisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** True Blood **23.35** Ei rituell verd

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** Niklas mat **13.05** Dokument utifrån **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Nära djuren **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden **21.00** Nip/Tuck **21.45** Alfred **21.50** Kulturnyheterna **22.05** Livet i Fagervik **22.50** Sommarpratarna **23.50** Brotherhood




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast banana, ab-mjólk og múslí. Yfirleitt gríp ég morgunmatinn með mér á leiðinni út því ég er alltaf á síðustu stundu. Svo fæ ég mér kaffibolla.“*

Auður Lind Aðalsteinsdóttir hannaði endurskinsmerki ásamt dóttur sinni, Hönnu Maríu.

# Borða kíló af kjöti á mettíma

Inntökupróf í KG Club verður haldið á veitingastaðnum Ömmu Habbý á Ísafirði í kvöld. „Þetta var fyrst óformlegur klúbbur þar sem menn fengu útrás fyrir græðgina. Svo bara ákváðum við að taka þetta skrefinu lengra og halda inntökupróf fyrir gesti og gangandi,“ segir Þorsteinn Másson í KG Club. Þeir sem vilja komast í klúbbinn í kvöld þurfa að innbyrða eitt kíló af nautakjöti á innan við einni og hálfri klukkustund. Einnig þarf að borða hnefafylli af meðlæti með. Ekki má kasta upp kjötinu meðan á þolrauninni stendur og kjötið verður að vera eitt kíló að þyngd eftir eldun.

„Þetta er samfélag einstaklinga sem hafa klárað að éta eitt kíló af kjöti í einni máltíð. Þetta eru meðlimir af öllum stærðum og gerðum,“ segir Þorsteinn um KG Club. Sex eru nú þegar í klúbbnum en í kvöld geta fimmtán til viðbótar, átján ára og eldri, bæst við uppfylli þeir inntökuskilyrðin. „Við höfum allir gengið í gegnum þetta á mismunandi tímum. Sumir gerðu þetta fyrir nokkrum árum og svo eru aðrir sem hafa verið í banastuði á jólahlaðborðum. Þeir hafa þá fengið staðfestingu frá kokknum um að það væri búið að bera í þá kíló af kjöti,“ segir hann.

Lærifaðir klúbbsins og heiðursmeðlimur er Þorsteinn Jónínuson, sem hefur veitt núverandi meðlimum mikinn innblástur með frammistöðu sinni. „Þegar hann var í heimavistarskóla á Núpi gengu sögur um að hann hafi torgað gríðarlegu magni af kjöti og það var kveikjan að því að við stofnuðum þennan klúbb. Það má segja að hann hafi sett standardinn og svo reyna aðrir að fylgja í fótspor hans.“

Þegar hafa ellefu skráð sig í inntökuprófið í kvöld kl. 20.00, allt karlmenn. „Þetta er ekki hollt og það er ekkert sem mælir með þessu. Það er samt ekki heldur neitt sem mælir með því að drekka mikið brennivín eða labba á Everest. Þetta er bara upplyfting í skammdeginu og sprell.“

- fb



**NÝJASTI MEÐLIMURINN** Þór Sveinsson, nýjasti meðlimur KG Club, heldur á úrbeinaða lærinu sem kom honum í hóp hinna útvöldu.



**LÁRÉTT**
**2.** fíkniefni, **6.** kusk, **8.** þunnur vökvi, **9.** ról, **11.** þurrka út, **12.** kál, **14.** gimsteinn, **16.** grískur bókstafur, **17.** angan, **18.** kerald, **20.** horfði, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** asi, **3.** bor, **4.** alls, **5.** fyrirboði, **7.** eilífð, **10.** nögl, **13.** kjáni, **15.** lítill, **16.** krot, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** hass, **6.** ló, **8.** lap, **9.** ark, **11.** má, **12.** salat, **14.** tópas, **16.** pí, **17.** ilm, **18.** áma, **20.** sá, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT:** **1.** flas, **3.** al, **4.** samtals, **5.** spá, **7.** óratími, **10.** kló, **13.** api, **15.** smár, **16.** pár, **19.** af.

## FRIÐRIK ÓMAR: ÁTTI FUND MEÐ VERÐI LEVÍ

# Friðrik segir Fíladelfíusöfnuðinn fara með rangt mál

Friðrik Ómar Hjörleifsson hefur sent Fréttablaðinu yfirlýsingu vegna deilna hans við Fíladelfíusöfnuðinn sem Séð og heyrt greindi fyrst frá. Þar kemur fram að hann, ásamt tónlistarstjórum safnaðarins og forstöðumanni, hafi reynt að lægja öldurnar og umræðuna sem varð í þjóðfélaginu á fundi í síðustu viku og þeir hafi ætlað að senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu. Ekki hafi hins vegar tekist samkomulag um orðalag. Hins vegar er Friðrik ánægður með að heyra að samkynhneigðir séu velkomnir í Fíladelfíusöfnuðinn eins og kom fram í yfirlýsingu Fíladelfíu sem send var fjölmiðlum í síðustu viku. „Það þykja mér góð tíðindi og fagna ég þeim.“

Friðrik segir það jafnframt rangt sem fram kemur í yfirlýsingu Fíladelfíusafnaðarins að aldrei hafi borist beiðni um að hann kæmi fram á tónleikunum. „Sannleikurinn er sá að ég hef haft samskipti við tónlistarstjóra safnaðarins varðandi tónlistarflutning með kórnum en þau sjá um skipulagningu tónleikanna. Árið 2007 ræddi ég við tónlistarstjóra í tengslum við að ég kæmi fram með kór safnaðarins. Á þeim tíma var mér tjáð af tónlistarstjórunum að mín samkynhneigð „gæti farið fyrir brjóstið á fólki innan safnaðarins, hneykslað einhverja“ og þess vegna gæti ekki af því orðið. […] Þetta hef ég bæði munnlegt og skriflegt,“ segir Friðrik í yfirlýsingunni.

Friðrik vísar því á bug að hann hafi komið fram með þetta mál sökum einhverrar athyglissýki. „Ég harma það mjög að samkynhneigð geti farið fyrir brjóstið á sumu fólki eins og tónlistarstjórar kirkjunnar tjáðu mér á sínum tíma. Ég túlka yfirlýsingu Hvítasunnukirkjunnar þannig að með henni hafi orðið viðhorfsbreyting gagnvart samkynhneigðum. Þetta er greinleg breyting miðað við reynslu mína af kirkjunni sem ég fagna,“ segir Friðrik.

freyrgigja@frettabladid.is



### SKIL EKKI HEGÐUN FRIÐRIKS

„Mér finnst ofboðslega dapurlegt hvernig **Friðrik** hefur komið fram í þessu máli og ég skil ekki hvað honum gengur til. Friðrik er frábær söngvari en hann passaði einfaldlega ekki inn í þetta prógramm,“ segir **Vörður Leví Traustason**, forstöðumaður Fíladelfíusafnaðarins við Hátún. Hann vísar því alfarið á bug að söfnuðurinn prediki fordóma gagnvart samkynhneigðum eins og hafi verið látið í veðri vaka í fjölmiðlum. Hann bendir jafnframt á þá staðreynd að samkynhneigðir hafi komið fram með gospelkórnum og bendir meðal annars á skrif ungs manns á Facebook sem kallar sig Höddi Svansson, hann sé samkynhneigður meðlimur Fíladelfíu og hafi sungið með kórnum en verði ekki með í ár þar sem hann sé í námi erlendis. „Ég er stoltur af að vera hvítasunnumaður, ég tilheyri kirkju, sem er sameinuð og kærleiksrík, ég á trúsystkini, vini og fjölskyldu sem elska mig og virða eins og ég er, en ekki eins og þau vilja að ég sé,“ skrifar Höddi. Vörður segir jafnframt að mikil viðhorfsbreyting hafi átt sér stað gagnvart samkynhneigðum innan safnaðarins undanfarin ár. „Umræðan hefur hins vegar verið mjög einhliða, okkur hafa verið lögð orð í munn og við dæmd fyrirfram.“



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Erlendir fjölmiðlar skiptast í tvo hópa gagnvart kvikmynd **Sigurjóns Sighvatssonar**, Brothers. Sumir telja hana meðal bestu mynda ársins á meðan öðrum þykir hún ekki ná að skapa sömu stemningu og forveri hennar sem er danska myndin Brödre eftir Susanne Bier. Ef marka má erlendar kvikmyndasíður eru þó fleiri jákvæðir en neikvæðir því samkvæmt imdb.com fær hún 7,8 í einkunn. Rotten Tomatoes er ekki alveg jafn jákvæð en síðan gefur henni 58 prósent af hundrað.



Björn Hlynur Haraldsson er einn af bestu leikurum þjóðarinnar en hann hefur jafnframt sýnt að hann kann að skrifa. Björn er nú með tvö kvikmyndahandrit í smíðum, annað er um Bæjarins verstu en hitt heitir Klara miðill. Unnusta Björns, **Rakel Garðarsdóttir**, er með honum í skrifunum ásamt sjálfum Sjón en kvikmyndin fjallar víst um spíritisma á fyrri hluta síðustu aldar.



**Lay Low** semur tónlistina við nýjustu kvikmynd Valdísar Óskarsdóttur. Hún hefur hingað til heitið Kóngavegur 7 en samkvæmt nýlegum lista yfir styrki úr kvikmyndasjóði Kvikmyndamiðstöðvar Íslands heitir hún nú bara Kóngavegur. Annars vekur það athygli á þeim lista að aðeins þrjár kvikmyndir fá vilyrði fyrir styrk; Mannerheim eftir Renny Harlin sem Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson eru með í að framleiða, Grafarþögn eftir Baltasar Kormák og Gauragangur Gunnars Björns Guðmundssonar.

- fgg

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 12.

1. Um 4,4 prósent.
2. 2,9 milljörðum króna.
3. Snigill.







# Vilja Georgsþema í bíó

„Við erum búnir að finna marga sem eru til í þetta,“ segir Arnar Freyr Sigurðsson, fjórtán ára. Hann og vinur hans Gísli Snær Guðmundsson skora á Sambíóin að gefa öllum frítt í bíó sem mæta í gervi Georgs Bjarnfreðarsonar þegar kvikmyndin Bjarnfreðarson verður frumsýnd 26. desember næstkomandi. Til að uppfylla skilyrðin þurfa viðkomandi að raka á sig skalla líkt og Georg er með í Vaktaseríunni vinsælu.

„Við erum miklir aðdáendur þáttanna. Við eigum þá alla á DVD og Georg er auðvitað uppáhaldskarakterinn okkar. Okkur datt þetta svo bara í hug af því að þetta hefur verið gert áður fyrir aðra kvikmyndir, svo sem Hitman og The Incredible Hulk,“ segir Arnar en báðir eru þeir Gísli í 9. bekk í Víðistaðaskóla.



**ÆTLA Í GERVI GEORGS** Þeir Arnar Freyr og Gísli Snær segjast báðir ætla að mæta í gervi Georgs Bjarnfreðarsonar taki Sambíóin áskorun þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í tengslum við áskorunina stofnuðu þeir félagar Facebook-hóp þar sem fjöldi fólks hefur skráð sig. „Það eru komnir yfir 200 manns á einum sólahring,“ segir Arnar. Aðspurður segir hann þá félaga að sjálfsögðu ætla að mæta í gervi Georgs taki Sambíóin áskoruninni. „Við ákváðum að við myndum báðir raka á okkur skalla og skilja eftir hár á hliðunum. Klæða okkur svo í einhverja skyrtu líkt og Georg myndi klæðast,“ segir hann.

Aðspurður segir Þorvaldur Árnason, framkvæmdastjóri Samfilm, hugmyndina skemmtilega. „Ég mun klárlega koma þessari hugmynd á framfæri við Sagafilm, framleiðanda myndarinnar, og þetta verður án efa rætt. Það kryddar tilveruna að menn séu tilbúnir að gera svona skemmtilega hluti,“ segir Þorvaldur.

- ag

# Konur! Konur! Konur!

# LAGERSALA

## Undirföt
## Náttföt
## Sundföt



***LEPEL*** **undirföt – 50%**
***INTIMATE*** **undirföt – 75%**
***LEJABY*** **undirföt – 50%**
***CERES*** **náttfatnaður – 80%**
***LEPEL*** **sundföt – 50%**
***PANACHE*** **sundföt – 50%**
***BRANDTEK*** **kvenfatnaður – 90%**



Náttföt (barna)
1.500 kr.

**NÝ SENDING!**
**VESKI OG TÖSKUR**





**MERKJAVÖRUR FYRIR MINNA 60-80% AFSL.**



# DKCompany

**Nýjar vörur á gömlu verði**
**beint frá Danmörku í hverri viku**

**GALLABUXUR STRETCH**
**4.900 KR.**

**Úrval af fylgihlutum:**
Hálsmen, armbönd, hringar, eyrnalokkar, hárskraut...

**SÓLGLERAUGU: 900 KR.**
**BELTI FRÁ 500 KR.**

Opið virka daga 12-18,
laugardaga 10-17 og helgar 13-17

LAGERSALAN EHF. S. 662 4499
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vodafone
Frábær jólatilboð
Með Fréttablaðinu í dag fylgir spennandi tilboðsbæklingur.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Opinn hugbúnaður

Opinn og frjáls hugbúnaður var ræddur á Alþingi í gær þegar fram kom svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um kostnað ríkisins vegna kaupa á hugbúnaði og við hugbúnaðargerð síðustu ár. Í gegnum tíðina hafa stofnanir ríkisins reglulega velt þessum hlutum fyrir sér, til dæmis Ríkisskattstjóri og undirstofnanir dómsmálaráðuneytisins árið 2003. Í haust birti Ríkisskattstjóri svo úttekt á OpenOffice.org skrifstofuvöndlinum. Niðurstaðan var að flestir gætu notað hann við flest sömu verkefni og vöndul Microsoft, en breyta þyrfti helstu kerfum öðrum sem skatturinn notaði. Þar væri kostnaður óljós. Herma fregnir að viðskipti skattsins við Microsoft hafi í kjölfarið fremur aukist en hitt.



### Meira drama

Tökur standa nú yfir á annarri seríu lögfræðidramans Réttar og munu standa fram yfir áramót. Nú er keyrt á meiri drama en áður og kemur stór leikarahópur að þáttunum. Ef fólk verður vart við óróa á Austurvelli í janúar er Búsáhaldabyltingin líklega ekki byrjuð aftur heldur er bara verið að taka atriði í Rétti, sem byggja á minnum úr atburðunum í byrjun árs. Leikstjóri Réttar er Sævar Guðmundsson og má búast við að Magnús Jónsson og hin lögfræðibuffin birtist sjónvarpsáhorfendum í mars.



- fgg

## Mest lesið VISIR.IS



1. Maður hafnaði í sjónum í Hvammsvík
2. Ljóshærð kona í sjúkrabíl frá heimili Tigers
3. Kaupþing tók 1998 yfir á leynifundi
4. Ögmundur og Lilja leggjast gegn ríkisábyrgð á Icesave láninu
5. Styr vegna McDonald's á leikunum 2012





